


**VIÐAR PÁLSSON**

*Með bækurnar upp um alla veggi*

heimili græjur

**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**




**FASTEIGNIR**

*Nýuppgert íbúðahótel í Hafnarfirði til sölu*

Sérblað um fasteignir

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**

**BUBBI MORTHENS**

*Hálfnaður með áheyrnarprufur*

Fólk á barmi taugaáfalls þegar Bubbi bankar upp á

**FÓLK 30**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. október 2007 — 287. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR

### Ný dönsk mistök



Björn Jörundur fagnar 20 ára afmæli sveitarinnar en segir nafn hennar hið versta allra tíma.

FÓLK 30

### Áfengið og aðgengið

„Umræða um áfengi er því marki brennd hér á landi að endurspegla gamla ósiði í umgengni við þetta efni – gamla sorg,“ skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 14

### Stjörnustríð í réttarsölum

Paul McCartney og Heather Mills eru ekki þau einu sem takast á í réttarsal.



FÓLK 20

### Margét Lára kosin best



Margrét Lára Viðarsdóttir var kosin besti leikmaður sumarsins af fimm af níu þjálfurum

## VEÐRIÐ Í DAG




**STORMUR SÍÐDEGIS** - Hæg sunnanátt í fyrstu en þróast smám saman í suðaustan hvassviðri eða storm víða um land síðdegis og í kvöld. Rigning sunnan og vestan til en úrkomulítið norðaustan og austan til. Hlýnandi veður.

VEÐUR 4




# Læknir grunaður um að falsa 283 reikninga

**Tryggingastofnun ríkisins hefur kært svæfingalækni til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra. Stofnunin segir lækninn hafa skilað inn 283 meintum fölsuðum reikningum á tveggja ára tímabili og hagnast um milljónir króna.**

**LÖGREGLUMÁL** Tryggingastofnun ríkisins (TR) hefur kært svæfingalækni til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra fyrir meintar rangar reikningsfærslur. TR telur að svæfingalæknirinn hafi ofkrafið stofnunina vegna 283 svæfinga á börnum og þroskaheftum einstaklingum sem hann annaðist vegna aðgerða tannlæknis á árunum 2005 og 2006.

TR telur að svæfingalæknirinn hafi hagnast um allt að tólf milljónir króna með því að skrá rangar upplýsingar á reikninga til stofnunarinnar auk þess sem notendur hafi einnig greitt margfalda rétta upphæð fyrir aðgerðirnar. Kæra TR snýr að því að verulegt ósamræmi sé milli þess svæfingatíma sem læknirinn skráði í sjúkraskrár og þess tíma sem læknirinn rukkar TR fyrir.

Læknirinn hefur svæft hjá tannlæknum í fjögur ár, en reikningar frá svæfingalækninum breyttust með afgerandi hætti í ársbyrjun 2005 að mati TR. Tímalengd svæfinga telur TR mjög óeðlilega og sker sig verulega úr í samanburði við aðra svæfingalækna. Frávik nema allt að mörg hundruð prósentum og dæmi eru um að læknirinn hafi rukkað fyrir allt að 28 klukkustunda vinnu á einum sólarhring. Byggir kæra TR á 166 læknisverkum árið 2005 og 117 á árinu 2006. Þá telur TR að læknirinn hafi einnig rukkað stofnunina fyrir aðgerðir án þess að fyrir lægju upplýsingar um að þær hafi nokkurn tímann verið gerðar.

TR sagði upp samningi við svæfingalækninn í júlí síðastliðnum vegna þessara meintu brota. Læknirinn höfðaði mál vegna þessa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að TR hafi ekki gætt að meðalhófsreglu stjórnsýslulaga við einhliða uppsögn samningsins og var uppsögnin því dæmd ógild. TR mun áfrýja dómi héraðsdóms til Hæstaréttar. **- shá**



**ATKVÆÐI GREIDD** Um 450 Pólverjar greiddu atkvæði í pólsku þingkosningunum í Alþjóðahúsinu við Hverfisgötu í gær. Stanislaw Bartoszek, varaformaður kjörstjórnar, var ánægður með þátttökuna. **Sjá síðu 6**

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Bresk samtök standa að fuglamerkingum með gervihnattasendum á Íslandi:

# Guðjohnsen náðist í varpstöð

**UMHVERFISMÁL** Bresku samtökin WWT (Wildfowl and Wetlands Trust) merktu í sumar nokkrar álftir með gervihnattasendum til að fylgjast nákvæmlega með ferðum þeirra frá varpstöðvum á Íslandi til vetrarstöðva á Írlandi og Bretlandi.

Ólafur Einarsson fuglafræðingur hefur starfað með WWT undanfarin ár og segir sendana gefa áhugaverðar upplýsingar um fuglana. „Við höfum fylgst með álft sem var aðeins tólf tíma frá varpstöðvum á hálendinu til Írlands.“ Eitt markmið með merkingunum er að skrásetja flughæð álftanna. „Það verður gaman að fá staðfest hversu hátt þær fljúga því flugstjórar á farþegaþotum hafa séð álftir í um átta kílómetra hæð. Frostið í þeirri hæð nær allt niður í 50 gráður,“ segir Ólafur.

Ólafur hefur starfað með WWT frá árinu 1989 og merkingarnar hafa vakið verðskuldaða athygli. Í sumar var sjónvarpsstöðin BBC til dæmis hér á landi við tökur á heimildarmynd um merkingarnar.

Sjö álftir hafa verið merktar með gervihnattasendum og hafa verið nefndar til aðgreiningar; ein þeirra er kölluð Guðjohnsen og önnur Blíðfinnur. Með nýjustu tækni má sjá að þær tvær eru enn á varpstöðvum sínum á Mývatnsheiði. **- shá**








**NÚMER 5000** Patrik Freyr Guðmundsson fékk góðar gjafir frá Elmari Blæ Arnarssyni og Sólrúnu Svövu Kjartansdóttur en þau leika ömmu og afa í Óvitum.

MYND/HEIÐA.IS

Stutt í aðsóknarmet nyrðra:

## Fimm þúsund hafa séð Óvita

**MENNING** „Sýningin hefur farið afskaplega vel af stað og við erum ánægð og glöð,“ sagði Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri á Akureyri, í samtali við Fréttablaðið í gær. Þá kom fimm þúsundasti gesturinn, Patrik Freyr Guðmundsson, á uppsetningu Leikfélags Akureyrar á Óvitum Guðrúnar Helgadóttur.

Óvitar hafa verið á fjölunum í mánuð og uppselt hefur verið á allar sýningar. Þegar hafa verið seldir fjögur þúsund miðar til viðbótar og aðeins örfá sæti eru laus á sýningarnar í nóvember. **- þo**

Kunni ekki skil á kínversku:

## Talin illmenni vegna húðflúrs

**BRETLAND Charlene Williams, unglingsstúlka í Bretlandi vaknaði upp við vondan draum á dögunum þegar gömul kínversk kona benti á hana og öskraði fullum hálsi að hún væri illmenni. Ástæðan var að húðflúr á baki hennar þýddi „vinur frá helvíti“, en ekki „elsku mamma“, eins og hún hafði haldið árum saman.**

**Charlene er alveg eyðilögð en faðir hennar hafði lengi strítt henni á því að húðflúrið þýddi „kjúklingur chow mein“, sem er frægur kínverskur réttur.**

**Í ljós hefur komið að sá sem húðflúraði stúlkuna vissi ekki að kínversk tákn breyta um merkingu þegar þau er samsett. - shá**

Úrslit ráðin í Formúlu 1:

## Räikkönen heimsmeistari

**ÍÞRÓTTIR** Finninn Kimi Räikkönen, hjá Ferrari, varð heimsmeistari í Formúlu 1 er hann sigraði í kappakstrinum á Interlagos-brautinni í Brasilíu í gær. Fyrirfram var búist við því að Bretinn Lewis Hamilton, hjá McLaren, myndi verða heimsmeistari og var hann með bestu stöðuna áður en keppni hófst og raunar stóð Spánverjinn Fernando Alonso, hjá McLaren, einnig betur að vígi en Räikkönen. En þetta reyndist vera dagur Räikkönens og Ferrari því félagi hans, Felipe Massa, lenti í öðru sæti í gær.



**KIMI RAIKKÖNEN**

**- óþ /** **sjá síðu 24**

SPURNING DAGSINS



*Páll Óskar, hyggur þú á frekara nám?*

Nei, það er óþarft. Líf mitt er töfrum líkast.

J.K. Rowling, höfundur bókanna um Harry Potter, hefur tilkynnt að skólastjórinn, Albus Dumbledore, sé samkynhneigður.

Lyfjafyrirtækið Glaxo Smith Kline þróar bóluefni sem reynist virkt og öruggt:

# Nýtt lyf gegn leghálskrabba

**HEILBRIGÐISMÁL** Lyfjafyrirtækið Glaxo Smith Kline hefur þróað bóluefni til varnar leghálskrabbameini en slíkt hefur ekki verið gert áður. Bóluefnið verður aðgengilegt á Íslandi um næstu mánaðamót.

Sigríður Jakobínudóttir, hjúkrunarfræðingur og sviðsstjóri hjá Glaxo Smith Kline á Íslandi, segir að allar prófanir á bóluefninu, sem heitir Cervarix, hafi komið afar vel út; virkni þess hafi reynst góð og það sé öruggt. „Bóluefninu er ætlað að verja konur gegn ákveðinni tegund veiru sem veldur leghálskrabbameini. Þeir sem starfa við forvarnir og lýðheilsu telja þetta stórt skref því þetta er nýjung í krabbameinsforvörnum að verja konur gegn þessu krabbameini. Það eitt og sér er mjög merkilegt.“

Sigríður segir bóluefnið hugsað sem viðbót við skipulagða krabbameinsleit sem hefur verið við lýði á Íslandi um árabil. „Á Íslandi og í Skandinavíu höfum við staðið mjög framarlega vegna þess að við höfum öflugt kerfi til að finna þetta mein á frumstigi. Bólusetning myndi bætast við og allir eru sammála um að krabbameinsleit heldur áfram en þetta verður öflug viðbót.“

Leghálskrabbamein herjar oft á ungar konur og undanfarin fimm ár hafa að meðaltali sautján konur á ári greinst með leghálskrabbamein . - shá



**UNGLINGSSTÚLKUR** Það er talið best að ungar stúlkur séu bólusettar áður en þær byrja að stunda kynlíf. Rannsóknir benda til að það skili mestum árangri.

Dalai Lama hittir sálfræðinga:

## Búddismi gegn þunglyndi

**ATLANTA , AP** Dalai Lama hitti nokkra af helstu geðlækningasérfræðingum Bandaríkjanna á laugardag til að ræða um hvernig ástundun búddisma getur haft jákvæð áhrif á þá sem þjást af þunglyndi.

Sérfræðingarnir halda því fram að hugleiðsla og aðrar hefðir búddista geti hjálpað þunglyndissjúklingum til að ná bata ef þeim er beitt samhliða annarri meðferð. Dalai Lama bar mikið lof á rannsóknir sérfræðinganna og sagðist fagna því að þær geti átt stóran þátt í því að fyrirbyggja þunglyndi og vanlíðan meðal almennings. - vþ

Ísland í forsæti Alþjóðabankans:

## Nýr bankastjóri til Íslands

**UTANRÍKISMÁL Fyrir liggur að nýr bankastjóri Alþjóðabankans, Robert Zoellick, komi til Reykjavíkur snemma á næsta ári til fundar um málefni bankans.**

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra tók þátt í fundi þróunarnefndar Alþjóðabankans í höfuðstöðvum bankans í Washington um helgina fyrir hönd Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Ísland er í forsæti fyrir ríkin næstu tvö árin.** - eb



**SAMGÖNGUR Í LAG** Parísarbúar streyma í neðanjarðarlest í París um miðjan dag í gær.

Frekari verkföll hugsanleg:

## Samgöngur í Frakklandi í lag

**PARÍS, AP** Lestarsamgöngur í Frakklandi voru að mestu komnar í samt lag í gær eftir að umfangsmestu verkföll í Frakklandi í tólf ár lömuðu samgöngur á fimmtudag og föstudag.

Boðað var til verkfallanna til að mótmæla tilraunum Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta til að skera niður eftirlaunaréttindi starfsfólks sem hefur rétt til að fara fyrr á eftirlaun heldur en flestir launþegar í Frakklandi.

Búist er við því að leiðtogar verkalýðsfélaga í samgöngugeiranum fundi snemma í þessari viku til að ræða möguleika á frekari mótmælum. - sdg

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Sleginn í andlitið

Maður var sleginn í andlitið fyrir utan veitingastað í Keflavík aðfaranótt sunnudagsins. Lögreglan hafði uppi á árásarmanninum en áverkar hins slasaða voru ekki verulegir.

### Sinnti ekki stöðvunarmerkjum

Ökumaður var stöðvaður á Hafnargötu í Keflavík grunaður um ölvun við akstur aðfaranótt sunnudags. Ökumaðurinn, sem ók rólega, gerði sig ekki líklegan til að stöðva og nam ekki staðar fyrr en lögreglubifreið hafði verið ekið í veg fyrir hann.

# Árangur í smitvörn á heimsmælikvarða

**Íslenskar stofnanir miðla af reynslu sinni af baráttu gegn kamfýlóbakteríusýkingum. Árangurinn sem náðst hefur í að takmarka smit er á heimsmælikvarða.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Sýkingar af völdum kamfýlóbakter eru í flestum löndum orðnar tíðari heldur en sýkingar af völdum salmónellu. Á Íslandi hefur náðst afar góður árangur í smitvörnum í fuglaeldi.

Franklín Georgsson, sviðsstjóri hjá Matís, rannsakar áhrif framleiðslutækni á áhættu á kamfýlóbakter-sýkingum í samvinnu við nokkur önnur Evrópuríki. Hann segir smithættuna hafa með eldi fuglanna að gera.

„Fuglar eru aldir upp þétt saman og slátrunin fer þannig fram að erfitt er að koma í veg fyrir smit frá meltingarvegi fuglanna. Slátrunin er mjög vélvædd, fuglarnir eru affiðraðir og verða fyrir ýmsu hnjaski.“

Safnað verður saman umfangsmiklum gögnum frá Matís, Landspítalanum og Landbúnaðarstofnun.

„Það sem gerðist á Íslandi var að neysla á kjúklingi breyttist mjög mikið á skömmum tíma. Neyslan hefur aukist mikið frá árinu 1996, eftir að leyfilegt varð að selja ferskan kjúkling en áður fyrr var aðeins leyft að selja frosinn kjúkling í verslunum.“



**ÁHRIFARÍKAR AÐFERÐIR** Mengun á alifuglabúum hefur minnkað mjög á undanförnum árum.

Samhliða aukinni neyslu á kjúklingi jukust kamfýlóbakter-sýkingar í fólki og líktist aukningin nánast faraldri. „Kamfýlóbakter finnst oft í alifuglum og gáfu menn sér að rekja mætti meirihluta sýkinganna til neyslu á kjúklingakjöti.“

Eftirlitsaðilar heilbrigðisyfirvalda og kjúklingaiðnaðarins tóku í kjölfarið höndum saman til að draga úr mengun í framleiðslu. Tekið var til við að frysta kjúklinga ef kamfýlóbakter fannst á búum. Forvarnir á búum voru bættar og farið var í fræðsluherferð gagnvart neytendum sem leiddi til mjög mikils árangurs á einu ári.

Árið 1999 greindust 326 innlend tilfelli kamfýlóbakter-sýkinga í mönnum en ári síðar aðeins 92 tilfelli og síðustu tölur sýklafræðideildar Landspítalans frá árinu 2006 sýna 36 tilfelli.

Mengun á alifuglabúum hefur einnig minnkað mjög á undanförnum árum.

„Árangurinn sem náðst hefur við að takmarka smit hér á landi er á heimsmælikvarða og hafa til dæmis Norðmenn tekið upp svipað kerfi. Niðurstöðurnar skipta miklu máli í því að tryggja íslenskar vörur í sessi.“ eva@frettabladid.is

**STAÐFEST KAMFÝLÓBAKTER-SÝKING Í MÖNNUM Á ÍSLANDI 1990-2006 - EFTIR UPPRUNA SMITS**






**ATKVÆÐI GREIDD** Sósíaldemókrataflokkurinn einbeitti sér að því að hafna harðri stefnu Þjóðarflokksins í innflytjendamálum. NORDICPHOTOS/AFP

Vilji svissneskra kjósenda:

## Harðar tekið á innflytjendum

**SVISS, AP** Útlit var fyrir að stærsti stjórnmálaflokkurinn í Sviss, Svissneski þjóðarflokurinn, myndi bæta við sig sex þingsætum samkvæmt spám um niðurstöður svissnesku þingkosninganna sem fóru fram í gær. Flokkurinn hefur talað fyrir hertum aðgerðum í málefnum innflytjenda og meðal annars lagt til að heilu fjölskyldunum verði vísað úr landi gerist einn fjölskyldumeðlimur brotlegur við lög.

Næststærsti flokkur landsins, Sósíaldemókrataflokkurinn, fer verst út úr kosningunum samkvæmt spám og tapar níu þingsætum. - sdg

Haldið var upp á afmæli Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði í gær:

# Afmælisbörnin blómstra

**MENNING** Það var mikið um dýrðir í Fjölbrautaskóla Garðabæjar í gær en þar var haldið upp á fimmtíu ára afmæli dvalarheimilisins Hrafnistu í Reykjavík og 30 ára afmæli Hrafnistu í Hafnarfirði. Íbúar Hrafnistu og aðrir velunnarar tóku þátt í dagskránni sem var að vonum fjölbreytt. Vistmenn heimilanna sungu og léku á hljóðfæri, lásu ljóð og brugðu sér í leikfimiæfingar. Þá kom kór Hrafnistu í Hafnarfirði fram og söng nokkur lög undir stjórn Böðvars Magnússonar.

Eins og í öllum góðum afmælisveislum var boðið upp á kaffi og meðlæti auk þess sem sýndir voru munir og handverk af vinnustofum heimilanna. - þo



**KÍNVERSK LEIKFIMI** Lovísa Einarsdóttir stjórnaði grunnæfingum í kínverskri leikfimi en íbúar á Hrafnistu önnuðust sjálfir fjölbreytt skemmtiatriði á afmælisfagnaðinum.

Héðinsfjarðargöng lengjast:

## Búið að sprengja tæpan helming

**SAMGÖNGUMÁL** Samanlögð lengd Héðinsfjarðarganga er nú orðin um 4.429 metrar sem er 41,9 prósent af heildarlengd. Í síðustu viku voru frá Siglufirði sprengdir um fimmtán metrar, en mestan hluta vikunnar var unnið við bergþéttingar. Lengd ganganna þeim megin frá er nú um 2.617 metrar. Ólafsfjarðarmegin var unnið við endanlegar bergstyrkingar og er lengd ganga þeim megin um 1.812 metrar.

Jarðgöngin verða tvíbreið, um 3,7 kílómetra löng milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar og um 6,9 kílómetra löng milli Héðinsfjarðar og Ólafsfjarðar. Heildarlengd ganganna verður ríflega ellefu kílómetrar. - shá

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Pilturinn enn á gjörgæslu

Pilturinn sem ekið var á á Hverfisgötu á laugardagskvöld liggur enn þungt haldinn á gjörgæsludeild Landspítalans. Hann hlaut alvarlega áverka og var haldið sofandi í öndunarvél þangað til síðdegis í gær.

# ÚTSALA

## með gjafakorti í Smáralind




**dagana 22. til 27. október**

Nú er tvöfaldur ávinningur af því að versla notaðan bíl á útsölu hjá Bílalandi B&L.
Með hverjum útsölubíl fylgir gjafakort í Smáralind.
Bílar yfir 1 milljón = 100.000 kr. gjafakort
Bílar undir 1 milljón = 50.000 kr. gjafakort

**Útsalan er einnig hjá umboðsmönnum B&L á Selfossi, Akranesi, Keflavík, Akureyri og Egilsstöðum.**

**Engin útborgun og 100% lán í allt að 84 mánuði.**
**Nokkur dæmi um bíla á útsölu, gott úrval á staðnum:**

**Útsöluverð kr. 990 þús.**
Verð áður kr. 1.370 þús.



BMW 318, 2000 - Ek. 147 þús.

**Útsöluverð kr. 1.890 þús.**
Verð áður kr.2.430 þús.



Hyundai Terracan, 2003 - Ek. 116 þús.

**Útsöluverð kr. 1.730 þús.**
Verð áður kr. 2.090 þús.



Hyundai Tucson, 2004 - Ek. 75 þús.

**Útsöluverð kr. 1.980 þús.**
Verð áður kr. 2.350 þús.



Renault Megane ST, 2006 - Ek. 21 þús.

**Útsöluverð kr. 1.300 þús.**
Verð áður kr. 1.590 þús.



Renault Clio, 2006 - Ek. 20 þús.

**Útsöluverð kr. 1.080 þús.**
Verð áður kr. 1.360 þús.



Land Rover Freelander, 2001 - Ek. 75 þús.

**Útsöluverð kr. 1.430 þús.**
Verð áður kr. 1.780 þús.



Hyundai Trajet, 2004 - Ek. 42 þús.

**Útsöluverð kr. 580 þús.**
Verð áður kr. 820 þús.



Remault Laguna, 2000 - Ek. 137 þús.

**Útsöluverð kr. 2.150 þús.**
Verð áður kr. 2.700 þús.



Hyundai SantaFe, 2006 - Ek. 33 þús.

**Útsöluverð kr. 950 þús.**
Verð áður kr. 1.310 þús.



Hyundai Sonata, 2003 - Ek. 93 þús.

**Útsöluverð kr. 1.480 þús.**
Verð áður kr. 1.820 þús.



Renault Megane, 2005 - Ek. 39 þús.

bílaland B&L
notaðir bílar

**bilaland.is**
**Grjóthálsi 1 - 575 1200**

Opið frá kl. 9 til 18
og á laugardaginn frá kl. 12 til 16.

**bílaland.is**

## GENGIÐ 19.10.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 59,69 | 59,97 |
| Sterlingspund | 122,24 | 122,84 |
| Evra | 85,21 | 85,69 |
| Dönsk króna | 11,43 | 11,496 |
| Norsk króna | 11,111 | 11,177 |
| Sænsk króna | 9,293 | 9,347 |
| Japanskt jen | 0,5161 | 0,5191 |
| SDR | 93,16 | 93,72 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

114,3106

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Alls konar hamfarir voru sviðsettar í landsæfingu björgunarsveita:

# Gerir góðan hóp enn betri

**BJÖRGUNARSTARF** „Æfing af þessu tagi er ómetanleg fyrir starfsemi björgunarsveitanna," segir Ingvar Guðmundsson, formaður Björgunarfélags Árborgar og æfingastjóri Landsæfingar björgunarsveita sem fram fór á Suðurlandi á laugardag.

Á þriðja hundrað manns frá meira en tuttugu björgunarsveitum tóku þátt í æfingunni sem var afar umfangsmikil. Flugslys var sviðsett á Skógasandi, leitað var að týndri flugvél í Bakkafjöru, maður féll þegar hann hugðist klífa dranginn Ingimund og annar týndist í sprungu á Sólheimajökli, svo fátt eitt sé nefnt.

Ingvar segir að æfingin hafi gengið vel og það sé góð reynsla fyrir sveitinar að læra að vinna saman. „Þetta gerir góðan hóp enn betri," segir Ingvar. **- þo**



**FLUGSLYS Á SKÓGASANDI** 170 björgunarsveitarmenn tóku þátt í æfingunni, 50 til 60 til viðbótar léku sjúklinga og 20 til 30 manns sinntu skipulagningu og samhæfingu. MYND/LANDSBJÖRG

Faðir lét lýsa eftir dóttur sinni:

## Móðirin faldi líkið á háalofti

**BANDARÍKIN, AP** **Lík ellefu mánaða gamallar stúlku fannst uppi á háalofti í húsi í Norður-Karólínuríki í Bandaríkjunum á laugardaginn.**

**Lýst var eftir stúlkunni eftir að faðir hennar sneri heim frá Írak þar sem hann sinnti herskyldu. Móðir stúlkunnar viðurkenndi að hafa komið líkinu fyrir á háaloftinu eftir að hún kom að stúlkunni látinni í vöggu sinni. Stúlkan hafði verið látin í nokkrar vikur þegar hún fannst að sögn lögregluyfirvalda á staðnum.**

**Krufning mun fara fram þar sem skorið verður úr um dánarorsök.** **- sdg**



**SKÚTAN Á FÁSKRÚÐSFIRÐI** Mennirnir voru handteknir 20. september en lögregla hafði verið á slóð þeirra lengi.

Fíkniefnamálið á Fáskrúðsfirði:

## Hleruðu síma smyglaranna

**LÖGREGLUMÁL** Símar mannanna fimm sem handteknir voru í Reykjavík og á Fáskrúðsfirði 20. september síðastliðinn vegna smygls, höfðu verið hleraðir í upp undir tíu mánuði.

Lögregla hafði verið á slóð mannanna um nokkurt skeið og í desember á síðasta ári var óskað eftir heimild til að hlera síma Einars Jökuls Einarssonar sem handtekinn var í Reykjavík og er talinn vera einn höfuðpauranna í málinu. Í mars var síðan óskað eftir að símanúmer Bjarna Hrafnkelssonar, sem einnig var handtekinn í Reykjavík, yrði hlerað.

Þá voru símar mannanna þriggja, sem handteknir voru á Fáskrúðsfirði þegar skútan kom að landi, hleraðir frá því í byrjun september. **- þo**

### LEIÐRÉTTING

Vilhjálmur Einarsson íþróttakappi var ranglega sagður „heitinn" í blaðinu í gær. Vilhjálmur er beðinn afsökunar á þessum mistökum.

Þá var ranghermt að fyrrverandi meindýraeyðir hefði verið dæmdur fyrir brot á vopnalögum. Hinn dæmdi er starfandi meindýraeyðir.

# Leggja lokahönd á viðræðuáætlanir

**Starfsgreinasambandið, SGS, og Flóabandalagið eru lengst komin í vinnu fyrir komandi kjarasamninga um áramótin. Viðræðuáætlanir eru á lokastigi hjá öðrum. Áhersla er á hækkun lægstu launa. „Samhljómur," segir formaður SGS.**

**VINNUMARKAÐUR** Viðræðuáætlun milli Starfsgreinasambandsins, Flóabandalagsins og Samtaka atvinnulífsins, SA, hefur þegar verið undirrituð og er því vinnan fyrir komandi kjarasamninga lengst komin í þessum samböndum. Framkvæmdastjóri SA fer yfir stöðuna með formönnum allra landssambandanna á fundum í vikunni en stefnt er að því að ljúka gerð viðræðuáætlana í næstu viku.

Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, hefur boðað til formannafundar á fimmtudaginn þar sem farið verður yfir inntakið að kröfugerðinni sem síðan verður ekki kynnt atvinnurekendum fyrr en í nóvember. „Það er þungur og harður tónn í okkar fólki. Fólk krefst sem mestra krónutöluhækkana fyrir þá sem lægstu launin hafa," segir hann og telur mikinn samhljóm í landssamböndunum. „Ég vona að sá tónn verði ekki holur að innan og innantómur þegar til kastanna kemur."



**SAMHLJÓMUR MEÐAL LANDSSAMBANDANNA** Víða er verið að leggja lokahönd á viðræðuáætlanir landssambandanna. Starfsgreinasambandið og Flóabandalagið hafa þegar undirritað viðræðuáætlun og VR, Samiðn og rafiðnaðarmenn gera það væntanlega á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kristján bendir á að verkafólkið sé látið bera ábyrgð á stöðugleikanum og sættast á lága kauphækkun. „Við viljum hækka skattleysismörkin og sjá lagfæringar á barnabótum, húsnæðisbótum og vaxtabótum."

Hjá Samiðn verður meðal annars áhersla á starfsréttindamál, að laga samninga að menntakerfinu í Evrópu og bæta inn nýjum þrepum fyrir starfsmenn með öðruvísi menntun.

Áætlunin gerir ráð fyrir því að viðræðum ljúki í desember og yrði það í fyrsta sinn sem viðræðum lyki áður en kjarasamningar rynnu út. „Það kæmi mér á óvart ef við næðum því. Þetta verða snúnar og vandasamar viðræður en þó hefur kveðið við nýjan tón hjá atvinnurekendum, það er öðruvísi nálgun af þeirra hálfu. Núverandi framkvæmdastjóri nálgast málin öðruvísi og miklu hraðar."

„Við erum að byrja að tala saman fyrir alvöru og tala okkur inn í þetta verkefni," segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, og svarar engu um hækkun lágmarkslauna í 170-180 þúsund. „Það er hugur í mörgum en það hefur verið sameiginleg sýn að semja á grundvelli stöðugleikans. Við leggjum höfuðáherslu á að nota svigrúmið fyrir þá sem hafa setið eftir í launaþróun. Ef við náum sameiginlegri sýn þá verður þetta miklu léttara," segir hann.

**ghs@frettabladid.is**

### HVER ER STAÐAN?

Starfsgreinasamband Íslands og Flóabandalagið hafa undirritað viðræðuáætlun við Samtök atvinnulífsins, SA.

Landssamband verslunarmanna, Samiðn og Rafiðnaðarsambandið hitta fulltrúa SA í vikunni og koma sér þá væntanlega saman um viðræðuáætlun. Sama gildir um Matís og VM. Sjómannasambandið er skemmst á veg komið enda renna samningar sjómanna út síðar á næsta ári.

Stjórnmálamenn í Írak:

## Heimsóknir í fangelsi ekki lengur leyfðar

**BAGDAD, AP** Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, hyggst taka fyrir opinberar heimsóknir stjórnmálamanna í fangelsi landsins. Þykir þetta til marks um að al-Maliki, sem er sjíi, sé að ná sér niðri á varaforseta landsins, súnníanum Tariq al-Hashemi.

Al-Hashemi hefur undanfarið ferðast um fangelsi landsins og hafa fjölmiðlar fylgt honum fast eftir og óspart sýnt hörmulegar aðstæður sem fangar búa við.

Forsætisráðherrann segir ósiðlegt að nýta sér neyð fanga í pólitískum tilgangi. **- vþ**

Ölvaður ökumaður í Keflavík:

## Ökuníðingi veitt eftirför

**LÖGREGLUMÁL** **Ökumaður sem grunaður er um ölvun við akstur var handtekinn í Keflavík í gærmorgun eftir að lögregla hafði veitt honum eftirför nokkra stund.**

**Lögregla reyndi fyrst að stöðva manninn við gatnamót Hringbrautar og Skólavegs en hann sinnti ekki stöðvunarmerkjum og ók áfram á mikilli ferð. Lögregla veitti manninum eftirför nokkurn spöl og það var ekki fyrr en bifreiðin bilaði sem hann nam staðar. Tveir menn voru í bílnum og var sá sem ók fluttur á lögreglustöð.** **- þo**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Minniháttar bruni í verbúð**

Eldur kom upp í verbúð á Langeyri við Súðavík um miðjan dag í gær. Enginn var í verbúðinni þegar eldurinn kviknaði og greiðlega gekk að slökkva hann. Eldurinn kom upp í ruslafötu í eldhúsi og þar urðu minniháttar skemmdir vegna reyks og vatns.




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VONSKUVEÐUR SÍÐDEGIS**

Smám saman í dag fer veður versnandi. Síðdegis eru horfur á stormi á öllum vesturhelmingi landsins og á hálendinu. Í kvöld verður síðan víða hvassviðri eða stormur á austurhluta landsins. Þá fer að að lægja vestan til. Sunnanáttinni fylgja hlýindi.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Vaxandi suðaustanátt. Hæg með morgninum en síðdegis verður komið hvassviðri og jafnvel stormur. Lítilsháttar væta í fyrstu en mikil rigning síðdegis. Hiti 3-10 stig mildast síðdegis.

*um hádegi »*




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 10°C heiðskírt | London | 14°C léttskýjað | Friedrichshafen | 5°C skúrir |
| Billund | 10°C hálfskýjað | París | 11°C léttskýjað | Lúxemborg | 9°C heiðskírt |
| Osló | 9°C léttskýjað | Amsterdam | 10°C léttskýjað | Alicante | 24°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 10°C léttskýjað | Frankfurt | 9°C léttskýjað | Róm | 16°C skúrir |
| Gautaborg | 11°C léttskýjað | Berlín | 9°C alskýjað | Las Palmas | 28°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


ÁNÆGJULEGUR AKSTUR
RÍKULEGUR BÚNAÐUR
AFBURÐA EIGINLEIKAR
SUZUKI
Way of Life!
Komdu í reynsluakstur
upplifunin verður ánægjuleg.
GRAND VITARA
SJÁLFSKIPTUR
GRAND VITARA
SPORT
Verð 2.990 þús.
SUZUKI
Skeifunni 17. Sími 568 5100.
Kíktu á suzukibilar.is

## KJÖRKASSINN



*Tekur þú slátur?*

| | |
|---|---|
| Já | 18% |
| Nei | 82% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga prestar þjóðkirkjunnar að fá heimild til að staðfesta samvist?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Barði Önundarson komst kaldur og þrekaður á land eftir að bát hvolfdi:

# Skiptir mestu að allir komust af

**SLYS** „Þetta var bara ógeðslega kalt,“ segir Barði Önundarson, verktaki á Ísafirði, sem bjargaðist úr Selvatni í Mjóafirði við Ísafjarðardjúp eftir að skemmtibát hans hvolfdi. Þrjár konur sem voru í bátnum komust í land af sjálfsdáðum, þeirra á meðal var eignkona Barða.

„Báturinn fékk öldu undir sig að aftan sem varð til þess að hann tók vatn inn á sig að framan og honum hvolfdi.

Barði hélt sér í bátinn, sem sökk ekki, en þar sem hann var í þykkum galla undir björgunarvestinu varð hann þungur á sér þegar hann blotnaði. Að lokum sleppti hann þó takinu og synti baksund í land.

„Þegar ég kom í land var ég alveg svakalega kaldur og gat ekki staðið upp.“

Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð á staðinn ásamt björgunarsveitum frá öllum Vestfjörðum. Farið var með Barða á sjúkrahúsið á Ísafirði þar sem hann var lagður undir hitateppi.

„Ég var bara hitaður upp og þjónustaður. Maður fær nánast allt sem maður vill. Ég fékk sýklalyf við lungnabólgu en það er víst alltaf gert þegar fólk gleypir mikið vatn.“Barði segist ætla fljótlega aftur út á bátnum.

„Ég er fjallhress núna. Það sem skiptir mestu máli er að allir komust af og allir komust af.“ **- eb**



**SLAPP MEÐ SKREKKINN** Barði segir alla mjög skelkaða en mestu máli skipti að allir hafi sloppið ómeiddir.

Stúdentar á Akureyri álykta:

# Hluti námsláns verði styrkur

**MENNTUN** Félag stúdenta við háskólann á Akureyri lýsir yfir stuðningi við frumvarp Framsóknarflokksins til laga um breytingu á lögum Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Félagið telur mikilvægt að komið sé til móts við brottfall fyrsta árs nema úr háskólum með því að veita þeim styrk við námslok og styður þá tillögu að þriðjungur af upphæð námsláns breytist í styrk ljúki námsmaður lokaprófum á tilskildum tíma.

Í frumvarpinu kemur fram að miðað yrði við reglur viðkomandi skóla um próf sem háðar eru samþykki menntamálaráðherra. **- eb**




SolidWorks *2008 Ráðstefna*

**Valka ehf** og **SolidWorks** halda ráðstefnu í Norræna Húsinu fimmtudaginn 25. október frá kl: 13-17:15. Kynntar verða áhugaverðar nýjungar í **SolidWorks 2008** sem allar miða að því að auka skilvirkni og afköst hönnuða.

**Ráðstefnudagskrá:**

| | |
|---|---|
| 13:00 til 13:20 | Setning – Helgi Hjálmarsson, Völku / Johan Hellstrom, svæðissölustjóri hjá SolidWorks |
| 13:20 til 13:45 | Kynning á SolidWorks Premium 2008 – Mjög áhugaverðar breytingar hafa verið gerðar á notendaskilunum sem farið verður yfir og svo verður gefin heildaryfirsýn yfir það hvað unnt er að gera í hönnun með SolidWorks og Cosmos forritunum – Mattias Robertson, tæknilegur framkvæmdastjóri hjá SolidWorks |
| 13:45 til 15:00 | Kynning á helstu nýjungum í SolidWorks 2008 – Mattias Robertson |
| 15:00 til 15:30 | Kaffihlé. |
| 15:30 til 16:00 | Kynning á helstu nýjungum í SolidWorks 2008 – framhald |
| 16:00 til 17:00 | Kynning á PDM (Process Data Management) kerfum frá SolidWorks. Slík kerfi eru notuð til að útgáfustýra teikningum og fleira er varðar utanumhald um teikningar – Mattias Robertson |
| 17:00 til 17:15 | Umræður og ráðstefnuslit. |

Ráðstefnugjald er kr. 9.000,- frítt er fyrir námsmenn

Skráningar óskast sendar á sw@valka.is eða tilkynntar í síma 534-9300

*SolidWorks er notendavænt hönnunarforrit þar sem öll hönnun fer fram í þrívídd. Forritið inniheldur öll þau verkfæri sem þarf til að gera hönnunarumhverfið eins og best verður á kosið – m.a. sjálfvirka útflatninga í plötuvinnsluhönnun, mikla sjálfvirki í hönnun stálgrinda og sjálfvirka mótahönnun fyrir steypta hluti. Þá er unnt að gera hreyfilíkön og álagsútreikninga svo fátt eitt sé nefnt.*

*Á ráðstefnunni verða SolidWorks sérfræðingar með tölvur með SolidWorks uppsettu og geta ráðstefnugestir farið yfir einstök atriði með þeim í lok ráðstefnunnar.*

Valka *Umboðsaðili* ***SolidWorks*** *á Íslandi*


# Donald Tusk sigurvegari kosninganna

**Áætlun Jaroslaws Kaczynski, forsætisráðherra Póllands, um að boða til kosninga til að styrkja völd sín fór út um þúfur. Helsti keppinautur hans, Donald Tusk, er sigurvegari kosninganna sem fram fóru í gær samkvæmt fyrstu útgönguspám.**

**PÓLLAND, AP** Flokkur Jaroslaw Kaczynski, forsætisráðherra Póllands, hefur misst meirihluta sinn á þingi og helsti keppinautur hans, Donald Tusk, er sigurvegari pólsku þingkosninganna sem fram fóru í gær samkvæmt fyrstu útgönguspám sem birtust í gærkvöldi.

Flokkur Tusk, Borgaralegur vettvangur, var með í kringum 44 prósent samkvæmt fyrstu útgönguspám á meðan flokkur Kaczynski, Lög og réttlæti, var með rétt rúm 30 prósent. Útgönguspár sýndu einnig að sá flokkur sem Borgaralegur vettvangur vill helst vinna með, Pólski bændaflokkurinn, hlaut tæp átta prósent sem að myndi gera flokkunum tveimur kleift að mynda meirihluta á þingi.

Flokkur Kaczynskis, Lög og réttlæti, þrýsti á um að gengið yrði til kosninga nú, tveimur árum áður en fjögurra ára kjörtímabilinu lýkur, eftir að ótraustur meirihluti flokksins með hægrisinnuðum flokki kaþólikka og popúlistum úr bændahreyfingu liðaðist í sundur. Forsætisráðherra veðjaði á að kosningaúrslitin myndu gefa honum sterkara umboð til að stjórna en þess í stað lítur út fyrir að hann missi völdin yfir til Tusks sem hefur notið sífellt meira fylgis í skoðanakönnunum síðan leiðtogarnir mættust í sjónvarpskappræðum 12. október þar sem Tusk þótti standa sig mun betur en Kaczynski.



**KJÖRGÖGN AFHENT** „Þetta gekk mjög vel og það var stöðugur straumur allan daginn,“ sagði Stanislaw Bartoszek, varaformaður kjörstjórnar, um þátttöku í pólsku þingkosningunum í gær. Um 450 Pólverja nýttu atkvæðisrétt sinn og kusu í Alþjóðahúsinu við Hverfisgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Á milli 5.000 og 6.000 Pólverjar eru skráðir á Íslandi og af þeim skráðu 500 sig til að kjósa. „Þetta er ekki svakalega mikið en þó þrisvar sinnum fleiri en kusu síðast.“

Vísa þurfti mörgum frá sem hafði láðst að skrá sig með fimm daga fyrirvara eins og reglur kveða á um að sögn Stanislaw. „Þetta eru kröfur frá kjörstjórninni í Póllandi þar sem að það er ekki pólsk ræðismannsskrifstofa á Íslandi. Því þurfti skráning að fara fram í gegnum skrifstofuna í Osló. En það opnar ræðismannsskrifstofa hér á Íslandi á næstu vikum og því verður þetta auðveldara næst.“

Eftir að talningu atkvæða lauk í Alþjóðahúsinu voru atkvæðin send til pólsku ræðismannsskrifstofunnar í Osló í Noregi þaðan sem þau verða send áfram til Varsjár í Póllandi. **sdg@frettabladid.is**

Stuðningsmenn Hammersby og Helsingfors í slag:

# Fótboltabullur mæltu sér mót til að slást

**SVÍÞJÓÐ, AP** Lögregla í sænska bænum Astorp handtók 88 manns eftir að til fjöldaslagsmála kom þegar meira en eitt hundrað fótboltabullur söfnuðust saman skömmu eftir hádegi á iðnaðarsvæði í bænum í gær að því er fram kemur á HD-fréttavefnum í Suður-Svíþjóð.

Talsmaður lögreglu, Mikael Persson, sagði stuðningsmenn fótboltaliðanna Hammersby og Helsingborg hafa komið saman í bænum gagngert til að slást og að danskar fótboltabullur hefðu slegist í hópinn.

Gunnar Þór Gunnarsson, annar tveggja Íslendinga sem leika með Hammersby, hafði ekki heyrt um fjöldaslagsmálin þegar blaðamaður hafði samband við hann. „Það var leikur milli liðanna fyrir hálfum mánuði og eftir leikinn var rifrildi milli stuðningsmanna liðanna, þetta tengist því kannski, sagði Gunnar. Ekki er óalgengt að stuðningsmenn liða fari í hár saman eftir leiki þar sem að lögregla þarf að skakkast í leikinn að sögn Gunnars. Auk Gunnars leikur Heiðar Geir Júlíusson með Hammersby. Ólafur Ingi Skúlason leikur með Helsingborg.

Tveir voru fluttir fótbrotnir á sjúkrahús eftir fjöldaslagsmálin og verða nokkrir ákærðir fyrir líkamsárás. Einn verður mögulega ákærður fyrir manndrápstilraun eftir að hann keyrði næstum niður þrjá lögreglumenn þegar hann reyndi að flýja. **- sdg**



**GUNNAR ÞÓR GUNNARSSON**





**NÝR FORMAÐUR UMFÍ** Helga Guðrún Guðjónsdóttir, nýkjörinn formaður, og Björn B. Jónsson, sem gegnt hefur formennsku undanfarin sex ár.

Formannskjör hjá UMFÍ:

# Fyrsta konan í hundrað ár

**FÉLAGSMÁL** Helga Guðrún Guðjónsdóttir var í gær einróma kjörinn formaður Ungmennafélags Íslands, fyrst kvenna í 100 ár. Fráfarandi formaður, Björn B. Jónsson, gaf ekki kost á sér til endurkjörs.

Helga Guðrún sagði að bjart væri framundan í hreyfingunni og mörg spennandi verkefni sem tengjast hundrað ára afmæli UMFÍ. Þá stendur bygging nýrra aðalstöðva UMFÍ fyrir dyrum. **- eb**


Auglýsingasími

512 50 50



– Mest lesið



GR-L218SSKA
Tvöfaldur ísskápur
379.900
GCP227KGBA
Tvöfaldur ísskápur
356.900
GC379BA
Ísskápur
64.900
ÚRVALS RAFTÆKJAÚRVAL
35.900
FEA0714W
Nardi bökunarofn
79.900
NARDI
Helluborð og ofn
49.900
1LE031SX
Edesa uppþvottavél
29.900
FA162
LG Hljómtækjastæða
26.900
MV23XL
Combi örbylgjuofn
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16
LG
Life's Good



# Októbertilboð 2007

Sértilboð til e-korthafa og e² Vildarkorthafa

DEBENHAMS
Smáralind / sími 522 8000
20% afsláttur af matarstellum og hnífapörum
Föst endurgreiðsla 2%

ISIS
Smáralind / sími 587 4747
Kringlunni / sími 568 4747
15% afsláttur af öllu skarti
Föst endurgreiðsla 5%

sia
Laugavegi 86–94 / 101 Reykjavík
Sími 511 6606 / sia-collection.com
15% endurgreiðsla

AMIRA
Bæjarlind 12 / 201 Kópavogi
sími 534 4154 / www.amira.is
2 fyrir 1 í brúnkumeðferð
Föst endurgreiðsla 5%

EDEN
Austurmörk 25 / 810 Selfossi
sími 483 4900
20% afsláttur af blómum
Föst endurgreiðsla 5%

BÍLKÓ
Smiðjuvegi 34 / 200 Kópavogi
sími 557 9110 / www.bilko.is
17% afsl. af smurvinnu
15% afsl. af umfelgun
5% af alþrifi með teflonbóni
Föst endurgreiðsla 5%

Bútabær.is
1000 kr. afsláttur af mjúkum náttsloppum
Eyravegi 15 / 800 Selfossi
sími 482 2930 / butabaer.is
10% aukaafsláttur á gardínuefnum sem eru nú þegar á hálfvirði
Föst endurgreiðsla 5%

FJARÐAHÓTEL
hótel VALASKJÁLF
Fjarðahótel / Búðareyri 6 / 730 Reyðarfirði / sími 474 1600
fjardahotel.is / fjardahotel@st.is
Valaskjálf / Skógarlöndum 6 / 700 Egilsstöðum / sími 470 5050
valaskjalf.is / valaskjalf@st.is
20% afsláttur af matseðli
Föst endurgreiðsla 5%

mubla
Mubla / Nýbýlavegi 18 / 200 Kópavogi / sími 517 2100 / mubla.is
Örkin hans Nóa / Hafnarstræti 22 / 600 Akureyri / Sími 461 2100
25% afsláttur af Explorer sófum
Föst endurgreiðsla 5%

Korthafar fá 0,5% endurgreiðslu af allri innlendri veltu auk endurgreiðslu frá samstarfsfyrirtækjum.

e KORT www.ekort.is
e² VILDARKORT www.e2.is


Lögregla leitaði að ökumanni bíls sem fór út í skurð:

# Skylda að láta vita

**LÖGREGLUMÁL** Björgunarsveitir í uppsveitum Árnessýslu voru kallaðar út snemma í gærmorgun eftir að bifreið fannst í skurði skammt sunnan Stóru-Laxár. Bifreiðin var mikið skemmd og allt benti til þess að hún hefði farið nokkrar veltur áður en hún hafnaði í skurðinum. Lögregla lýsti eftir ökumanninum sem var hvergi sjáanlegur en óttast var að hann kynni að vera alvarlega slasaður.

Seinna um morguninn kom í ljós að maðurinn var heill á húfi í Reykjavík.

Aðalvarðstjóri lögreglunnar á Selfossi sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að í tilvikum sem þessum, þar sem slys kunna að hafa orðið á fólki, væri skylt að láta lögreglu vita. Þess þurfi ekki við minniháttar umferðaróhöpp.



**LÖGREGLAN** Ekki er vitað hvers vegna maðurinn lét ekki vita af óhappinu.

Lögregla vildi ekki gefa upp hvort ökumaðurinn væri grunaður um ölvun við akstur en að sögn varðstjórans verður málið rannsakað frekar.

- þo

# Fleiri tilraunir til sjálfsvígs

**Tíðni sjálfsvígstilrauna samkvæmt tölum frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri hefur aukist gríðarlega á undanförnum árum. Mest er aukningin í yngsta aldursflokki kvenna. Tölurnar voru hæstar árið 2000.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við höfðum áhyggjur af því að sjálfsvígstilraunum og sjálfssköðum væri að fjölga og vildum rannsaka það nánar,“ segir Brynjólfur Ingvarsson, geðlæknir á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri (FSA) og lektor við Háskólann á Akureyri, sem vann ásamt fleiri læknum að rannsókn á tíðni sjálfsvíga og sjálfsskaðatilfella á FSA á árunum 1985 til 2003. Niðurstöðurnar voru kynntar á dögunum.

Farið var í gegnum allar skráðar sjálfsvígstilraunir hjá einstaklingum 15 ára og eldri á árunum 1985 til 2003. Skráð eru 664 tilfelli á nítján árum hjá 414 einstaklingum. Fjöldinn skiptist í 243 konur með 428 tilraunir og 171 karl með 236 tilraunir.

Greinileg aukning er á síðari hluta tímabilsins og ef fyrsta árið er borið saman við síðasta árið sést að fjöldi tilfella á ári fjórfaldast og fjöldi einstaklinga þrefaldast. Sjálfsvígstilraunirnar eru flestar árið 2000.

„Þetta veldur okkur verulegum heilabrotum og í raun kunnum við ekki skýringar á þessari fjölgun, það þyrfti að kanna frekar. Þróunin hefur hins vegar verið sambærileg í öðrum löndum,“ segir Brynjólfur. Hann segir að í upphafi tímabilsins hafi tilfellin verið í kringum tíu á ári en um aldamótin hafi þau verið næstum því eitt á viku. Eftir þann hápunkt hefur tíðnin lækkað á ný.

„Tölurnar ná til ársins 2003 og það væri vissulega fróðlegt að sjá hvort tíðnin hafi haldið áfram að minnka eftir aldamótin. Opnari umræða um geðræn vandamál og þjóðarátak gegn þunglyndi gæti hafa hjálpað til,“ segir Brynjólfur. Brynjólfur segir að þótt tölurnar miðist við umdæmi FSA gefi þær góða mynd af þróuninni á landsvísu.

thorgunnur@frettabladid.is



**ÞUNGLYNDI** Brynjólfur segir að sjálfsskaðar séu ávallt tákn um mikla vanlíðan. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## SJÁLFSVÍG OG SJÁLFSSKAÐAR Á FSA

- Árið 1985 voru sjálfsvígstilraunirnar tíu en árið 2000 voru þær 50.
- Lyfjanotkun er mest notaða aðferðin hjá báðum kynjum.
- Ungt fólk reynir frekar að skaða sig en þeir sem eldri eru.
- Læknar telja sjálfsskaða betra hugtak en sjálfsvígstilraun því í mörgum tilfellum er sjúklingurinn ekki að reyna að svipta sig lífi heldur hrópa á hjálp.

Stjórnvöld í Eþíópíu efast um fregnir af mannfalli:

# Uppreisnarmenn segjast hafa fellt 140 menn

**EÞÍÓPÍA, AP** Eþíópískir uppreisnarmenn segjast hafa drepið 140 eþíópíska hermenn en stjórnvöld rengja fregnirnar.

Í yfirlýsingu, sem Ogaden-frelsishreyfingin sendi AP fréttastofunni í gær, sagði að þúsund uppreisnarmenn hefðu ráðist á eþíópíska hermenn í suðausturhluta landsins á laugardag. Þar sem svæðið sem um ræðir er afskekkt hefur ekki tekist að staðfesta fregnina en talsmaður stjórnvalda sagðist ekki telja að hreyfingin hefði drepið nokkurn hermann.

Hreyfingin berst fyrir aukinni sjálfstjórn svæðis í austurhluta Eþíópíu.

- sdg



**EÞÍÓPÍSKIR HERMENN** Í apríl myrtu liðsmenn Ogaden-frelsishreyfingarinnar 74 verkamenn í kínverskri olíuvinnslu í Eþíópíu. NORDICPHOTOS/AFP


GÆÐI
GÓÐ VERÐ
ÞJÓNUSTA
ÚRVAL
ÞEKKING
Veldu það besta!
VELDA
Nýjar glæsilegar leðurhúsgagnalínur
Frí þrýstijöfnunarmæling
sem greinir hvaða dýna
hentar þér best
Rafmagnsrúm
í úrvali
IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Fallegir svefnsófar
með góðum dýnum
SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI
Dalsbraut 1
Svefn & heilsa
AKUREYRI
EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR
Listhúsinu Laugardal
Svefn & heilsa
REYKJAVÍK
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00
www.svefn.is

**KAUPTHING FUND**
Société d'Investissement à Capital Variable
4, boulevard Royal - L-2449 LUXEMBOURG
R.C.S. Luxembourg B 96.002

**NOTICE**

The shareholders of KAUPTHING FUND - GLOBAL BOND are hereby informed that the Board of Directors of the Sicav has decided, with effect on 31 October 2007, to close the said sub-fund.

This decision was taken due to the weakness of the assets of the said sub-fund.

Meanwhile, the Board of Directors has decided to continue accepting redemption orders for the said sub-fund. With regard to such redemptions, the Company shall apply the Net Asset Value which shall be established in such manner as to take account of the liquidation costs, but without deducting any redemption commission or any other charge.

The sums payable in respect of shares not presented for reimbursement at the liquidation of the said sub-fund will be deposited at the custodian bank for a period not exceeding nine months as from the date of liquidation. After this deadline, the assets will be deposited with the "Caisse de Consignation" in Luxembourg for the benefit of the persons entitled thereto.

The Board of Directors
Luxembourg, 22 October 2007

Skólastjórar í Reykjavík álykta um slæmt ástand starfsmannamála:

# Ungir kennarar endast ekki

**REYKJAVÍK** Skólastjórar grunnskóla Reykjavíkur kalla eftir viðbrögðum menntaráðs við því ástandi sem skólastjórar borgarinnar standa nú frammi fyrir þegar ekki er lengur hægt að halda uppi lögboðinni kennslu.

„Staðreyndin er sú að það gekk ekki vel að manna í haust og það kom fram á fundi skólastjóra að þó nokkuð er um uppsagnir kennara,“ segir Jónína Ólöf Emilsdóttir, varaformaður Skólastjórafélags Reykjavíkur.

„Við höfum áhyggjur af þessu. Það vantar kennara og það gæti farið svo að það þyrfti að senda börnin heim.“



**BÖRN AÐ LEIK** Skólastjórum líst vel á aðgerðir Reykjavíkurborgar.

Skólastjórunum líst vel á aðgerðir Reykjavíkurborgar sem fela í sér launahækkun fyrir hóp grunnskólakennara en þeir halda að það dugi ekki til.

„Ég held að það sé alveg ljóst að ef við ætlum að haldi úti sómasamlegu skólastarfi verður að hækka laun kennara. Skólarnir auglýsa eftir kennurum en aðeins einn eða jafnvel enginn svarar auglýsingunum. Við stöndum ekki frammi fyrir neinu vali. Til lengri tíma litið gæti þetta ástand bitnað á skólastarfinu, ef ekkert gerist.“

Grunnlaun kennara er rétt innan við 200.000 krónur og segir Jónína unga kennara ekki endast lengi í starfi og hreyfing á starfsfólki sé orðin mun meiri en hún var áður. Fyrir komi að kennarar endist ekki lengur en einn mánuð og ljóst sé að grunnskólar séu ekki samkeppnishæfir á atvinnumarkaði. **- eb**

Tyrknesk stjórnvöld íhuga innrás á sjálfstjórnarsvæði Kúrda í Írak:

# Átök Kúrda og Tyrkja magnast

**TYRKLAND, AP** Forseti Íraks, Kúrdinn Jalal Talabani, skipaði kúrdískum uppreisnarmönnum að leggja niður vopn eða yfirgefa Írak eftir að tólf tyrkneskir hermenn féllu fyrir þeirra hendi við landamæri Tyrklands og Íraks í gær.

Tyrkneskir ráðamenn hittust á neyðarfundi í gærkvöldi til að ákveða hvort senda eigi herlið inn í Írak til að berjast við kúrdíska uppreisnarmenn sem hafa gerst árásargjarnari í garð tyrkneskra hermanna undanfarið.

Bandaríkin, Evrópusambandið og Írak hafa öll lýst yfir andstöðu við tyrkneska innrás í Írak. Óttast er að innrás muni ógna jafnvægi á tiltölulega friðsömu sjálfstjórnarsvæði Kúrda í norðurhluta Íraks.

Verkamannaflokkur Kúrda, PKK, stendur bak við árásirnar. Talsmaður flokksins sagði hóp uppreisnarmanna hafa drepið og handsamað fjölda tyrkneskra hermanna í átökum sem áttu sér stað um 70 kílómetra inni á tyrknesku landsvæði.

Forsætisráðherra Íraks, Nouri al-Maliki, fordæmdi árásir PKK og sagði þær „hryðjuverkaaðgerð.“ Hét hann því að reyna allt til að tryggja lausn gíslanna.

Tyrkneskir hermenn felldu 32 uppreisnarmenn í aðgerðum í gær í kjölfar árásar uppreisnarmanna að sögn aðstoðarforsætisráðherra Tyrklands, Cemil Cicek. -



**TYRKIR MÓTMÆLA** Fjöldi manns streymdi út á götur tyrkneskra borga í gær til að mótmæla árásum kúrdískra uppreisnarmanna og krefjast aðgerða. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Himinn og haf / SÍA - 9071242

**Engar fúgur – ekkert mál**

**Flísaplötur frá Barker eru hentugar á bað, eldhús, þvottahús og hvar sem vatnsálag er mikið.**

**Fáanlegar í ýmsum litum**

Aseta ehf
Tunguháls 17
110 Reykjavík
sími: 533 1600
aseta@aseta.is

ASETA

Borgarráð jók fjármuni til starfsmannamála:

# Hækkunin komi fram um næstu mánaðamót

**REYKJAVÍK** Upphæðin sem varið verður til aðgerða í starfsmannamálum Reykjavíkurborgar hækkaði í meðförum borgarráðs og er kostnaður nú metinn á 789,6 milljónir króna fyrir árin 2007 og 2008.

Hækkunin kemur til vegna breyttrar dagsetningar. Upphaflega var miðað við að yfirvinnutímar starfsmanna, sem skylt er að matast með þjónustuþegum og nemendum sínum, yrðu greiddir frá og með 1. nóvember. Í borgarráði var aftur á móti ákveðið að miða við 1. október svo starfsmenn fái notið breytinganna um næstu mánaðamót.

Upphæðin sem hver starfsmaður fær fyrir greidda yfirvinnutíma getur verið frá 16.000 krónum og upp í 29.000 krónur mánaðarlega. Þá munu einhverjir starfsmenn hækka um launaflokk, þar sem borgarráð veitti samninganefnd heimild til að meta starfstíma frá öðrum sveitarfélögum og ríkinu til jafns við starfstíma hjá Reykjavíkurborg. Tillagan gekk greiðlega í gegn hjá borgarráði.

Sérstök áhersla er lögð á forystuhlutverk mannauðsskrifstofu Ráðhússins og gert ráð fyrir markvissum aðgerðum til að laða að nýja starfsmenn, svo sem eldri starfsmenn, starfsmenn af erlendum uppruna og námsmenn. **- eb**



**MEIRIHLUTI BORGARRÁÐS** Tillögur meirihlutans um aðgerðir í starfsmannamálum borgarinnar hlutu samþykki.

**Komdu og fáðu bakpoka!**

Króni og Króna minna félaga á að koma í Sparisjóðinn sinn og ná sér í bakpoka með mynd af Sveppa*. Það er líka upplagt að tæma baukinn í leiðinni.

Við hlökkum til að sjá þig!



*Gildir á meðan birgðir endast.

SPARISJÓÐURINN

Baugur hyggur á útrás í Þýskalandi og Indlandi:

# Stefna á þrjú hundruð verslanir í Þýskalandi

**VIÐSKIPTI** Baugur hyggst opna 300 tískuvöruverslanir í Þýskalandi á næstu þremur til fimm árum. Þetta kemur fram í umfjöllun um útrás fyrirtækisins í breska dagblaðinu Sunday Telegraph.

Haft er eftir Gunnari Sigurðssyni, forstjóra Baugs, að Baugur hafi um nokkurt skeið haft áhuga á mörkuðum í Þýskalandi. Í viðtalinu segir hann einnig að verið sé að athuga með markaði á Indlandi.

Baugur hefur stofnað fyrirtækið Arctic sem á meðal annars að sjá um að semja við verslanir í Þýskalandi um sölu á helstu tískuvörum Baugs. - þo



**ÚTRÁS** Baugur hyggur ekki aðeins á útrás í Þýskalandi heldur á Indlandi líka.



**BRIAN BURDEKIN** „Ef ríkisstjórnir sem samþykkja þessar alþjóðasamþykktir fylgja þeim ekki eftir sjálfar, hver er þá tilgangurinn?“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Mannréttindastofnun skylda

**Brian Burdekin, fyrrverandi ráðgjafi Mannréttindanefndar SÞ, segir að ætlast megi til að land sem sækist eftir setu í Öryggisráði SÞ sýni gott fordæmi varðandi framkvæmd alþjóðlegra mannréttindaskuldbindinga.**

**MANNRÉTTINDI** „Það er enginn tilgangur í að fullgilda alþjóðlega mannréttindasamninga ef ekki eru stofnanir fyrir hendi til að fylgja framkvæmd þeirra eftir.“ Þetta segir Brian Burdekin, fyrrverandi mannréttindamálastjóri Ástralíu og ráðgjafi mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um landsstofnanir í mannréttindamálum, en hann starfar nú sem gestakennari við Raoul Wallenberg-stofnunina í Lundi í Svíþjóð.

Með þessum orðum var Burdekin að svara spurningu blaðamanns um það hvort Íslandi bæri að koma á fót landsstofnun um mannréttindamál. Samkvæmt alþjóðasáttmála sem upprunalega var samþykktur í París árið 1993 hafa allar aðildarþjóðir Sameinuðu þjóðanna samþykkt að koma á fót landsstofnun sem hefur það hlutverk að fylgja eftir þeim alþjóðlegu mannréttindaskuldbindingum sem viðkomandi land hefur undirgengist, en samkvæmt „Parísarreglunum“ svonefndu þarf slík stofnun að uppfylla ýmis skilyrði sem Mannréttindaskrifstofa Íslands uppfyllir ekki nema að hluta. Burdekin var ráðgjafi við stofnun slíkra landsstofnana í löndum víða um heim, einkum í Suðaustur-Asíu.

Valgerður Sverrisdóttir setti í utanríkisráðherratíð sinni í gang undirbúningsvinnu að því að hérlendis yrði stofnuð með lögum stofnun sem uppfyllir Parísarskilyrðin. Það var gert í tengslum við að utanríkisráðuneytið setti sér mannréttindastefnu, en það var eitt síðasta embættisverk Valgerðar fyrir kosningar í vor. Hún fól félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri að semja skýrslu um málið sem kvað vera von á í vetur.

„Ef ríkisstjórnirnar sem samþykkja þessar alþjóðasamþykktir fylgja þeim ekki eftir sjálfar, hver er þá tilgangurinn með því að hafa stofnanir eins og allsherjarþing og Öryggisráð SÞ?“ spyr Burdekin. Vald þessara stofnana felst að hans sögn að mestu í siðferðilegu áhrifavaldi, „og siðferðilegt áhrifavald SÞ er að miklu leyti mannréttindi“.

> Ef ríkisstjórnirnar sem samþykkja þessar alþjóðasamþykktir fylgja þeim ekki eftir sjálfar, hver er þá tilgangurinn með að hafa stofnanir eins og allsherjarþing og Öryggisráð SÞ?
>
> **BRIAN BURDEKIN**
> GESTAKENNARI VIÐ RAOUL WALLENBERG-STOFNUNINA.

Landsstofnun um mannréttindamál komi að sjálfsögðu ekki í stað stjórnvalda, dómstóla eða þings. „En það er stofnun sem hefur sérstaka ábyrgð; ekki að stjórna landi, ekki dæma í deilumálum, ekki fara með framkvæmdavald – heldur tryggja að allir í viðkomandi landi séu meðvitaðir um þau alþjóðlegu mannréttindaviðmið sem taka beri tillit til.“

Burdekin tekur fram að hin hefðbundna stofnun umboðsmanns þjóðþinganna á Norðurlöndum væri allrar virðingar verð, en umboð hennar væri ekki nógu víðtækt. Embættið sinnti aðeins afmörkuðum hluta mannréttinda, aðallega sem sneri að því að tryggja gæði stjórnsýslunnar gagnvart borgurunum. „En mannréttindi ná yfir miklu víðara svið – réttindi kvenna, barna, fatlaðra, minnihlutahópa og svo framvegis. Embætti umboðsmanns þjóðþinganna var lengi allt það sem við höfðum, en það var ekki nægilegt til að koma alþjóðlegum mannréttindasáttmálum í framkvæmd,“ segir Brian Burdekin.

audunn@frettabladid.is





## Netið bjargaði okkur!

Það er orðið mun algengara að fólk sjái um bankaviðskipti sín á netinu. Þessi þjónusta eykur frelsi viðskiptavinarins og gerir honum kleift að ganga frá sínum málum hvar og hvenær sem er. Það var þakklátur viðskiptavinur SPRON sem hringdi í þjónustufulltrúa bankans og lýsti yfir ánægju sinni með þjónustuna. Málum var þannig háttað að hann var staddur í Bandaríkjunum þegar hann fékk óvænt símtal frá konu sinni. Hún var á Heathrow-flugvelli á leið að hitta mann sinn og hafði lent í því að Visakortið hennar virkaði ekki og hún var ekki með inneign á reikningi sínum. Maðurinn sagði að heimabankinn væri alger himnasending. Þau áttu bókaða skemmtisiglingu um Karabíska hafið daginn eftir og hefði hann ekki notið þjónustu SPRON hefðu þau líklega ekki komist í þá ferð. Það tók hann aðeins tvær mínútur að bjarga málunum. Þessi ánægði viðskiptavinur lét það fylgja sögunni að hann væri þakklátur SPRON fyrir að hafa þessa þjónustu svona einfalda því að hann væri ekki mikill tölvumaður. Einnig hrósaði hann bankanum fyrir að hafa þennan reikning líka án krafna um að nýta sér aðra þjónustu bankans.

## Þvílík heppni!

Kona í Sandgerði, sem óskar nafnleyndar, varð fyrir því óláni nýlega að týna hundinum sínum á ferðalagi um Norðurland. Hún lýsti eftir hundinum í Degi og fékk svar um hæl. Kona á bóndabæ í nágrenni við Grenivík lét vita af hundi sem hafði verið að sniglast í kringum heimili hennar og lýsingin í blaðinu gat átt við. Konan fékk hundinn sinn og ákvað í framhaldinu að koma við í versluninni Jónsabúð á Grenivík og fá sér bita. Hún keypti auk þess skafmiða og borgaði með SPRON-kortinu sínu. Það má með sanni segja að hún hafi verið hundheppin því að á skafmiðanum var vinningur upp á eina milljón. Ekki fylgir sögunni hvað konan ætlar að gera við peningana en það má gera ráð fyrir að hundurinn verði verðlaunaður á einhvern hátt. Er nema von að viðskiptavinir SPRON séu jafnánægðir og raun ber vitni?

Lagaprófessorar við Háskóla Reykjavíkur skýra út almannatryggingalöggjöfina í nýrri bók:

# Vill að tryggingakerfið verði brotið upp

**TRYGGINGAR** „Tryggingakerfið er afar flókið, það geta allir verið sammála um það,“ segir Ragnhildur Helgadóttir, prófessor við lagadeild Háskóla Reykjavíkur.

Hún hefur ásamt Guðmundi Sigurðssyni, prófessor við lagadeild sama skóla, rannsakað almannatryggingalöggjöfina á Íslandi. Nú er komin út bók eftir þau um málið sem ber heitið Almannatryggingar og félagsleg aðstoð. Þó að kerfið sé flókið bendir Ragnhildur á að það sé mjög víðtækt og taki á mörgum viðamiklum þáttum og nefnir sem dæmi umönnunargreiðslur til foreldra langveikra og fatlaðra barna, tannlæknakostnað og ellilífeyri. „Það er spurning hvað hægt er að taka stóra bita undir ein lög og ætlast til að þau séu einföld. Ég myndi að mörgu leyti vilja sjá lögin brotin upp og meira bundið í lög en minna í reglugerðir,“ segir hún.



**KERFI SEM SNERTIR ALLA** Almannatryggingakerfið er afar viðamikið og flókið eftir því.

Ragnhildur bendir þó á að í bókinni séu ekki dregnar almennar ályktanir um kerfið sem nú er í gildi heldur farið ítarlega ofan í saumana á því með tilliti til reglna og framkvæmdar úrskurða og dóma. Þannig komi hún til með að nýtast sem flestum, hvort sem um sé að ræða sérfræðinga eða bótaþega.

Hafinn er undirbúningur á breytingum á almannatryggingalöggjöfinni á vegum félagsmálaráðuneytisins. Búist er við fyrstu tillögum 1. desember. Segist Ragnhildur vonast til þess að bók þeirra nýtist við þá vinnu. - kdk



**JAFNVÆGISLIST** Indverski dansarinn Shree Bobby Navrang hefur náð góðum tökum á jafnvægislistinni eins og sjá má þegar hann dansar um með turn af leirskálum á höfðinu. NORDICPHOTOS/AFP

Tóbaksskattur í Palestínu:

## Háir skattar fá fólk til að hætta að reykja

**GAZA SVÆÐIÐ, AP** Í kjölfar þess að Hamas-stjórnin tók völdin á Gaza-svæðinu í júní hefur verð á neysluvörum rokið upp. Ástandið er afleiðing af efnahagshömlum sem Ísraelsstjórn lagði á svæðið.

Ísraelar gæta þess vandlega að lítið af vindlingum komist til Gaza-svæðisins og Hamas-stjórnin sér um að leggja þunga skatta á það tóbak sem sleppur í gegn. Þetta hefur gert það að verkum að flestir reykingamenn á svæðinu hafa þurft að minnka við sig eða hætta sígarettureykingum alfarið.

Hamas-stjórnin hefur fagnað þessum afleiðingum og segir þær stuðla að bættri heilsu svæðisbúa. - vþ

**HEILBRIGÐISMÁL**

### Kaupa fuglaflensubóluefni

Heilbrigðisyfirvöld hafa keypt bóluefni gegn H5N1 fuglaflensu. Sóttvarnalæknir hefur undirritað samning sem tryggir að í landinu verða til 10.000 skammtar af bóluefni fari svo að inflúensuveiran greinist hérlendis. Bóluefnið mun verða afhent í desember.

**DANMÖRK**

### Líkamsárás fyrir tiltal

Tveir 18 ára menn gengu í skrokk á 67 ára gömlum manni í Hróarskeldu í fyrradag, samkvæmt DR. Fórnarlambið hafði skömmu áður ávítað árásarmennina fyrir sóðaskap.

### Vissu af aðgerðum CIA

Dönsk yfirvöld vissu af aðgerðum bandarísku leyniþjónustunnar CIA gegn meintum hryðjuverkamönnum frá árinu 1995, samkvæmt DR. Stjórnvöld hafa alltaf neitað slíkri vitneskju.



**FRAMKVÆMDUM HEFUR SEINKAÐ** Framkvæmdum við breikkun Reykjanesbrautar í Garðabæ hefur seinkað verulega og er fyrirsjáanlegt að þeim ljúki ekki fyrr en í fyrsta lagi rétt undir jól. Ýmis frágangur er eftir, til dæmis við veglýsingu og hitaveitulagnir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Gatnamótin við Ikea gengu fyrir

**Mislægu gatnamótin við Ikea í Garðabæ voru tekin fram fyrir í framkvæmdaröðinni samkvæmt vegaáætlun. Gatnamótin voru þriðjungi dýrari en ráð var fyrir gert. Verkinu hefur seinkað verulega. Verktakinn á tvo mánuði eftir.**

**VEGAGERÐ** Mislægu gatnamótin við Urriðaholtsbraut í Garðabæ voru tekin ný inn í forgangsröðina í vegaframkvæmdum í fyrra og ýtt fram fyrir í forgangsröðinni í vegaáætlun og öðrum framkvæmdum ýtt aftur fyrir. Jónas Snæbjörnsson, svíðsstjóri hjá Vegagerðinni, segir að þetta sé frekar óvenjulegt. Forgangsröðunin sé yfirleitt látin halda sér.

„Hvort sem verið er að skera niður eða auka fé til framkvæmda er forgangsröðunin látin halda sér. Í þessu tilfelli kom þetta verkefni dálítið snögglega inn og af því að það var verið að vinna við tvöföldun Reykjanesbrautar frá Smáralind suður í Kaplakrika á þessum tíma var freistandi að taka þessa framkvæmd fram fyrir. Röðin átti að vera Arnarnesvegur, Vífilsstaðavegur og síðan Urriðaholtsbraut en henni breytt og byrjað á Urriðaholtsbraut. Arnarnesbraut seinkar um eitt til tvö ár,“ segir hann.

Frumkvæðið kom frá bæjaryfirvöldum í Garðabæ að því leytinu til að þegar lóðunum við Urriðaholtsbraut hafi verið úthlutað hafi ekki legið fyrir hvernig og hvenær þær yrðu tengdar við Reykjanesbraut og sérstakt fé ekki verið afmarkað í slíkt verkefni. Til greina hafi komið að setja upp ljósagatnamót fyrir 20-30 milljónir en fyrirsjáanlegt að taka þau niður eftir fimm til sex ár og byggja mislæg gatnamót. Því hafi verið ákveðið að fara strax í mislægu gatnamótin.

Viðbótarsamningurinn við Klæðningu kostaði 400 milljónir en átti að kosta 300 milljónir. Framkvæmdin reyndist því um þrjátíu prósentum dýrari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Upphaflega var gert ráð fyrir undirgöngum undir Reykjanesbrautina en þar reyndist of mikil flóðahætta og svo mikil vatnshæð að ákveðið var að lækka brautina um tvo metra og gera þverveg yfir hana.






**JÓNAS SNÆBJÖRNSSON** „Í þessu tilfelli kom þetta verkefni dálítið snöggglega inn.“

Fyrirsjáanlegt er að breikkun Reykjanesbrautar verður ekki lokið fyrr en í fyrsta lagi um miðjan desember. Jónas segir að verkinu hafi átt að vera lokið 15. ágúst. Nú sé komið fram í byrjun október og um átta vikur eftir. Verktakinn sé því á dagsektum. „Það hefur ekki verið nógu mikill hraði í framkvæmdum í sumar og við höfum ekki samþykkt skýringar.“

Eftir er frágangur utan vegar og í vegmiðju, frágangur á undirgöngum, áhleðsluvegg neðan við Hnoðraholtsbyggð, hitaveitulögnum og veglýsingu. ghs@frettabladid.is


## MCSA

Aðalmarkmið MCSA námskeiðsins er að gera þátttakendur hæfa til að starfa sem sérfræðingar og umsjónarfólk Microsoft netkerfa og veita þeim jafnframt eftirsótta alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

Microsoft CERTIFIED Systems Administrator

**Námsbrautin samanstendur af námskeiðunum:**

- Installing, Configuring, and Administering Microsoft Windows XP Professional (70-270)
- Managing and Maintaining a Microsoft Windows Server 2003 Environment (70-290)
- Implementing, Managing, and Maintaining a Microsoft Windows Server 2003 Network Infrastructure (70-291)
- Implementing and Managing Microsoft Exchange Server 2003 (70-284)

Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl 17.30 - 21.30
Kennsla hefst 30. október.
Lengd 240 stundir. Verð kr. 290.000,-
Allt kennsluefni og 4 próf innifalin.

**Fengu vinnu meðan á námi stóð**

Nú er tækifærið. Eftirspurn eftir upplýsingatæknimenntuðu fólki hefur aldrei verið meiri. Flestir nemendur okkar fengu vinnu meðan á námi stóð.

„Mjög praktískt nám sem hefur margborgað sig.“
Rúnar Páll Rúnarsson, kerfisfræðingur hjá Anza

„Nám sem stóð undir öllum mínum væntingum og opnaði fyrir mig leiðir í starf kerfisfræðings hjá stóru fyrirtæki.“
Teitur Hjaltason kerfisfræðingur hjá Þekkingu

**MCP XP**

Kennsla hefst 30. okt. og lýkur 29. nóv.
Lengd 60 std. Verð kr. 89.900,-
Allt kennsluefni og tilskilið próf (70-270) innifalið.

Microsoft CERTIFIED Professional

Nánari upplýsingar á www.tsk.is

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

# Tölvunám haustið 2007 Menntun sem gefur þér forskot



1986 - 2007 • 21 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 35.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmu 21 ári. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.

PEARSON VUE Authorized Centre Select

Microsoft Certified Partner

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

### Tölvunám fyrir 50+



Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara á námskeiðinu.

*Kennslugreinar:*

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikerfið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

**Lengd**: 60 stundir/40 klukkustundir. Kennt fjóra daga í viku kl. 13:00-16:00.
**Verð**: 59.900 *Hefst 5. nóvember*

### Hagnýtt bókhald



Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi.

**Helstu kennslugreinar**

- Fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemmingar, undirbúningur uppgjörs og margt fleira

**Lengd**: 94 stnd./63 klst. **Verð**: 99.900 staðgr. Kennt má./mi./fö. 9:00-12:30. Hefst 5. nóv.

### Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

**Lengd**: 13 stundir/9 klst.
**Verð**: 16.900 - *Kvöldnámskeið*

### Photoshop Elements

Komdu á kvöldnámskeið og lærðu að vinna ljósmyndirnar þínar eins og fagmennirnir gera. Photoshop Elements hefur alla helstu kosti Photoshop og er auðlært og öflugt.

**Lengd**: 13 stundir/9 klst.
**Verð**: 16.900. Kvöldnám hefst 8. nóvember

### Vefsmíði og grafík



Sæktu námskeið í DreamWeaver, Photoshop og Flash til þess að læra að búa til betri vefsíður og skemmtilegri myndir.

**Flash margmiðlun**

Lærðu að búa til lifandi auglýsingar og hreyfimyndir fyrir vefi með Flash.

**Lengd**: 18 stundir/12 klst. **Verð**: 24.900

**Photoshop ljósmyndavinnsla og grafík**

Skemmtilegt nám um vinsælasta mynd-vinnsluforritið fyrir ljósmyndir, prentun, margmiðlun og vefi.

**Lengd**: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 29.900

**DreamWeaver vefsíðugerð**

Lærðu að búa til kraftmiklar, upplýsandi og fjölbreyttar vefsíður sem auðvelt er að viðhalda og auka við.

**Lengd**: 27 stundir/18 klst. **Verð**: 29.900

### Verkefnastjórnun



Veldu þér nám sem gerir þér kleift að ná betri tökum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná þannig hámarks árangri við jafnt smærri sem stærri verkefni.

**PRINCE2 verkefnastjórnun**

Lærðu verkefnastjórnun byggða á þaul-reyndri alþjóðlegri aðferðarfræði sem er notuð til þess að undirbúa, áætla og stjórna stórum og smáum verkefnum með lágmarksáhættu og hámarks árangri.

**Lengd**: 18 stundir/12 klst. **Verð**: 49.900

**Project verkefnastjórnun**

Lærðu á hugbúnaðinn sem þeir nota sem vilja gera betri verk- og kostnaðaráætlanir með traustu verkeftirlit og utanumhaldi um auðlindir og kostnað. Hafðu betri tök á stjórnun verkefna og verkefnasafna.

**Lengd**: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 39.900

### Excel I og II

Vertu betri með því að velja Excel námskeið hjá okkur. Við erum með ítarlegasta grunnámið og kraftmikið framhaldsnám.

**Excel I: Almenn töflureiknisnotkun**

Ítarlegt nám fyrir þá sem vilja hafa hámarksnot af tölvunni við meðhöndlun talna, áætlanagerð, alls konar útreikninga og úrvinnslu talna. Þú bætir miklu við þekkingu þína á Excel.

**Lengd**: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 24.500

**Excel IIa: Sérhæfð töflureiknisnotkun**

Kraftmikið námskeið fyrir þá sem hafa notað Excel um tíma og þekkja vel grunninn. Bætt er verulega við þekkingu á flóknari föllum, listavinnslu, pivot töflum, myndritum, teng-ingu skjala, gagnagrunnsfyrirspurnum ofl..

**Lengd**: 18 stundir/12 klst. **Verð**: 29.900

**Excel IIb: Fjármál, bókhald og endursk.**

Yfirgripsmikið framhaldsnámskeið sniðið að þeim sem vinna við fjármál fyrirtækja, endurskoðun og bókhald. Áhersla er lögð á söfnun og úrvinnslu gagna úr bókhalds-kerfum með tengingu, viðskiptaföll, veltitöflur (Pivot) og framsetningu flókinna myndrita.

**Lengd**: 18 stundir/12 klst. **Verð**: 36.500

## Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

**Byrjendanámskeið**

- Windows, Word og Internetið • *22 stundir/verð 24.500*
- Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/verð 10.900*
- Windows XP fyrir byrjendur • *9 stundir/verð 10.900*
- Windows Vista fyrir byrjendur • *9 stundir/verð 10.900*
- Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 stundir/verð: 6.900*

**Access**

- Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • *22 stundir/25.900*
- Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • *18 stundir/34.900*
- Access 2007 - uppfærsla og nýjungar • *4 stundir/8.900*

**Word**

- Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • *22 stundir/verð 24.500*
- Word 2007 - uppfærsla og nýjungar • *4 stundir/8.900*
- Word II: Framhald • *22 stundir/verð 26.900*
- Töflur og eyðublöð í Word • *4 stundir/verð 6.900*
- Vinnsla langra skjala í Word • *13 stundir/verð 18.900*
- Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 stundir/verð 8.900*

**Excel**

- Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • *22 stundir/verð 24.500*
- Excel 2007 - uppfærsla og nýjungar • *4 stundir/8.900*
- Excel IIa: Sérhæfð notkun • *18 stundir/verð 29.900*
- Excel IIb: Fjármál,bókhald og endursk. • *18 st./verð 36.500*
- Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • *32 st./verð 45.900*

**PowerPoint**

- PowerPoint I: Glærur og kynningar • *13 stundir/verð 16.900*
- PowerPoint 2007 - uppfærsla og nýjungar • *8 stund/8.900*
- PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • *9 stundir/verð 13.900*
- PowerPoint I + II • *22 stundir/verð 24.500*

**Outlook**

- Outlook: póstur, tímareiða og verkefni • *13 st./verð 16.900*
- Outlook 2007 - uppfærsla og nýjungar • *4 stundir/8.900*
- Tímastjórnun með Outlook • *6 stundir/verð 12.900*

**Publisher**

- Publisher: Bæklingar og kynningar • *13 st./verð 16.900*

**Vefsíðugerð**

- DreamWeaver 8 vefsíðugerð • *27 stundir/verð 29.900*
- Microsoft Expression Web • *27 stundir/verð 29.900*
- Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • *18 st/verð 24.900*

**Myndvinnsla og grafík**

- Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 stundir/verð 12.900*
- Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/verð 16.900*
- Photoshop: Ljósmyndir og grafík • *22 stundir/verð 29.900*
- Photoshop Elements • *13 stundir/verð 16.900*
- Visio: Viðskiptagrafík og teikning • *18 stundir/verð 24.900*

**Windows**

- Windows XP framhaldsnámskeið • *9 st./verð 12.900*

**Verkefna- og tímastjórnun**

- PRINCE2 verkefnastjórnun • *18 stundir/verð 49.900*
- Microsoft Project verkefnastjórnun • *22 st./verð 39.900*
- Tímastjórnun með Outlook • *6 stundir/verð 12.900*

*Ný námskeið eru merkt með rauðum lit*

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

www.tv.is

**Tölvunám TV til betri verka**
**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar**
**– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!**

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi** Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fáar konur sitja í stjórnum lífeyrissjóða á Íslandi.

## Stjórnarkonur

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Í Fréttablaðinu í gær var frétt um kynjahlutföll í stjórnum og ráðum á vegum Alþýðusambands Íslands. Þar kom fram að samkvæmt nýrri samantekt ASÍ væru karlar rúm 73 prósent stjórnarmanna í lífeyrissjóðum en konur tæp 27 prósent. Af sextíu stjórnarmönnum lífeyrissjóða væru níu konur fulltrúar stéttarfélaga og sjö konur tilnefndar af Samtökum atvinnulífsins.

Það er eðlilegt að konur sækist eftir aukinni ábyrgð í stjórnum lífeyrissjóða. Konur eru oft meirihluti sjóðsfélaga og ættu að hafa möguleika á áhrifum samkvæmt því. Af hverju eru þá ekki fleiri konur í stjórnum lífeyrissjóða?

Ein skýringin gæti verið sú að lítið lýðræði er við kjör í stjórnir lífeyrissjóða. Í langflestum tilvikum eru það samtök atvinnurekenda og stjórnir launþegasamtaka sem tilnefna fólk í stjórnir. Áhrif félagsmanna eru hverfandi í þessu ferli þó hægt sé að sýna fram á að þeir velji forystu í sínu stéttarfélagi.

Nokkur umræða var árið 2003 um aukið lýðræði sjóðsfélaga lífeyrissjóða. Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði í fyrirspurnartíma á landsfundi Sjálfstæðisflokksins að það væri óhjákvæmileg þróun að hinn almenni félagi í lífeyrissjóðum fengi aukinn rétt til að velja í stjórnir sjóðanna. Í sama streng tók Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra á vorþingi Samfylkingarinnar sama ár. Það ætti því að vera pólitískur vilji nú, þegar þessir ráðherrar starfa saman í ríkisstjórn, til að auka áhrif sjóðsfélaga við stjórnarkjör.

Það felast auðvitað heilmikil völd í því að stjórna lífeyrissjóðum á Íslandi sem réðu yfir 1.500 milljörðum króna um síðustu áramót. Menn gefa þau völd ekki svo auðveldlega upp á bátinn.

Í þessari umræðu hafa samtök atvinnurekenda bent á að þeir greiði mótframlag fyrir launþegann í lífeyrissjóðina og eiga því rétt á að tilnefna fólk í stjórnir. Mótrökin gegn því eru þau að framlag atvinnurekanda er hluti af launakjörum starfsmanns og sambærilegt við önnur kjör hans.

Því er einnig haldið fram að ákveðið jafnvægi þurfi að vera í stjórnum lífeyrissjóða frá ári til árs. Hagsmunir sjóðsfélaga séu ekki einsleitir og sú staða geti komið upp að minnihluti sjóðsfélaga nái undirtökum í stjórn og beiti sér fyrir breytingum sem séu andstæðar hagsmunum meirihluta félagsmanna.

Þetta viðhorf lýsir vantrú á lýðræðinu. Aukin þátttaka sjóðsfélaga hlýtur að leiða til þess að þeir íhugi betur hverjir hagsmunir þeirra séu við stjórn sjóðsins. Þeir greiða atkvæði í samræmi við það sem veitir stjórnendum nauðsynlegt aðhald. Lífssparnaður þorra almennings er varðveittur í lífeyrissjóðum og aðgát í ákvarðanatöku mikilvæg. Bein aðkoma sjóðsfélaga í stjórnarkjöri ætti því að leiða til enn betri niðurstöðu í rekstri lífeyrissjóða.

Á meðan flestir lífeyrissjóðir eru vel reknir á Íslandi verður krafan um beina aðkomu sjóðsfélaga við val á stjórnum ekki hávær. Hins vegar gæti krafan um aukna þátttöku kvenna í stjórnum sjóðanna knúið þá umræðu áfram. Karlar geta auðvitað gætt hagsmuna kvenna jafn vel og konur geta gætt hagsmuna karla. En það er mikilvægt að fólkið sjálft ráði hverjir gæti hagsmuna þess. Ekki útvaldir forystumenn atvinnulífsins og verkalýðshreyfingarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gott samkomulag

Í kjölfar umfjöllunar Fréttablaðsins um starfslok Ólafs Arnar Haraldssonar, forstjóra Ratsjárstofnunar, sá utanríkisráðuneyti ástæðu til að gefa út tilkynningu þar sem fullyrt er að fyrirsögnin „Forstjóri gekk á dyr hjá Ratsjárstofnun“ eigi ekki við rök að styðjast. Segir í tilkynningunni að „Ólafur Örn Haraldsson hefur fyrir nokkrum dögum síðan látið af störfum sem forstjóri Ratsjárstofnunar í góðu samkomulagi við utanríkisráðuneytið“. Nú er það svo að Ólafur Örn kvaddi starfsfólk sitt á fundi og með tölvupósti í fyrri hluta síðustu viku. Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins kom svo af fjöllum þegar blaðamaður Fréttablaðsins innti hann um starfslok Ólafs á föstudag. Ósagt skal látið hvað það er kallað í utanríkisráðuneytinu þegar forstjórar ríkisstofnana kveðja og láta hvorki kóng né prest vita en varla er það til marks um „gott samkomulag“.



### Af sem áður var

Ekki er langt síðan meirihluti bæjarstjóra á höfuðborgarsvæðinu voru konur. Steinunn Valdís Óskarsdóttir var borgarstjóri, Ragnheiður Ríkharðsdóttir var bæjarstjóri í Mosfellsbæ, Hansína Björgvinsdóttir í Kópavogi og Ásdís Halla Bragadóttir í Garðabæ. Allar hafa þær hins vegar horfið til annarra starfa. Nú er Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Haraldur Sverrisson er bæjarstjóri í Mosfellsbæ, Gunnar Birgisson í Kópavogi og nafni hans Einarsson ræður ríkjum í Garðabæ. Sem fyrr er Lúðvík Geirsson bæjarstjóri í Hafnarfirði, Jónmundur Guðmarsson á Seltjarnarnesi og Sigurður Magnússon á Álftanesi. Sem sagt engin kona í bæjarstjórastól lengur.



bergsteinn@frettabladid.is

# Áfengið og aðgengið



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

**Í DAG** | Frumvarp um léttvín í matvörubúðum

Voru Evróvisjónkosningar í laugardagsþætti Sjónvarpsins um daginn skilaboð úr þjóðardjúpinu vegna frumvarps Sigurðar Kára Kristjánssonar um afnám á einkasölu á áfengi? Það er aldrei að vita. Þetta er djúp þjóð.

Þrjú lög voru í boði: bráðhresst trallala eftir doktor Gunna sem hefði komið Íslendingum upp úr neðri deildinni keppninnar; eitthvað sorglegt á ensku – og loks lag með Mannakornum – Pálma og Magnúsi Eiríkssyni – um ömurlegan íslenskan drykkjuskap, hina sérílenskan túramennsku sem allar fjölskyldur þekkja og hefur um aldir verið þjóðarböl. Það lag sigraði.

Djúp þjóð.

### Aðgengi og ofneysla

En oft hefur maður svo sem velt því fyrir sér nýkominn frá Evrópu hvers vegna ekki sé hægt að kaupa áfengi í matvörubúðum hér á landi. Það er ekki eins og utanferðir Íslendinga séu lengur samfellt ölæði, þrátt fyrir „stórbætt aðgengi“ að áfengi, eins og var hér í gamla daga þegar öngvitið byrjaði með fyrsta „Polar-bírnum“ í Keflavík og menn rönkuðu svo við sér á áttunda degi einhvers staðar í þvældum rúmlökum á sólarströnd.

Þá sýndi sig fylgni milli aðgengis og ofneyslu: því minna aðgengi því meiri neysla. Því minni kunnátta í meðferð áfengis.

Umræða um áfengi er því marki brennd hér á landi að endurspegla gamla ósiði í umgengni við þetta efni – gamla sorg. Hún er öfgafull og menn býsna ósveigjanlegir á báða boga. Kráareigendur í miðbænum harðneita að sjá nokkurt samhengi milli ölvunar þar og þess áfengis sem þeir selja fólki og ekki koma þeir heldur auga á að samhengi sé á milli þess að fólk kútveltist um blindfullt fram eftir helgarmorgnum og opnunartímans sem er með ólíkindum langur.

Og áfengisvarnarfólk harðneitar að sjá að fólk verður almennt minna ölvað af einum bjór og léttvínsglasi en hinni hömlulausu asnadrykkju sem tíðkaðist í gamla daga; og að áfengismenning Íslendinga hefur stórum batnað eftir að bjór var hér leyfður og léttvín meira haft við hönd með mat.

Og nú er komið fram frumvarp um að leyfa bjór og léttvínssölu í matvörubúðum. Ekki verður sagt að talsmenn frumvarpsins hafi verið sannfærandi eða málefnalegir. Rökföstum og vönduðum málflutningi Ögmundar Jónasssonar gegn því svarar flutningsmaður frumvarpsins, Sigurður Kári Kristjánsson, með upphrópunum um afturhaldsemi Ögmundar. Hann hefði eins getað sagt: „Þú ert asni“ – eða „þú ert fitukeppur“.

Þannig renna á mann tvær grímur við að fylgjast með Sigurði Kára afla málstað sínum fylgis. Á þingi hefur hann reyndar fram til þessa einkum getið sér orð sem eindreginn talsmaður óbeinna reykinga og ráð sín virðist hann aðallega sækja til dr. Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar sem um þessar mundir haslar sér völl sem einn skeleggasti baráttumaður okkar tíma fyrir mengun í heiminum.

Þetta er ekki einfalt mál. Sagan um Íslendinga og áfengi er löng og ansi raunaleg og alkóhólisminn hefur reynst mörgum íslenskum fjölskyldum þungbær. Léttúðarhjal á borð við að líkja áfengi við majónes eins og Sigurður Kári gerði á hér síst við.

### Hófdrykkja er til

En það er heldur ekki rétt að miða áfengisstefnuna í landinu fyrst og fremst við þá sem umgangast efnið óeðlilega – neyta þess í óhófi vegna alkóhólisma sem við gerum okkur öll betur grein fyrir en áður. Flest fólk hefur í sér stoppara þar sem áfengi er annars vegar, og það er í aðra röndina félagslegt hvernig sá stoppari starfar. Það er að segja: ríki almennt umburðarlyndi gagnvart ölæði á almannafæri er stopparinn síður virkur. Því hvunndagslegri vara sem vín og bjór er þeim mun líklegra er að mikil ölvun þyki félagslega ótæk.

Ofsafylleri á götum úti fram á morgun er hvorki áskapað Íslendingum né stundað af þeim unnvörpum. Þetta er ekki í genunum, ekki út af skammdeginu eða kuldanum. Þetta er félagslegt, og birtingarmynd á vandamálum sem eiga sér djúpar rætur: til dæmis í upplausn heimila, vansæld barna sem lítið hafa af foreldrum sínum að segja vegna langs vinnutíma og þannig mætti lengi telja. Í sjálfu sér skiptir ekki máli í þessu sambandi hvort hægt sé að kaupa léttvín og bjór í matvörubúðum. En ef krárnar lokuðu fyrr fælust í því skýrari skilaboð frá samfélaginu um gildi hófseminnar og þess að drífa sig heim að sofa.

Hófdrykkja er til. Og það sem meira er: yfirgnæfandi meirihluti fólks neytir áfengis í hófi, og kannski tímabært að innprenta unglingum að vín er eðlilegur partur af lífinu – ekki óeðlilegur.

# Útrás til Indónesíu

**UMRÆÐAN**

Alþjóðaviðskipti



ANDRÉS JÓNSSON

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra kom til Djakarta, höfuðborgar Indónesíu, um helgina. Erindið er að eiga viðræður við orkumálaráðherra landsins og einnig að vera viðstaddur undirritun samstarfssamnings REI/Geysir Green Energy við indónesíska ríkisolíufyrirtækið Pertamina. Fyrir íslenska áhugamenn um Indónesíu er þetta töluverður viðburður því viðskiptin milli landanna hafa verið afar lítil í gegnum tíðina.

Það er hins vegar ekki einfalt að stunda viðskipti í Indónesíu. Íslenskir útrásarvíkingar sem vanir eru að vinna hratt þurfa að búa sig undir að það geti verið ýmis ljón í veginum. Samkvæmt nýlegri úttekt Alþjóðabankans tekur það að meðaltali 150 daga að opna nýtt fyrirtæki í Indónesíu, sem er þrefalt meðaltal Asíuþjóða. Spilling er landlæg í Indónesíu og Pertamina hefur um árin margoft verið orðað við spillingu. Fyrirtækið er í ríkiseigu en var í áratugi í umsjón indónesíska hersins og rekið af hershöfðingjum á eftirlaunum sem voru duglegir við að mjólka út úr ríkinu fé. Skipulagi fyrirtækisins hefur þó verið breytt umtalsvert á allra síðustu árum og í síðustu viku kynnti það einmitt nýja áætlun sem miðar að því að auka gegnsæi í stjórnarháttum þess og berjast gegn spillingu. Það er e.t.v. dálítið kaldhæðnislegt að þetta sé á sama tíma og REI/GGE er í hringiðu meintra spillingarmála heima á Íslandi.

Sagt er að allt að fjórðung ónýttrar jarðvarmaorku sé að finna í Indónesíu og það er spennandi tilhugsun að íslenskir vísindamenn geti aðstoðað Indónesíumenn við að njóta hennar. Þetta land er eitt hið auðugasta af náttúruauðlindum í heimi en hefur verið arðrænt öldum saman, hvort sem það er af nýlenduherrum, alþjóðlegum fyrirtækjasamsteypum eða eigin stjórnmála- og embættismönnum. Það er vonandi að íslenskir fjárfestar forðist að feta í þau fótspor og gæti þess að viðskiptin standist lög og rétt.

Indónesar eru fátækir og þeir þurfa á allri þeirri erlendu fjárfestingu sem þeir geta fengið. Eftir fjármálakreppuna í Asíu 1998 hurfu margir erlendir fjárfestar á braut og ekki bætti úr skák mikið regluverk sem ný stjórnvöld í Indónesíu hafa sett á laggirnar. Vonandi ber REI/GGE gæfu til þess að vera hluti af jákvæðri uppbyggingu í landinu en forðist að festast í neti spillingarinnar þar suður frá.

*Höfundur er nemi í HR og áhugamaður um viðskipti í Indónesíu.*

# Viðurkennt tölvunám við allra hæfi

**Computer and office courses for beginners and advanced users**

## Tölvunám byrjenda

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað í notkun tölvu. Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa um að nota tölvuna sjálfstætt m.a. til að skrifa texta, læri að nota internetið og að meðhöndla tölvupóst.

Kennsla hefst 31. okt. og lýkur 26. nóv. Kennt er mánudaga og miðvikudaga, morgun- og kvöldnámskeið í boði.

Lengd 42 std. Verð kr. 32.900,- Kennslubók innifalin.

## Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnu eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt í allri tölvuvinnslu með aukinni þekkingu, hraða og færni.

**Helstu kennslugreinar:**
Windows tölvugrunnur og skjalavarsla, Word, Excel,
Internet og Outlook tölvupóstur.

Kennsla hefst 25. okt og lýkur 4. des. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga, morgun- og kvöldnámskeið í boði.
Lengd 63 std. Verð kr. 39.900,- 3 kennslubækur innifaldar.

## Vefsíðugerð II

Námskeið ætlað nemendum sem vilja bæta kunnáttu sína við gerð faglegra vefsvæða. Hentar einnig þeim sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði og starfa við gerð heimasíðna og vefumsjón. Einnig hentar námskeiðið þeim sem vilja læra grunnatriði vefforritunar og hlutbundinnar forritunar.
Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur sjálfbjarga við gerð flóknari heimasíðna í Dreamweaver og að þeir geti bjargað sér með eigin HTML forritun. Einnig að þátttakendur fái skilning á JavaScript forritun og hlutbundinni forritun þannig að þeir þeir geti notað og breytt JavaScript kóða við heimasíðugerð ásamt því að forrita einfalda JavaScript kóða.

Hefst 29. október. Lengd: 31 std. Verð kr. 32.000,-

## Photoshop ljósmyndun



Námskeið fyrir þá sem komnir eru nokkuð af stað í meðferð stafrænna ljósmynda. Farið verður í grunnatriði skráarbreytinga í ljósmyndun og vinnslu úr hráum myndum (RAW) beint úr vél í gegnum Photoshop. Megináherslur eru á lagfæringar lita og ljóshita, grunnatriði myndvinnslu á mismunandi hátt.
Unnið er með skapandi hugsun, myndbyggingu og þátttakendum leiðbeint í að virkja eigin sköpun til að skapa áhugaverðar ljósmyndir.

Hefst 25. október. Lengd 30 std. Verð kr. 29.000,-

**Sjá nánari upplýsingar um námskeiðin og stundaskrár á vef skólans www.tsk.is.**

## Grafísk hönnun



Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk sem og þá sem vilja forskot til frekara hönnunarnáms t.d. á háskólastigi. Hentar einnig vel þeim sem vilja hanna sínar eigin auglýsingar.

**Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag**
- Photoshop
- Illustrator
- InDesign

Einnig læra þátttakendur að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF). Námskeiðið felst í því að kynna nemendum virkni og uppbyggingu forritanna og að nýta möguleika þeirra til sjálfstæðra vinnubragða.
Kennsla byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum og fá þátttakendur hagnýt verkefni í tengslum við innihald náms. Hefst 8. nóvember
Lengd 105 std. Verð kr. 116.000,- Allt kennsluefni innifalið.

## Önnur námskeið að hefjast

**Fjárhagsbókhald í Navision**
42 std. Verð kr. 49.000- Morgun- og kvöldnámskeið í boð. Hefst 9. og 10. nóvember.

**Bókhald 1**
100 std. Verð kr. 94.000- Morgun- og kvöldnámskeið í boð. Hefst 8. nóvember.

**Stafrænar myndavélar**
14 std. Verð kr. 15.000,- Hefst 15. nóvember.

**Word**
21 std verð kr. 21.000, hefst 30. október.
Morgun- og kvöldnámskeið

**Excel grunnur**
21 std verð kr. 21.000, hefst 13. nóvember.
Morgun- og kvöldnámskeið

**MCP XP**
60 stundir. Verð kr. 89.900,- Próf innifalin.
Hefst 30. október.

**MCSA**
240 stundir . Verð kr. 290.000,-
4 próf innifalin. Hefst 30. október.

**Eldri borgarar 60+ Byrjendur**
30 std. Verð kr. 20.500,- Hefst 6. nóvember.

**Eldri borgarar 60+ Framhald**
30 std. Verð kr. 20.500,- Hefst 5. nóvember.



### VAKTAVINNUFÓLK

**Flest námskeið skólans geta hentað ykkur sérstaklega vel þar sem möguleiki er að skipta milli morgun- og kvöldtíma eftir vöktum án þess að missa úr á stærri námskeiðum.**

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

REYKJAVÍK & AKUREYRI

FAXAFEN 10 | 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 | 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS | SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210

**DORIS LESSING ER 88 ÁRA Í DAG**

*„Ég hef sannreynt, að því eldri sem ég verð því betra verður líf mitt.“*

***Breska skáldkonan Doris Lessing hlýtur bókmenntaverðlaun Nóbels þetta árið.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST**

## *Sartre afþakkar Nóbelinn*

Franski heimspekingurinn og rithöfundurinn Jean-Paul Sartre hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels þennan dag árið 1964 en afþakkaði þau umsvifalaust. Hann fékkst við tilvistarheimspeki í verkum sínum, ritgerðum, skáldsögum og leikritum og lagði áherslu á að hver og einn skapaði lífi sínu merkingu þar sem lífið væri merkingarlaust í sjálfu sér.

Fyrsta skáldsaga Sartre kom út árið 1938 og ári síðar var hann kallaður í herinn þegar seinni heimsstyrjöldin braust út. Hann eyddi ári sem stríðsfangi en barðist síðar með frönsku andspyrnuhreyfingunni.

Árið 1943 gaf hann út Being and Nothingness, eitt lykilverka sinna, þar sem hann lagði áherslu á félagslega ábyrgð hins frjálsa einstaklings. Hann og Beauvoir tóku virkan þátt í starfi róttæklinga og studdu kommúnista í stúdentauppreisnunum 1968. Á síðari árum ferils síns einbeitti Sartre sér að rannsóknum á þekktum bókmenntarisum á borð við Baudelaire, Jean Genet og Flaubert.

Sartre kynntist lífsförunaut sínum, Simone de Beauvoir, á námsárunum. Þau tvö sátu löngum á kaffihúsum, skröfuðu og skrifuðu og drukku kaffi í lítratali.

Heilsu Sartre og sjón hrakaði mikið á efri árum hans og hann lést árið 1980.



**JEAN PAUL SARTRE OG SIMONE DE BEAUVOIR.**

**MERKISATBURÐIR**

**1253** Sturlungar brenna Flugumýri í Skagafirði með 25 manns. Gissur Þorvaldsson bjargar sér með því að leynast í sýrukeri.

**1797** André-Jacques Garnerin stekkur fyrstur manna úr fallhlíf.

**1883** Metrópolitan-óperuhúsið í New York er formlega tekið í notkun.

**1962** Kúbudeilan hefst með sjónvarpsávarpi John F. Kennedy. Hann segir njósnaflugvélar hafa séð skotpalla á Kúbu.

**1968** Geimfarið Appollo 7 hrapar í Atlantshafið eftir að hafa farið 163 hringi umhverfis jörðu.

**1995** 50 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna er fagnað með metþátttöku leiðtoga voldugustu ríkja heims.

# Þrettán þúsundasti íbúinn



**NÝBURA FAGNAÐ** Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, heilsar hér upp á þrettán þúsundasta íbúa Reykjanesbæjar en það er stúlkubarn sem fæddist hinn 17. september í heimahúsi á Vallarheiði.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, heimsótti á dögunum þrettán þúsundasta íbúa bæjarins. Sá íbúi er stúlka sem kom í heiminn 17. september síðastliðinn. Foreldrar hennar eru Kristín Magnúsdóttir og Gústaf Adolf B. Sigurbjörnsson, en þau búa á Vallarheiði.

Aðeins sjö mánuðir eru síðan bæjarbúar fögnuðu tólf þúsundasta íbúanum í Reykjanesbæ. Á þessu sést hve gríðarlega hröð fólksfjölgun hefur verið á svæðinu að undanförnu en að stórum hluta má rekja hana til nýja stúdentahverfisins á Vallarheiði, sem er gamla varnarliðssvæðið.

Reykjanesbær, ásamt Keili og Hjalla, nýjum leikskóla Hjallastefnunnar, afhenti foreldrum stúlkunnar gjafabréf fyrir fyrstu sex mánuðina á leikskólanum Hjalla. Þá gáfu Samkaup fjölskyldunni góðar gjafir úr nýrri verslun sinni á Vallarheiði.



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Pétur Þorgríms Kristjánsson**

fv. framkvæmdastjóri, Smárarima 71, Reykjavík,

lést á Tenerife, mánudaginn 8. október. Útför fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 23. október kl. 13.00.

**Gunnur Samúelsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Pétur Pétursson** | **Sigríður Lovísa Sigurðardóttir** |
| **Ragnar Örn Pétursson** | **Sigríður Sigurðardóttir** |
| **Ólafur Bjarni Pétursson** | **Lára Inga Ólafsdóttir** |
| **Gunnar Pétursson** | **Ragnheiður Regína Hansen** |
| **Samúel Bjarki Pétursson** | **Júlía Rós Júlíusdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Þorsteinn Jónsson**

(Steini Tangó)

frá Gunnarshólma, Vm., síðast til heimilis að Hjallatúni, Vík í Mýrdal,

verður jarðsunginn frá Lágafellskirkju mánudaginn 22. október kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er vinsamlegast bent á dvalarheimilið Hjallatún, Vík í Mýrdal.

**Aðstandendur.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og bróðir,*

**Sveinn Rúnar Vilhjálmsson**

Dofrabergi 21, 221 Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju þriðjudaginn 23. október klukkan 15.00.

| | |
|---|---|
| **Sigrún Fjeldsted Sveinsdóttir** | **Magnús Björnsson** |
| **Linda Guðrún Sigurðardóttir** | **Sævar Örn Gíslason** |
| **Benjamín Fjeldsted Sveinsson** | |

**systkini hins látna og aðrir aðstandendur.**




**SÖNGVARINN OG RITHÖFUNDURINN** „Aðalatriðið er að fólk komi fram af einlægni. Þá er það yfirleitt á grænni grein og getur sýnt alúð,“ segir Bergþór sem sjálfur er meistari í slíkri framkomu eins og þjóðin þekkir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FIMMTUGUR MEÐ FYRSTU BÓKINA: BERGÞÓR PÁLSSON SÖNGVARI

# Fagnar með vinamóti og söng

„Það er bara dásamleg tilfinning að vera orðinn fimmtugur,“ segir söngvarinn Bergþór Pálsson glaðlega þegar hann fær hina klisjulegu spurningu hvernig hækkandi aldur fari í hann. Fimmtugsafmælið hans er nefnilega í dag. „Ég hafði ekki náð þeim þroska þegar ég varð fertugur að skilja hversu mikils virði það er að fá að lifa, að þakka fyrir hvern dag og njóta lífsins. Ég held ég sé búinn að ná því núna þannig að ég er mjög ánægður með þennan áfanga.“

Að sjálfsögðu mun Bergþór gera sér glaðan dag af þessu tilefni. „Ég ætla að bjóða vinum og vandamönnum á tónleika í Salnum þar sem ýmsar stjörnur heiðra mig með því að syngja með mér dúetta. Við vorum að æfa,“ segir hann glaðlega. Þetta er fólk sem hefur sungið mest með mér á skemmtunum hér og þar. Þetta verða sem sagt ekki alvarlegir tónleikar.“

Vinamót, glæsileg bók eftir Bergþór, kom í verslanir fyrir helgina og því berst talið að henni. „Það er skemmtileg tilviljun að útgáfu bókarinnar skuli bera næstum upp á afmælið,“ segir höfundurinn glaðlega. „Hún fjallar um veislur og borðsiði. Ég hef verið að kynna mér þau mál í áratugi en byrjaði ekki að skrifa fyrr en fyrir um tveimur árum, hægt og rólega í hjáverkum. Svo endaði með að ég þurfti að stytta textann mjög mikið.“

Þótt Bergþór hafi brugðið sér í mörg spennandi hlutverk á sviði um ævina þá hefur hann ekki staðið í sporum alvöru rithöfundar fyrr. „Þetta er það fyrsta sem ég skrifa. Ég veit ekki hvernig það kemur út, vona bara að fólk taki viljann fyrir verkið,“ segir Bergþór og bendir stoltur á að sonur hans Bragi hafi tekið allar myndir í bókinni. „Þetta er svona feðgaverkefni,“ segir hann brosandi. En þótti honum á skorta að Íslendingar kynnu borðsiði? „Mér finnst að minnsta kosti áhugi fyrir þessu efni. Aðstæður í þjóðfélaginu hafa breyst. Margir fara flott út að borða og í fínar veislur og langar ekki að vera eins og fílar í postulínsbúð. Mikil áhersla er samt lögð á það í bókinni að hugarfar og hjartalag skipti meira máli en umgjörð og reglur. Allt sem ég segi þar eru tillögur þannig að fólk getur ráðið hvort það notar þær eða ekki.“

Spurður hvort hann sæki siðaboðskap til annarra þjóða svarar Bergþór. „Það getur verið að þeir blandist eitthvað inn í en fólk verður að læra á hvert land þegar það kemur á staðinn. Það væri alltof mikið mál að fara í gegnum allan heiminn í svona bók. Aðalatriðið er að framkoma fólks sé eðlileg. Þá er það yfirleitt á grænni grein og getur sýnt alúð. Aðrir hlutir koma af sjálfu sér og það er glaðlegt andrúmsloft sem skiptir mestu máli.“

**gun@frettabladid.is**

**AFMÆLI**



**Jón Óskar Hafsteinsson** er 53 ára.



**Sonja B. Jónsdóttir** kvikmyndagerðarmaður er 55 ára.



**Catherine Deneuve** leikkona er 64 ára.

# Ný kapella vígð

Ný kapella var vígð á slysa- og bráðadeild í Fossvogi fimmtudaginn 18. október af séra Jóni Dalbú Hróbjartssyni prófasti Reykjavíkurprófastsdæmis vestra sem einnig predikaði. Viðstödd athöfnina voru sr. Ingileif Malmberg, sjúkrahúsprestur á Landspítala háskólasjúkrahúsi, ásamt fleiri prestum og einnig starfsmönnum slysa-og bráðadeildar.

Miklar breytingar og endurbætur standa yfir á húsnæði slysa- og bráðadeildar. Meðal annars var kapella, sem var vígð þar árið 2000, færð á annan stað á deildinni og þar við hliðina komið fyrir rúmgóðri og vistlegri aðstöðu fyrir aðstandendur.



**VÍGSLA** Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson vígði nýju kapelluna og viðstaddir tóku vel undir í söngnum.

**Sjónvarpsborð** frá Highland fæst nú með 30 prósenta afslætti hjá Húsgagnahöllinni og kostar það því 39.980 krónur í stað 59.980. Einnig er hægt að fá stofuborð og hornborð frá Highland í stíl og fást þau með jafn miklum afslætti.



**Feng Shui** fyrir heimilið, er heiti námskeiðs sem verður haldið hjá Mími-símenntun á morgun, þriðjudaginn 23. október og þriðjudaginn 6. nóvember. Á námskeiðinu verður farið í helstu grunnþætti Feng Shui og kennari er Svala Rún Sigurðardóttir.



**Vatnskönnur** eru þarfaþing og geta komið að mörgum notum. Fyrir utan það að eiga vel heima á eldhúsborðinu er til dæmis hægt að nota þær til að vökva pottablómin og jafnvel nota þær sem blómavasa ef þeir eru ekki margir á heimilinu.

# allt




GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

STIGAR
Allar mögulegar gerðir eftir óskum hvers og eins - Sjá heimasíðu okkar
Mælum, teiknum og setjum upp
Hagstæð verð og fljót afgreiðsla
Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com
Koma fallegustu stigarnir frá Mex ?

Húsgagna-Lagersala
Leðursófasett
hornsófasett
sófasett með innbyggðum skemli
borðstofuborð og stólar
skenkar
sófaborð
eldhúsborð
rúm í ýmsum stærðum og gerðum
Verðdæmi:
Leðursófasett áður kr. 239,000
nú 79,000
Borðstofustóll áður 17,000
nú 5,000
Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar




Viðar Pálsson er hæstánægður með nýju bókahillurnar sem voru sérhannaðar í íbúðina. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Bókin er besti vinurinn

***Margir eru í vandræðum með að koma fyrir stórum bókasöfnum en Viðar Pálsson fann lausn á því vandamáli þegar hann flutti í nýja íbúð.***

Viðar er sagnfræðingur sem ver miklum tíma í að skrifa doktorsritgerð í miðaldasögu við Kaliforníuháskóla í Berkeley. Þess utan kennir hann í gamla skólanum sínum, Menntaskólanum í Reykjavík, og raðar í nýju bókahillurnar sínar sem eru í miklu uppáhaldi þessa dagana.

„Að hundinum og hestinum ólöstuðum er bókin besti vinur mannsins og dyggasti þjónn og verðskuldar þó ekki sé nema pláss í sæmilegri hillu til að halda virðingu sinni. Þetta má sem betur fer gera á mismunandi máta en sá sem við Jónína, hinn helmingurinn af mér, erum hrifnust af er þegar bókum er leyft að þekja veggi fullkomlega,“ segir Viðar ákveðinn og bætir við: „Þessar hillur teygja sig frá gólfi og upp í loft, yfir op milli stofu og borðstofu, og undir gluggasyllu. Annars lygi ég ef ég segði að hagkvæmnissjónarmið og plássskortur hefðu ekki haft veruleg áhrif á ráðstöfun af þessu tagi.“

Viðar hafði samband við æskuvin sinn úr Garðabænum, Jóhann Böðvar Skúlason, sem er smiður og hann tók að sér að smíða hillur undir bækurnar.

„Við gáfum Jóa frjálsar hendur enda er hann völundur. Hillurnar eru að öllu leyti hans sköpunarverk frá hönnun til smíði og heiðurinn er allur hans,“ útskýrir Viðar stoltur af vini sínum. En nú velta eflaust margir fyrir sér hvað svona ævintýri kostar.

„Sem betur fer þurfa menn ekki að selja undan sér jörðina til að fjárfesta í innbyggðum hillum. Efnið fæst sagað eftir máli í öflugustu timbursölum fyrir verð sem jafnvel nemar og menntaskólakennarar ráða við. Lykilatriðið er að eiga handlaginn æskuvin til þess að misnota. Við vorum svo ánægð með árangurinn að við þröngvuðum Jóa til þess að smíða sams konar bókahillur þar sem gengið er úr boðstofu inn í eldhús,“ segir Viðar glettinn og bætir við að skynsamlegt sé að forðast að hafa hillurnar of djúpar. „Þá fer verulegt gólfpláss undir loft á bak við bækur. Þetta hefur að vísu þau áhrif að stærstu bækurnar rúmast ekki í hillunum. En þær bækur eru jafnan brot af safni fólks og eiga náttúrulega heimkynni annars staðar svo sem á sófaborðum, upp á skápum, eða inni í klósetti, þar sem þær eru alla jafna betur geymdar og lesnar,“ staðhæfir bókaormurinn Viðar.

hrefna@frettabladid.is


Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið



**iPod** getur auðveldlega orðið fyrir hnjaski og því ágætt að eiga góða hlíf utan um hann. Víða er meira að segja hægt að fá hulstur sem ekki þarf að taka tækið þegar til stendur að nota það.

# Heimur í háskerpu

***Framboð háskerpusjónvarpstækja er mikið og því mikilvægt að hafa staðreyndirnar á hreinu áður en fest eru kaup á slíku tæki.***



Örlygur Jónatansson verður með stuttnámskeiðið Háskerpusjónvarp (HDTV) og flatskjáir í Rafiðnaðarskólanum, sem byggist á bókinn, Fjarskiptahandbókin, sem hann samdi. Nánari upplýsingar um bókina eru á www.fjarskiptahandbokin.is. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

**Húsvagnafólk - Síðustu plássin**
Fyrsta flokks upphitað hús á EyrarbakkaTökum allar stærðir. Vefmyndavélar.S. 564-6500

**Fellhýsi - tjaldvagnar.**
Til leigu upphitað geymsluhúsnæði á Suðurnesjunum. Tek í geymslu fellihýsi og tjaldvagna. Uppl. í s. 867 1282.

## Bílskúr

Til leigu bílskúr í vesturbæ Kópavogs, ca. 23 fm, 25 þ. pr. mán. s. 8497209

## Gisting

**Rjúpa**
Bókaðu strax! Hótel Bjarg, Fáskrúðsfirði. Sími 899 6221.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Vaktstjóri Á Pizza Hut Nordica**
Pizza Hut leitar að vaktstjórum í veitingasal á Pizza Hut Hótel Nordica. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 22 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Nánari uppl. hjá Birgir veitingastjóra Pizza Hut Nordica 694-8022 og 533-2002.

**Vaktstjóri Select Vesturlandsvegi**
**Okkur vantar öflugan vaktstjóra til framtíðarstarfa á líflegan vinnustað. Verslunarstörf ásamt vaktumsjón. Unnið er á vöktum virka daga og þriðju hverja helgi.**
**Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3056 eða Ella, stöðvarstjóri, í síma 587 9730. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.**

**Starfsmaður á plani Shell Skógarhlíð**
**Hressandi þjónusta og útivera. Kjörið starf fyrir fólk á besta aldri. Unnið er á tvískiptum vöktum mánudag til sunnudags frá kl. 7.30 til 19.30, alls 15 daga í mánuði.**
**Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3056 eða Óskar, stöðvarstjóri, í síma 561 9926. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.**

**Starfsmaður í verslun Select Smáranum**
**Vilt þú takast á við áhugavert starf og starfa með góðu fólki? Afgreiðsla í verslun, þjónusta við viðskiptavini og önnur tengd störf. Unnið er á vöktum virka daga og þriðju hverja helgi.**
**Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3056 eða Jóna, stöðvarstjóri, í síma 554 2280. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.**

**Dýrabær**
**Hvolpa-og hundagrindur koma samsettar, 8 hliðar ásamt hurð, 3 hæðir. Dýrabær Smáralind og Hlíðasmára 9, Kóp. www.dyrabaer.is**

**Svínabúið að Brautarholti Kjalarnesi óskar eftir að ráða karlkyns/ kvenkyns starfsfólk núþegar.**
**Um er að ræða almenn bústörf á nútíma svínabúi. Húsnæði í boði. Pigfarm at Brautarholti Kjalarnesi ( located 25 kilometers from Reykjavik) would like to hire male/ female employers. Good working enviroment on a modern pigfarm. Rooms provided. Farma Brautarholti Kjalarnesi (znajujaca sie 25 km od Reykjavika)poszukuje pracownikow.Praca moze byc wykonywana zarowno przez kobiety jak i mezczyzn. Firma gwarantuje zakwaterowanie i dojazd do pracy.**
**Ólafur s. 892 3041 Piotr: 891 7279.**

**Ert þú að leita að skemmtilegri vinnu með skóla?**
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-7004. Aldurstakmark er 16 ár.**

**Pípulagnir**
Faglagnir ehf óska eftir að ráða vana pipulagningamenn vegna mikilla verkefna. Uppl. í síma 824 0242, Benidikt.

**Hjólbarðaverkstæði/bón og þvotta stöð**
Óskum eftir fólki á Smur- hjólbarðaverkstæði Bílkó. Uppl. gefur Guðni í s. 660 0560.

**Tires and oil**
Hiring people for tires and oil change at Bílkó. Please contact Guðni 660 0560.

**Járnamaður óskast**
GG járnaverktakar, sem er íslenskur járnaflokkur, óska eftir að ráða vanan og/eða sprækan mann í fasta vinnu. Uppl. í s. 692 0367 & 849 0880.

**Bráðvantar starfsmann**
Handlaginn mann eða smið vantar til starfa við húsaviðgerðir o.fl. Góð laun fyrir réttan aðila. S. 616 1569.

**Gröfumenn ehf.**
Óskum eftir gröfumönnum, trailerbílstjóra og verkamönnum. Uppl. í s. 860 4431 & 860 4430 & 565 0033.

**Góð íslenskukunnátta!**
Rótgróið markaðsfyrirtæki óskar eftir traustum starfsmanni 35+ ára í símasölu á skrifstofutíma. Þjálfun á staðnum. Upplýsingar í síma 869 0291 Kristín.

Óska eftir smiðum eða mönnum vönum utanhúsklæðningum. Uppl. í síma 897-0475

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

Starfsfolk fra Lettlandi; smidir, verkamenn, bilstjorar, raestingafolk o.fl. S. 845 7158.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál




**18plús.is**
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenzkur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.

Dansráð Íslands
Fagfélag danskennara







Auglýsingasími
512 50 50


– Mest lesið







## STUÐ MILLI STRÍÐA Ég elska lasanja

**VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR** ER FEITUR, APPELSÍNUGULUR KÖTTUR



Teiknimyndapersónur öðlast vinsældir að miklu leyti vegna þess að þær hafa skírskotun í raunveruleikann og raunverulegt fólk. Það skiptir engu máli hvort persónan er dýr, maður, eða jafnvel svampur, hún öðlast ekki vinsældir nema við getum á einhvern hátt samsamað okkur henni.

Þegar ég var barn þótti mér stundum að ég hreinlega „væri“ einhverjar tilteknar teiknimyndapersónur. Ég hef átt erfitt með að klippa á tilfinningabönd mín til þessara persóna, þrátt fyrir að vera orðin fullorðin. Sökum þessa hef ég hér með tveggja pistla röð þar sem ég mæri þær teiknimyndapersónur sem ég finn hvað mesta samkennd með. Seinni pistillinn birtist á þessum vettvangi eftir viku.

Heiðursgestur dagsins er enginn annar en kötturinn Grettir og eiga fáir betur við á mánudagsmorgni. Hann elskar lasanja; ég elska lasanja. Hann elskar bangsann sinn; ég elska bangsann minn. Það skal þó játast að ég reyni dags daglega að viðhafa jákvæðara lífsviðhorf en það sem Grettir hefur tamið sér. Hann hatast við hunda, mánudaga, kettlinga, megrunarkúra, ættingja eiganda síns, dýralækna, köngulær, vekjaraklukkur og í raun allt það sem stendur í vegi fyrir endanlegu markmiði hans: að sofa og borða til skiptis án truflunar. Lífsmarkmið okkar Grettis eru ólík en þó skil ég afstöðu hans. Hann er svolítið eins og ég held að ég væri ef samfélagið veitti mér ekki rösklegt aðhald öllum stundum.

Grettir kynnti fyrir mér kaldhæðið lífsviðhorf fullorðinna. Einmitt þegar ég var að vakna til meðvitundar um það að lífið er ekki eintómur dans á rósum og að það er fráleitt skemmtilegt að þurfa að fara í skóla eða vinnu fimm morgna vikunnar, þá kom þessi köttur inn í líf mitt eins og appelsínugulur riddari með lasanja-bakka og sýndi mér að hægt er að kljást við grámyglu hversdagsleikans með kímnigáfuna að vopni. Fyrir það verð ég honum ævinlega þakklát.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**kl. 12.30**
*Eggert Pétursson listmálari fjallar um list sína í fyrirlestri Opna listaháskólans í dag kl. 12.30, í stofu 024 í húsnæði Listaháskólans á Laugarnesvegi 91 í Reykjavík.*

**menning**
menning@frettabladid.is

# *Tríó Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum*

Kjarvalsstaðir hafa löngum verið eftirsóttur tónleikastaður fyrir flutning á klassískri tónlist, enda er staðurinn af hentugri stærð og þar er góður hljómburður. Á árum áður var tónleikahald reglulegt á Kjarvalsstöðum en á síðari tímum hefur því miður dregið nokkuð úr því.

Listasafn Reykjavíkur hyggst nú endurvekja gömul kynni Kjarvalsstaða af klassískri tónlist og mun stuðla að reglubundnu tónleikahaldi þar í framtíðinni. Fyrsti tónlistarhópurinn sem Listasafn Reykjavíkur hefur gengið til samstarfs við er Tríó Reykjavíkur en það mun halda þrenna hádegistónleika á Kjarvalsstöðum fram að áramótum.

Fyrstu tónleikarnir fara fram í dag kl. 12.15 og standa yfir í um hálftíma. Aðrir og þriðju tónleikarnir í röðinni verða 19. nóvember og 17. desember og hefjast þeir allir á sama tíma.

Tríó Reykjavíkur skipa Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari, Gunnar Kvaran sellóleikari og Peter Máté píanóleikari.

Á efnisskrá tónleikanna eru verk eftir Jón Nordal, F. Mendelssohn-Bartholdy, J. Brahms og útsetning Fritz og Hugo Kreisler á Farewell to Cucullain (Londonderry Air).

Aðgöngumiðinn að tónleikunum kostar 500 kr. og gildir einnig á sýningar á Kjarvalsstöðum, í Hafnarhúsi og í Ásmundarsafni í þrjá daga. - vþ



**TRÍÓ REYKJAVÍKUR** Leikur á Kjarvalsstöðum í dag kl. 12.15

# Íslensk myndlist í Naíróbí

**Sýning á málverkum og teikningum eftir íslenska myndlistarkonu, Dagmar Agnarsdóttur, stendur yfir þessa dagana í Ramoma Gallery, helsta sýningarsal kenísku höfuðborgarinnar Naíróbí. Þar eru sýnd liðlega 30 málverk frá árunum 2006 og 2007 og seldist liðlega þriðjungur verkanna strax við opnun sýningarinnar síðastliðinn laugardag.**



**ÍSLENSK LIST Í AFRÍKU** Dagmar við verk sín á opnun sýningarinnar í Naíróbí.

Þetta mun vera í fyrsta skipti sem íslenskur listamaður heldur einkasýningu í Afríku og hefur sýningin vakið talsverða athygli í Keníu. Meðal annars hafa birst viðtöl við Dagmar á tveimur helstu sjónvarpsrásunum í landinu.

Dagmar hefur búið í Keníu síðan í ársbyrjun 2006. Hún hefur tekið þátt í nokkrum samsýningum með afrískum og evrópskum listamönnum og að auki verið leiðbeinandi fyrir unga og upprennandi myndlistarmenn á myndlistarnámskeiðum í Nairobi Arts Centre.

Dagmar segist hafa lagt stund á myndlist frá árinu 1999, en þá fluttu hún og maður hennar til Malasíu vegna starfs hans. „Ég hafði alltaf starfað sem hárgreiðslumeistari og rak hárgreiðslustofu í félagi við vinkonu mína Lindu Aðalgeirsdóttur. Þegar út var komið hafði ég allt í einu mun meiri tíma heldur en áður. Ég dreif mig því í að láta draum minn um að mála rætast.“

Dagmar og maður hennar hafa búið víða um heiminn og hefur Dagmar því sýnt myndlist sína í ýmsum framandi löndum, til að mynda Malasíu, Taílandi og Indónesíu. Dagmar segir sýninguna í Naíróbí vera sprottna úr vinnu síðastliðins árs. „Ég stefndi að því að halda sýningu hér í Naíróbí, þannig að ég vann að því markvisst. Ég var með í tveimur samsýningum á síðasta ári, en sýndi þá kola- og blekteikningar. Þær sýningar gengu afskaplega vel og fjölmörg verk seldust á sýningunni. Þó blundaði í mér að vera með mína eigin sýningu þar sem verkin mín fengju betur að njóta sín. Eftir nokkuð mikla vinnu tókst mér að mála nógu mikið af myndum til þess að fylla sýninguna.“

Að sögn Dagmarar er galleríið sem hún sýnir í eitt framsæknasta galleríið í Keníu. „Ramoma er aðeins fimm ára og það er rekið af styrktaraðilum. Ramoma sýnir samtímalist og er mjög virkt gallerí, með sýningar allt árið um kring. Það þarf að bóka sýningar ár fyrirfram að minnsta kosti, svo fer það fyrir nefnd. Færri komast að en vilja og ekki úr mörgum öðrum sýningarstöðum að moða, en það eru nokkur veitingahús sem bjóða listamönnum upp á að halda sýningar inni á viðkomandi stöðum. Eins og sést af þessu er takmarkað framboð af sýningarstöðum og ég álít mig mjög heppna að hafa komist að.“

Myndlistarlífið í Keníu er að mörgu leyti frábrugðið því íslenska. „Listalífið hér í Keníu eða í Afríku er mjög spennandi, fullt af mjög góðum listamönnum. Margir af þeim eru sjálfmenntaðir og fullir af eldmóði. Hlutirnir ganga líka töluvert öðruvísi fyrir sig hér í Afríku. Hérna er einhvern veginn meiri taktur í lífinu og andstæðurnar sem blasa við manni á hverjum degi eru ótrúlegar. Þá á ég kannski við hluti eins og ríkidæmi og fátækt, risaborgir og ótrúlega náttúru, grátlega mannvonsku og ótrúlega fallega mannúð. Allt þetta veitir listamönnum gríðarlegan innblástur til þess að vinna að sinni list,“ segir Dagmar.

Sem stendur hefur Dagmar engin áform um að sýna myndlist sína á Íslandi. „Það væri alveg yndislegt að fá tækifæri til að sýna heima og ég vona að það komi til þess einn daginn.“

vigdis@frettabladid.is

# Hádegistónleikar Íslensku óperunnar

Hanna Dóra Sturludóttir, sópran, Freyja Gunnlaugsdóttir, klarinetta, og Daniela Hlinkova, píanó, flytja tónlist frá þremur öldum fyrir söngrödd, klarinettu og píanó á hádegistónleikum í Íslensku óperunni á morgun kl. 12.15.

Hanna Dóra er gestum Íslensku óperunnar að góðu kunn, en nú síðast söng hún titilhlutverkið í hinni rómuðu uppfærslu á Ariadne auf Naxos eftir Richard Strauss og hlaut mikið lof gagnrýnenda fyrir.

Hanna Dóra mætir nú til leiks í Íslensku óperunni ásamt þeim Freyju Gunnlaugsdóttur klarinettuleikara og Danielu Hlinkovu píanóleikara.



**HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR** Syngur á hádegistónleikum í dag.

Á efnisskránni eru tvær aríur úr óperunni La clemeza di Tito, eftir W. A. Mozart, Tveir söngvar op. 91/1 og 91/2 ,eftir Johannes Brahms og Tveir ferðasöngvar, eftir Atla Heimi Sveinsson við texta Paal-Helge Haugen.

Aðgangseyrir að hádegistónleikum Íslensku óperunnar er 1.000 kr. og er sætaval frjálst í salnum niðri. Fyrir og eftir tónleika má kaupa léttar veitingar í anddyri Íslensku óperunnar.












> POT Í BUMBU

Sean Penn tilheyrir ekki þeim stjörnufansi sem kann vel að meta athygli blaðaljósmyndaranna. „Það ætti að setja þá í búr þar sem maður getur potað í þá með priki í korter. Ekki á illgjarnan hátt, bara upp á grínið. Þeir eru virkilega að gera árás á mannkynið; þetta er sjúkdómur. Það ætti að hjálpa þeim einhvern veginn. En mig langar samt að pota í þá með priki,“ segir leikarinn.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Britney fær að hitta börnin

Britney Spears virðist aftur hafa fengið umgengnisrétt við börn sín. Söngkonan sást keyra um Los Angeles á laugardag með syni sína tvo, Jayden James og Sean Preston, í bílnum, líklega í fylgd eftirlitsmanns skipaður af dómaranum. Spears var svipt öllum umgengnisrétti við drengina á fimmtudag, eftir að hún virti skipanir dómstólsins ítrekað að vettugi.

Hluti af þeim skilmálum sem dómarinn setti Britney, til þess að hún fengi að umgangast syni sína, var að hún gengist reglulega undir lyfjapróf. Britney svaraði hins vegar ekki símtölum þegar koma átti slíku lyfjaprófi í kring. Heimildarmaður In Touch Weekly og góðvinur söngkonunnar sagði það hafa verið fyrir slysni, þar sem ekki næðist gott farsímasamband á heimili Britney í Malibu. Skömmu áður missti söngkonan af heimsóknartíma með sonum sínum. Þá skellti hún skuldinni á dyrabjölluna á sama heimili sem hefði hreinlega ekki virkað. Hún missti þar að auki af tíma með uppeldisþjálfaranum, sem henni var gert að sækja tíma hjá.

Þó að afsakanir Britney hafi hingað til ekki átt upp á pallborðið hjá dómaranum hlýtur hún að hafa gert eitthvað rétt til að hljóta aftur umgengnisréttinn. Lögmaður Kevins Federline sagði reyndar strax á fimmtudag að hann byggist við að hún hlyti réttinn aftur þar sem hún hefði þegar uppfyllt einhver af skilyrðum dómarans. Federline og Britney eiga að mæta næst í réttarsal 26. október.



**SAMAN Á NÝ** Britney Spears hefur aftur fengið umgengnisrétt við syni sína tvo, en hún var svipt honum síðastliðinn fimmtudag.






# Stjörnustríð í réttarsölum

**Sir Paul McCartney hefur lýst skilnaði sínum við Heather Mills sem algjöru helvíti. Fleiri stjörnur hafa glímt hart í réttarsölum og fjölmiðlum að undanförnu og sér ekki fyrir endann á þeim deilum.**

„Eins og Winston Churchill sagði eitt sinn: „Ef þú ert að ganga í gegnum helvíti á jörð, haltu þá bara áfram!“ sagði McCartney við tímaritið Radio Times. McCartney hefur, eins og fleiri stjörnur, eytt mikilli orku í réttarsölum að undanförnu þar sem forræðismál hefur verið aðaldeiluefnið. Þó svo að foreldrarnir kvarti hverjir undan öðrum ættu þeir þó að hafa vit á því að taka sig saman í andlitinu barnanna sinna vegna sem undantekningarlítið fara verst út úr hremmingunum.

### Tónlistin læknar sárin

McCartney kvæntist fyrirsætunni fyrrverandi, Heather Mills, árið 2002. Sú hamingja entist ekki lengi því í maí á síðasta ári skildu þau að skiptum. Að undanförnu hafa þau barist hart í réttarsölum varðandi skiptingu eigna þeirra og um forræðið yfir þriggja ára dóttur þeirra Beatrice.



**MCCARTNEY OG MILLS** Paul McCartney og Heather Mills skildu í fyrra eftir fjögurra ára hjónaband.

„Þetta hafa verið erfiðir tímar en tónlistin læknar mín sár. Fyrir mér er tónlist eins og meðferð. Í raun og veru, þegar maður hefur gengið í gegnum svona erfiðleika, verður maður ennþá einbeittari í því að búa til góða tónlist,“ sagði Bítillinn fyrrverandi.

### Sjö ára forræðisdeila

Leikarahjónin fyrrverandi, Alec Baldwin og Kim Basinger, skildu árið 2000 eftir sjö ára hjónaband. Síðan þá hafa þau deilt vegna forræðis yfir dóttur þeirra Ireland sem nú er orðin tólf ára. Árið 2004 ákváðu þau að deila forræðinu en síðan þá hefur Baldwin kært barnsmóður sína fyrir að neita honum um að heimsækja dóttur sína og tala við hana í síma, auk þess sem hann segist ekki fá að vita þegar hún verður fyrir meiðslum. Basinger hefur lýst sig saklausa af öllum ákærunum og segir Baldwin sjálfan ekki barnanna bestan.



**ÞEGAR ALLT LÉK Í LYNDI** Leikarahjónin fyrrverandi, Alec Baldwin og Kim Basinger, deila hart vegna dóttur þeirra.

### Hættulegur lífsstíll

Charlie Sheen og Denise Richards, sem skildu á síðasta ári, hafa átt í harðvítugum deilum vegna dætra þeirra Sam J. og Lola Rose. Richards hélt því fram fyrir skömmu að dætur þeirra ættu ekki að gista hjá föður sínum vegna lífsstíls hans, sem ku einkennast af fjárhættuspili og vímuefnaneyslu. Sheen svaraði fullum hálsi og sagði fyrrverandi konu sína hafa beðið hann um gjafasæði til þess að eignast þriðja barnið. Richards kvaðst hafa sagt það í gríni til að gera kærustu Sheen, Brooke Mueller, afbrýðisama.



**SHEEN OG RICHARDS** Denise Richards vill ekki að dætur sínar gisti hjá föður sínum.

### Kevin fékk börnin

Britney Spears og Kevin Federline hafa barist fyrir dómstólum um forræði yfir sonum þeirra Sean og Jayden. Britney krafðist upphaflega forræðis yfir þeim en vildi gefa Kevin fullt leyfi til að heimsækja þá. Kevin svaraði daginn eftir með því að krefjast sjálfur fulls forræðis yfir sonunum og lagði fram ýmis rök um að Britney væri óhæf móðir. Í mars síðastliðnum virtust þau hafa náð samkomulagi en eftir óútreiknanlega hegðun Britney fékk Kevin fullt forræði yfir strákunum. Núna má Britney aðeins hitta þá einu sinni í viku undir eftirliti þangað til annað kemur í ljós.



**BRITNEY OG KEVIN** Britney Spears þarf að taka sig saman í andlitinu ef hún vill fá að hitta börnin sín oftar en einu sinni í viku.

### Gefa ekki tommu eftir

Vonandi ná öll ofantöldu kærustupörin fyrrverandi að leysa úr sínum vandræðum áður en enn meiri skaði hlýst af. Hörð dómsmál þar sem hvorug stjarnan vill gefa tommu eftir eru því miður alltof algeng enda geta sprengingarnar orðið háværar þegar tvö stór og bitur egó mætast fyrir rétti.

# Sakaður um nauðgun

Bandaríska alríkislögreglan, FBI, rannsakar nú mál á hendur töframanninum David Copperfield. Kona í Seattle hefur sakað töframanninn um að hafa nauðgað sér á meðan hún dvaldist á Bahamaeyjum, en kærði atvikið ekki fyrr en hún var komin aftur heim til Seattle. Alríkislögreglan kemur inn í málið þar sem atvikið átti sér stað utan Bandaríkjanna.

Síðastliðinn þriðjudag réðst FBI inn í lagerhúsnæði Copperfields í Las Vegas, þar sem hann geymir ýmis gögn og muni sem tengjast starfi hans sem töframaður og sjónhverfingamaður. Í húsnæðinu fundust meðal annars tvær milljónir dollara í seðlum. Þar að auki lagði lögregla hald á tölvu og minniskort úr stafrænni myndavél.

„Þetta tengist rannsókninni í Seattle. En af því að hún stendur enn yfir getum við ekki sagt meira,“ sagði FBI-fulltrúinn Robbie Burroughs í viðtali við bandarísku sjónvarpsstöðina Fox.

Lögmaður Copperfield heldur því fram að konan ljúgi. „Því miður er það þannig að svona staðhæfingar heyra til þeirra ásakana sem allt of oft er beint að frægu fólki,“ segir lögmaðurinn, David Chesnoff. „Við erum sannfærðir um að rannsóknin muni sýna fram á það,“ segir hann.

Á meðan á húsleitinni stóð var Copperfield á sviði í Las Vegas. Næsta sýning hans fer fram í Jakarta í Indónesíu.



**SÆTIR RANNSÓKN FBI** Töframaðurinn David Copperfield hefur verið sakaður um nauðgun og sætir nú rannsókn alríkislögreglunnar.



Með bílinn handa þér
Enn meiri ánægja?
Enn meiri akstursánægja þökk sé BMW EfficientDynamics tækninni
Minni eldsneytisnotkun þökk sé BMW EfficientDynamics tækninni
BMW 1 Series
Nýja BMW 1 línan. Einfaldlega fallegur bíll.
Gengur illa að finna sparneytin bíl með þróttmikla eiginleika? Leitinni er lokið, þökk sé nýju BMW 1 línunni og byltingarkenndu EfficientDynamics tækninni. Þessi nýstárlega nálgun hjá BMW dregur úr eldsneytisnotkun án þess að það komi niður á akstursánægjunni, sem er okkar á milli sagt ótrúleg frammistaða. Ný fjögurra strokka vél, ný lagskipt High Precision innspýting, nýtt rafstýri, nýr BER rafall sem virkjar bremsuaflið og sjálfvirk start-stopp stilling minnkar í samstilltu átaki notkunina um 1 lítra á 100 km. Komdu og upplifðu skemmtun eins og hún gerist best. Komdu í spar-reynsluakstur.
Verð frá kr. 2.650.000
B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is - www.bmw.is
Nýja
BMW 1 línan
www.bmw.is
Sheer
Driving Pleasure

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE HEARTBREAK KID | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE HEARTBREAK KID LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| RESIDENT EVIL 3 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SUPERBAD | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| HÁKARLABEITA 600 KR. | kl. 3.50 | |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 3.45 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 3.45 300 kr. Síð. sýningar | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL 3 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| 4 MONTHS ENSKUR TEXTI | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| EDGE OF HEAVEN ENSKUR TEXTI | kl. 5.40 - 8 | 12 |
| ALEXANDRA ENSKUR TEXTI | kl. 6 | 14 |
| HALLOWEEN | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| SHOOT 'EM UP | kl. 10.20 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SYNDIR FEÐRANNA | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| THE KINGDOM | kl. 5.40 - 8 | 14 |
| HEIMA - SIGURRÓS | kl. 6 - 10.20 | 14 |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE HEARTBREAK KID | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 6 - 8 | 14 |
| THE KINGDOM | kl. 6 - 10 | 16 |

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HEARTBRAKE KID DIGITAL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| HEARTBRAKE KID | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| THE BRAVE ONE | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| STARDUST | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| NO RESERVATIONS | kl. 8 | L |
| CHUCK AND LARRY | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SUPER BAD | kl. 10:30 | 12 |
| BRATZ | kl. 5:30 | L |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 5:30 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE BRAVE ONE | kl. 8 | 16 |
| STARDUST | kl. 8 | 10 |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| IN THE LAND OF WOMEN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| THE KINGDOM | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| THE BRAVE ONE | kl. 8D - 10:20D | 16 |
| STARDUST | kl. 5:30D | 10 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 | L |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE HEARTBREAK KID | kl. 8 - 10:20 | L |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 | L |
| NO RESERVATION | kl. 10 | L |

SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| SUPERBAD | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| STARDUST | kl. 8 | 10 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 10:30 | 16 |

Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE HEARTBREAK KID | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 12 |
| THE KINGDOM | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 16 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 16 |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

# Magnað laugardagskvöld

**Iceland Airwaves-tónlistarhátíðin náði hámarki sínu á laugardagskvöld. Trausti Júlíusson og Steinþór Helgi Arnsteinsson voru á staðnum.**



**FÓR HAMFÖRUM** Últra Mega Teknóbandið Stefán var frábært á Gauknum. Siggi söngvari fór gjörsamlega hamförum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Ég hóf Airwaves-leiðangur laugardagskvöldsins á tónleikum með Borkó í Iðnó. Hann var þarna mættur með fimm manna band skipað kunnuglegum andlitum af krútt-senunni. Flottar lagasmíðar, skemmtilegar hljóðpælingar og spilagleði einkenndi framlag Borkós. Næst var það Jónas Sigurðsson í Listasafninu. Ágætt sett og sérstaklega gaman að því hvernig hann notaði blásarana. Uppreisnarklanið er snilld.

Fyrsti hápunktur kvöldsins kom svo á Gauknum þegar Últra Mega Teknóbandið Stefán tróð þar upp. Siggi söngvari gjörsamlega fór hamförum á sviðinu og utan þess. Bullandi ofvirkur náungi sem sveiflaði sér í loftfestingunum í salnum, stakk sér út í þvöguna, klifraði upp á hljóðmannabúrið og húðskammaði hljóðmennina og reif kjaft. Stöðugt. Allt hefði þetta getað virkað illa ef tónlistin væri ekki svona flott. Hrátt og kraftmikið syntarokk. Ef þeim tekst að halda í pönkið þá getur ekkert stoppað þessa sveit.

Dagskráin á Airwaves hefur almennt haldið mjög vel, en Iðnó á laugardagskvöldið var undantekning. Þar var allt komið á eftir áætlun. Ég sá þrjú fyrstu lögin með Seabear. Fín sveit, en var rétt að komast í gang þegar ég fór yfir á Gaukinn til að sjá hina brasilísku Bonde do Role. Ég hefði kannski betur sleppt því. Þó að Marina sé flott á sviði og það hafi ákveðið skemmtanagildi að taka Final Countdown og Summer Knights úr Grease þá átti ég bara von á svo miklu meira heldur en steingeldu tölvumixi. Gervigítarhljómurinn var mest pirrandi. Það var hins vegar allt annað uppi á teningnum hjá !!! á Nasa. „Við erum búin að starfa í ellefu ár og þegar við komum loks til Íslands fáum við 45 mínútur. Ég vil sjá svitann leka af veggjunum,“ sagði söngvarinn og hann fékk ósk sína uppfyllta. Brjáluð stemning og dansað og hoppað út um allt hús, enda ótrúlega þétt og vel spilandi band sem innihélt m.a. þrjá trommuleikara. Hápunktur Airwaves 2007 fyrir mig.

Á Listasafninu sá ég nokkur lög með Bloc Party sem hljómuðu vel. Svo var það FM Belfast á Gauknum. Mjög flott sett og fullt svið af fólki, m.a. Örvar úr Múm, Borkó og Haukur úr Reykjavík. FM Belfast hefur vaxið gríðarlega síðan ég sá þau í fyrra. Loks var það svo Dr. Spock á Nasa. Sömuleiðis frábærir tónleikar og partístemningin í algleymingi. Í lokalaginu var sjálfur Mugison kynntur á svið. Flottur endir á mögnuðu kvöldi.

**Hápunktar Trausta: !!! og Últra Mega Teknóbandið Stefán.**



**SVITINN LAK AF VEGGJUNUM** Tónleikar !!! á Nasa verða lengi í minnum hafðir. Dansað var úti um allt hús. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Stærsta kvöldið á Airwaves og þvílíkt kvöld. Bertel! hóf leikinn á Gauknum og náði ekki alveg að hrífa mig en átti samt ágæta spretti. Á Nasa sá ég lokalag Bob Justmans sem lofaði virkilega góðu. Flott new-gaze í gangi. Lada Sport var síðan þétt en náði ekki alveg að framkalla hin fína hljóm nýju plötu sinnar. Þá var skokkað yfir á Listasafnið til þess að sjá Hjaltalín sem mér finnst vera sú sveit á Íslandi sem er að gera hvað áhugaverðustu hlutina. Sveitin stóð líka undir nafni og var hreint út sagt frábær. Hjaltalín var líka eina sveitin sem ég sá á Airwaves í ár og naut þess að spila á hinum annars vonda tónleikastað sem Listasafnið er. Að mínu mati var Hjaltalín besta íslenska sveitin á Airwaves í ár. Algjör konfektmoli með yfirgengilegan sjarma.

Á Nasa var troðningurinn mikill enda komið að óskabarni íslenskrar tónlistar, sjálfum Mugison. Pilturinn knái var í miklum rokkgír og sveitin með honum var ógurleg á sviði. Samt set ég spurningarmerki við nýja efnið, það hlýtur samt að síast inn á endanum. Tónleikarnir voru þó spikfeitir. Ég skoppaði því næst á Organ og fékk minn skerf af ómmiklu, tilraunakenndu og hávaðasömu rokki fyrir allan peninginn. Allt í boði Future Future sem er án efa ein forvitnilegasta grúppa landsins.

Enn var tríttlað yfir á Nasa, nú á hina frábæru hljómsveit Ra Ra Riot sem mér fannst vera að gera toppdót. Sveitinni tókst líka að skarta sætasta listamanni Airwaves í ár og einnig þeim nördalegasta. Bilun !!! tók loks við og salurinn á Nasa hefur sjaldan verið eins lifandi. Samt fannst mér pínu tilgerð í gangi. Hoppaði því yfir á Gaukinn þar sem tilgerðin var reyndar svo sannarlega við völd á tónleikum Chromeo. Stuðið fékk hins vegar heldur betur að fylgja með og ég var því sáttur. FM Belfast sá ég þar á eftir, í fjórða skiptið yfir Airwaves helgina. Þrátt fyrir það var ég ekki kominn með nóg af þeim, eiginlega þvert á móti. Sönnuðu líka að alltaf eru það íslensku listamennirnir sem eru bestir á Airwaves. Með í för var líka Borkó, meðal annarra, og hataði drengurinn ekki að misþyrma kúabjöllunni. Ég dansaði hins vegar frá mér allt vit sem mátti alveg þarna. Í raun var það krafan á þessu æðisgengna kvöldi.

**Hápunktar Steinþórs: Hjaltalín og FM Belfast.**

# Alvörugaldur Springsteen

Magic er fjórtánda hljóðversplata Bruce Springsteen með frumsömdu efni og fyrsta platan hans með E-Street bandinu síðan The Rising kom út fyrir fimm árum. Magic er rokkaðasta plata Springsteen í langan tíma, en hún einkennist líka af afturhvarfi til platnanna sem hann gerði á áttunda áratugnum. Það er sitthvað sem minnir á bæði The Wild, The Innocent And The E-Street Shuffle, Born To Run og Born In The U.S.A. á Magic, en hljómurinn og útsetningarnar sem Bruce og upptökustjórinn Brendan O'Brien hafa búið til utan um þessi tólf lög tryggir það að jafnvel þó að það sé stundum nánast vísað beint í gömul Springsteen-lög þá virkar platan samt kraftmikil og fersk.

Píanóleikur Roy Bittan, saxófónleikur Clarence Clemons og orgelleikur Danny Federici eru þarna og minna á tilþrifin á blómaskeiði E-Street bandsins, en hér er hljómurinn þykkari en oftast áður. Búið er að bæta við gíturum, strengjasveit og fleiri hljóðfærum í nokkrum laganna með mjög góðum árangri. Gítar og trommusándið er mjög flott, svolítið loðið og skítugt og greinilegt að Brendan hefur notað reynslu sína af því að taka upp rokksveitir á borð við Pearl Jam, Audioslave og Incubus.

Textarnir sem skipta alltaf miklu máli hjá Springsteen eru sérstaklega vel heppnaðir á Magic. Eins og oft áður eru þetta smásögur með mannlegum undirtóni í bland við pólitískari texta eins og Gypsy Biker, Devil 's Arcade og Last To Die sem fjalla um stríðið í Írak og afleiðingar þess, án þess að nefna það nokkru sinni á nafn.

Á heildina litið er Magic öflug og sannfærandi Springsteen-plata. Hans besta í langan tíma. Alvöru stöff.

**Trausti Júlíusson**




**TÓNLIST**

**Magic**

Bruce Springsteen

★★★★

Magic er kraftmikil og sannfærandi Springsteen plata. Hans besta í langan tíma. Þeir sem vilja helst hafa Springsteen í rokkgír með E-Street bandinu geta tekið gleði sína á ný.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Whitney Houston** kom öllum á óvart á Swarovski Fashion Rocks samkomunni í London á fimmtudag, þegar hún birtist allt í einu á sviðinu í Royal Albert Hall. Fashion Rocks leiðir saman tónlistarmenn og tískusýningar og Houston var mætt til að kynna síðustu tískusýningu kvöldsins. Whitney, sem hefur átt við mikinn eiturlyfjavanda að stríða, hefur látið frekar lítið fyrir sér fara upp á síðkastið. Hún flaug hins vegar sérstaklega frá New York til London nokkru fyrir samkomuna og lét engan sjá sig fyrr en að opnun kom til að koma sem mest á óvart. Á rauða dreglinum sagði söngkonan: „Ég veit að það hefur verið sagt áður, en ég vil segja það aftur – takk fyrir stuðninginn og já, ég mun alltaf elska ykkur,“ og vísaði þar með í eitt frægasta lag sitt.



**Sienna Miller** vill að **Keira Knightley** verði andlit tískulínu hennar og systur hennar, Savannah Miller. Þær Sienna og Keira smullu saman við tökur á myndinni The Edge of Love og urðu góðar vinkonur. Í viðtali við blaðamann við frumsýningu nýjustu myndar sinnar, sagði Sienna, að hún væri ekki farin að hugsa um andlit fyrir línuna en myndi endilega vilja fá Keiru. „Það er reyndar góð hugmynd – ég ætla að fá Keiru,“ bætti hún svo við. Keira er þessa dagana andlit Chanel, og því sagði Sienna það ekki líklegt að hún tæki að sér lítið verkefni á borð við Twenty8Twelve. „Ég get reynt að nöldra í henni. Hún er vinkona mín, svo maður veit aldrei,“ sagði hún glettnislega.



Playboy-kóngurinn **Hugh Hefner** hefur rétt **Britney Spears** hjálparhönd. Hann hefur boðið henni að vera á forsíðu á Playboy-tímaritinu, reyndar með því skilyrði að Britney hafi náð tökum á lífi sínu og lagt vandræðin að baki sér. Hefner segist lengi hafa langað að fá Spears á forsíðuna en hann óttist að nú sé ekki réttur tími til að bjóða henni að fækka fötum. Hefner hefur áhyggjur af ástandinu. „Ég vona að ferill hennar taki við sér, ég vona að einkalíf hennar komist á réttan kjöl. Ef það gerist værum við ánægð að fá hana í blaðið,“ sagði hann.



**Jennifer Lopez** og **Marc Anthony** verjast enn allra frétta af umtalaðri óléttu söngkonunnar. Síðustu fréttir herma að Lopez hafi fallist á að tala um þungunina undir rós í morgunþættinum Good Morning America. Þáttastjórnandinn **Diane Sawyer** ýjaði ítrekað að þunguninni, en söngkonan virtist þá hafa skipt um skoðun og gaf ekkert út á sögusagnirnar. „Hún átti að fjalla um þetta á þann hátt að fólk skildi að hún væri ólétt, en það gerðist ekki,“ segir heimildarmaður. En sögusagnirnar eflast um leið og Lopez gildnar.



# Lifandi list fyrir flatskjái

Sigrún Lýðsdóttir sendi á dögunum frá sér fyrstu afurð fyrirtækis síns, Eyelove. Þar er á ferðinni lifandi list fyrir flatskjái landsmanna. „Fyrsti dvd-diskurinn er að koma út núna. Á honum er myndskraut sem maður setur í dvd-spilarann, og hefur gangandi í sjónvarpinu,“ útskýrði Sigrún. „Þetta er eins og listaverk, sem breytir sjónvarpinu sjálfu í listaverk,“ bætti hún við. Áður hefur verið hægt að kaupa upptöku af arni með lifandi eldi eða fiskabúri til að nota á svipaðan hátt, en með tilkomu Eyelove opnast nýir möguleikar á þessu sviði.

„Þetta er meiri list,“ sagði Sigrún. Á fyrsta disknum eru sex mismunandi verk, öll með íslensku þema. „Það er eitt með mosa og annað með lopapeysu með munstri sem hreyfist, til dæmis,“ útskýrði Sigrún, en öll verkin eru myndskeið á stöðugri hreyfingu. „Svo er hægt að velja hvort maður vill spila öll sex verkin í röð, eða eitt í einu. Þegar myndskeiðunum er lokið hefjast þau aftur frá byrjun,“ útskýrði Sigrún.

Sigrún hefur unnið mikið með myndskeið, og segist hafa gengið með hugmyndina í maganum í lengri tíma. „Ég lærði sviðshönnun í Liverpool og fór að nota mikið af myndbandstækni í hönnun,“ sagði hún. „Svo fór ég út í að gera sjónlist fyrir tónleika og annað og færði mig ennþá meira út í myndbandstæknina,“ sagði Sigrún sem hefur meðal annars unnið með hljómsveitunum Gus Gus og Steed Lord.

„Hugmyndin er sem sagt að fólk geti haft lifandi list í sjónvarpinu hjá sér. Það eru líka svo margir komnir með flotta skjái og margir meira að segja með þá uppi á vegg í stofunni hjá sér. Þá er náttúrulega synd að vera með slökkt á þessum rándýru, flottu tækjum,“ sagði Sigrún og hló við.

Eyelove er í samstarfi við 12 Tóna og tónlist frá listamönnum á mála hjá fyrirtækinu fylgir því með á disknum. Þeirra á meðal eru Ólöf Arnalds, Jóhann Jóhannsson og Apparet Organ Quartet. Dvd-diskurinn er fáanlegur í 12 Tónum. **- sun**



**LIFANDI LIST** Sigrún Lýðsdóttir hefur lengi unnið með sjónlist og myndbandstækni og segir Eyelove því ekki fjarstætt framhald á því. Með á myndinni er Tom Goulden, graffítilistamaður og kærasti Sigrúnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Njóttu dagsins - taktu flugið




Aðeins nokkur skref á Netinu og þú ferð á loft

Það getur ekki verið auðveldara. Þú bókar flugið á flugfelag.is þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.

**Njóttu dagins, taktu flugið og smelltu þér á flugfelag.is**

ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 37733 05/07

## > Tekur Auðunn við KA?

Auðunn Helgason, sem leikið hefur með FH undanfarin ár, er sterklega orðaður við þjálfarastöðuna hjá KA. Í Samtali við Fréttablaðið í gær játaði Auðunn, sem er samningslaus hjá FH, að ákveðnar þreifingar hafi átt sér stað. „Ég get staðfest að stjórnarmenn hjá KA höfðu samband við mig og það er spennandi verkefni framundan þar, en það er allt á byrjunarstigi,“ sagði Auðunn sem er samt alls ekki að fara að leggja skóna á hilluna. „Ég tel að ég eigi enn nokkur ár eftir í boltanum og ætla mér að spila áfram, en ég á ekki von á því að það verði hjá FH eins og staðan er í dag,“ sagði Auðunn.



**sport**
sport@frettabladid.is

GARÐAR ÖRN HINRIKSSON: VAR VALINN BESTI DÓMARINN Í LOKAHÓFI KSÍ ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ

# *Ég er fæddur til þess að vera dómari*

Garðar Örn Hinriksson var valinn besti dómari Landsbankadeildar karla í sumar á lokahófi KSÍ um helgina, en hann var einnig valinn bestur í fyrra. Var þetta í þriðja skipti sem hann fær nafnbótina á tæpum tíu árum sem dómari í efstu deild. En Garðar Örn byrjaði á sínum tíma sem línuvörður og þá kviknaði áhuginn hjá honum á dómgæslunni.

„Ég tók unglingapróf dómara árið 1989 eftir að hafa verið línuvörður nokkrum sinnum. Ég nennti heldur ekki að æfa fótbolta lengur og ef til vill var ég ekkert spes fótboltamaður eins og vill loða við suma dómara,“ sagði Garðar í léttum dúr en benti þó á að dómarastarfið væri orðið ansi veigamikið. „Þegar þú ert farinn að dæma sem landsdómari eins og ég þá er þetta nánast orðið heilsársstarf með tilkomu knattspyrnuhúsanna, sem gera það að verkum að hægt er að spila í deildarbikar snemma árs. Ef þú ert heppinn þá færðu smá frí í desember,“ sagði Garðar án þess þó að vera neitt að kvarta. „Maður er náttúrulega í þessu út af því að manni finnst þetta gaman og ég held



reyndar, hversu asnalega sem það kann að hljóma, að við séum öll fædd í ákveðin hlutverk og ég held að ég sé bara fæddur til að vera dómari,“ sagði Garðar grínlaust og kvaðst vera rétt að byrja í bransanum. „Ég er rétt að hætta að vera unglingur í dómgæslunni og ég telst ekki gamall, 35 ára, og ég ætti að eiga 10-15 ár eftir, en ég hætti eðlilega um leið og ég hætti að hafa gaman af þessu. Ég er samt ekki að sjá það gerast eins og staðan er í dag og þetta gerist ekki mikið betra en það er í dag. Stóra gulrótin í þessu öllu saman er náttúrulega að vera alþjóðadómari og fyrir mig er alla vega mjög spennandi að fá verkefni erlendis, með dómgæslunni heima á Íslandi,“ sagði Garðar kátur en kvaðst þó hafa smá áhyggjur af endurnýjuninni í stétt dómara. „Ég hef því miður ekki orðið var við hana og ég hefði viljað sjá fleiri stráka koma upp, en það vandamál á ekki bara við um fótbolta, heldur líka handbolta og körfubolta. Þetta er vissulega áhyggjuefni, því án dómara fer vitanlega enginn kappleikur fram,“ sagði Garðar að lokum.



**GLÓRULAUSIR** Guus Hiddink, þjálfari Rússa, gerði góðlátlegt grín að enska landsliðinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Guus Hiddink, þjálfari Rússa:

## Englendingar eru hlægilegir

**FÓTBOLTI Guus Hiddink, þjálfari Rússa í fótbolta, hefur greinilega ekki miklar mætur á enska landsliðinu og sagði í viðtali við útvarpsstöðina BBC Radio 5live að liðið þyldi ekki pressu og leikkerfið sem það spilaði eftir væri hlægilegt. „Þegar þú setur pressu á enska landsliðið, þá hörfar það til baka eins og handboltalið. Ég var líka mjög ánægður þegar ég sá uppstillinguna hjá þeim í leiknum á móti okkur þar sem þeir voru með fjóra miðjuvarnarmenn í liðinu og voru því máttlausir í sókninni. En ég veit svo sem ekki hvort Bretar eigi endilega að kenna Steve McClaren, þjálfara Englendinga, um hvernig fór,“ sagði Hiddink. En Rússar unnu mikilvægan sigur, 2-1, á Englendingum í undankeppni EM á dögunum.** - óþ



**ÞJÓÐRÆKINN** José Mourinho getur ekki hugsað sér að taka við öðru landsliði en því portúgalska. NORDICPHOTOS/GETTY

José Mourinho, þjálfari:

## Vill ekki taka við Englandi

**FÓTBOLTI** José Mourinho, fyrrverandi þjálfari Chelsea, hefur sagt að hann sé ekki tilbúinn til að taka við enska landsliðinu. „Ég get ekki séð sjálfan mig þjálfa annað landslið en það portúgalska, því ef ég myndi þjálfa annað landslið og þyrfti svo að mæta því portúgalska myndi það ekki ganga upp í mínum huga. Margir dá mig á Englandi og ég elska enskan fótbolta, en ég held að ég fari ekki aftur þangað í bili. Ég hugsa að Ítalía heilli mig mest í augnablikinu og ég hef mikinn áhuga á að fá að prófa mig gegn þjálfurunum þar,“ sagði Mourinho af sinni alkunnu hógværð. - óþ

# Fimm af níu þjálfurum völdu Margréti Láru besta leikmanninn

**Fréttablaðið bað þjálfara Landsbankadeildar kvenna til þess að velja besta leikmann deildarinnar í sumar. Þrír leikmenn fengu atkvæði sem besti leikmaðurinn og fimm leikmenn fengu atkvæði sem sá efnilegasti. Rakel Hönnudóttir fékk flest atkvæði sem efnilegasti leikmaðurinn alveg eins og á lokahófi KSÍ.**

**FÓTBOLTI** Valskonan Margrét Lára Viðarsdóttir er besti leikmaður Landsbankadeildar kvenna í sumar að mati níu þjálfara deildarinnar en Fréttablaðið fékk þá til þess að gefa sitt atkvæði alveg eins og leikmenn þeirra gerðu í umdeildu vali í tengslum við lokahóf KSÍ sem fram fór á föstudagskvöldið.

Fréttablaðið hafði samband við alla níu þjálfarana í Landsbankadeild kvenna í sumar og bað þá um að velja leikmann deildarinnar að sínu mati burtséð frá því með hvaða liði hann spilar.

Margrét Lára fékk atkvæði hjá fimm þjálfurum eða 56 prósent af þjálfurum deildarinnar. Hólmfríður Magnúsdóttir úr KR, sem var kosin best, fékk 3 atkvæði og félagi hennar í KR, Olga Færseth, fékk síðasta atkvæðið.

Margrét Lára átti frábært tímabil og var lykilmaðurinn á bak við að Valur vann Íslandsmeistaratitilinn annað árið í röð. Margrét Lára bætti ársgamalt markamet sitt um fjögur mörk og skoraði 38 mörk í aðeins 16 leikjum eða 2,4 mörk að meðaltali í leik.

Rakel Hönnudóttir hjá Þór/KA, sem var kosin efnilegust í lokahófinu, er einnig efnilegust að mati þjálfara deildarinnar en fjórir þeirra nefndu hana. Fjórir leikmenn fengu einnig atkvæði þar af fékk Breiðabliksstúlkan Hlín Gunnlaugsdóttir tvö atkvæði.

Það vakti athygli að Margrét Lára Viðarsdóttir fékk hér eitt atkvæði þrátt fyrir að hafa verið markakóngur deildarinnar fjögur ár í röð og búin að skora yfir 20 mörk fyrir íslenska A-landsliðið.

Rakel er vel að útnefningunni komin en hún skoraði 6 mörk í 16 leikjum í sumar og hjálpaði Akureyrarliðinu að halda sæti sínu í deildinni. ooj@frettabladid.is

**BESTI LEIKMAÐUR LANDSBANKADEILDAR KVENNA:**

| | |
|---|---|
| Margrét Lára Viðarsdóttir, Val | 5 atkv. |
| Hólmfríður Magnúsdóttir, KR | 3 |
| Olga Færseth, KR | 1 |

**EFNILEGASTI LEIKMAÐUR LANDSBANKAD. KVENNA:**

| | |
|---|---|
| Rakel Hönnudóttir, Þór/KA | 4 atkvæði |
| Hlín Gunnlaugsdóttir, Breiðabliki | 2 |
| Fanndís Friðriksdóttir, Breiðabliki | 1 |
| Laufey Björnsdóttir, Breiðabliki | 1 |
| Margrét Lára Viðarsdóttir, Val | 1 |




**FRÁBÆRT SUMAR** Margrét Lára Viðarsdóttir varð markakóngur í Landsbankadeild kvenna fjórða árið í röð og Íslandsmeistari annað árið í röð á þessu tímabili og hafði því yfir nóg að fagna í sumarlok. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Síðasti kappaksturinn í Formúlu 1 fór fram í gær og Finninn Kimi Räikkönen hjá Ferrari varð heimsmeistari:

# Räikkönen meistari á dramtískan hátt

**FORMÚLA 1** Finninn Kimi Räikkönen, hjá Ferrari, tryggði sér heimsmeistaratitilinn í Formúlu 1 á Interlagos brautinni í Brasilíu í gær. Lewis Hamilton og Fernando Alonso, báðir hjá McLaren, komu næstir í öðru og þriðja sæti í stigakeppni ökuþóra.

Fyrir keppnina í gær stóð Lewis Hamilton best að vígi með 107 stig í stigakeppninni, en Fernando Alonso kom næstur með 103 stig og Kimi Räikkönen var með 100 stig. Ennfremur byrjaði Hamilton keppnina annar á ráspól á eftir Felipe Massa, Ferrari, en Räikkönen var þriðji og Alonso fjórði.

Spennan var magnþrungin þegar kappaksturinn hófst og þá keyrði Massa strax í veg fyrir Hamilton sem varð til þess að Räikkönen komst fram úr Hamilton og í kjölfarið komst Alonso einnig fram úr Bretanum unga sem virtist brugðið og datt strax niður í sjöunda sæti. Hamilton komst þó upp í sjötta sæti eftir sex hringi, en fimmta sæti hefði nægt honum til þess að verða meistari, en það varð ekki raunin.

Óheppnin dundi á Hamilton og hann hreinlega hrapaði niður sætin þegar hann lenti í smá vélarbilun og var hann um tíma kominn niður í 18. sæti. Þegar þar var komið við sögu var Räikkönen annar og Alonso þriðji og að öllu óbreyttu hefði Alonso þá orðið heimsmeistari.

Það hefði reyndar ekki mikið þurft að gerast til þess að Räikkönen yrði heimsmeistari því honum dugði þá að fara fram úr liðsfélaga sínum Massa, ef Alonso yrði áfram í þriðja sæti og Hamilton yrði í 6. sæti eða neðar.

Þegar Massa tók svo þjónustuhlé komst Räikkönenn einmitt í fyrsta sætið, Massa kom út úr þjónustuhléinu í öðru, Alonso hélt þriðja sætinu, en Hamilton var þá kominn í 8. sætið.

En þetta var dagur Ferrari og Kimi Räikkönen sem gerði sér lítið fyrir og hélt efsta sætinu og varð heimsmeistari í Formúlu 1.

Räikkönen vann stigakeppnina með 110 stig, en þar sem Felipe Massa hélt öðru sætinu í kappakstrinum, þá varð Fernando Alonso að sætta sig við þriðja sætið og 109 stig í stigakeppninni, eins og Lewis Hamilton sem endaði kappaksturinn í 7. sæti. Lewis Hamilton endaði stigakeppnina hins vegar fyrir ofan Alonso, en þeir unnu jafn margar keppnir á tímabilinu, en Hamilton varð oftar í öðru sæti. - óþ

**LOKASTAÐAN Í HEIMSBIKARNUM Í FOMRÚLU EITT:**

| | |
|---|---|
| 1. Kimi Räikkönen, Ferrari | 110 |
| 2. Lewis Hamilton, McLaren | 109 |
| 3. Fernando Alonso, McLaren | 109 |
| 4. Felipe Massa, Ferrari | 94 |
| 5. Nick Heidfeld, BMW | 61 |



**TITILLINN Í HÖFN** Kimi Räikkönen fagnar hér sigri í brasilíska kappakstrinum en með honum tryggði hann sér heimsmeistaratitilinn. NORDICPHOTOS/GETTY

# ENSKI BOLTINN

**ÚRSLITIN Í GÆR:**

West Ham-Sunderland 3-1
1-0 Carlton Cole (9.), 1-1 Kenwyne Jones (52.), 2-1 Sjálfsm. (78.), 3-1 Craig Bellamy (90+2).

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. Arsenal** | **9** | **8** | **1** | **0** | **21-6** | **25** |
| 2. Man. Utd. | 10 | 7 | 2 | 1 | 15-3 | 23 |
| **3. Man. City** | **10** | **7** | **1** | **2** | **15-7** | **22** |
| 4. Liverpool | 9 | 5 | 4 | 0 | 16-5 | 19 |
| **5. Portsm.** | **10** | **5** | **3** | **2** | **19-12** | **18** |
| 6. Blackburn | 9 | 5 | 3 | 1 | 13-8 | 18 |
| **7. Chelsea** | **10** | **5** | **3** | **2** | **10-8** | **18** |
| 8. Newcastle | 8 | 4 | 2 | 2 | 13-10 | 14 |
| **9. Aston Villa** | **9** | **4** | **2** | **3** | **13-12** | **14** |
| 10. West Ham | 9 | 4 | 1 | 4 | 12-9 | 13 |
| **11. Everton** | **10** | **4** | **1** | **5** | **13-13** | **13** |
| 12. Reading | 10 | 3 | 1 | 6 | 12-22 | 10 |
| **13. Fulham** | **10** | **1** | **5** | **4** | **12-16** | **8** |
| 14. Birmingh. | 10 | 2 | 2 | 6 | 8-13 | 8 |
| **15. Wigan** | **10** | **2** | **2** | **6** | **8-14** | **8** |
| 16. Middlesb. | 10 | 2 | 2 | 6 | 10-18 | 8 |
| **17. Sunderl.** | **10** | **2** | **2** | **6** | **11-19** | **8** |
| 18. Tottenham | 9 | 1 | 4 | 4 | 16-18 | 7 |
| **19. Derby** | **10** | **1** | **3** | **6** | **5-22** | **6** |
| 20. Bolton | 10 | 1 | 2 | 7 | 9-16 | 5 |



**FLEST MÖRK** Benjani Mwaruwari hjá Portsmouth. NORDICPHOTOS/GETTY

**MARKAHÆSTU LEIKMENN:**

| | |
|---|---|
| **1. Benjani Mwaruwari (Portsmouth)** | **7** |
| 2. Emmanuel Adebayor (Arsenal) | 6 |
| **3. Nicolas Anelka (Bolton)** | **5** |
| 4. Robin Van Persie (Arsenal) | 5 |
| **5. Gabriel Agbonlahor (Aston Villa)** | **4** |
| 6. Elano (Manchester City) | 4 |
| **7. Cesc Fabregas (Arsenal)** | **4** |
| 8. Robbie Keane (Tottenham) | 4 |
| **9. Roque Santa Cruz (Blackburn)** | **4** |
| 10. Fernando Torres (Liverpool) | 4 |



**FMM STOÐSENDINGAR** Elano hjá Manchester City. NORDICPHOTOS/GETTY

**FLESTAR STOÐSENDINGAR**

| | |
|---|---|
| **1. Cesc Fabregas (Arsenal)** | **6** |
| 2. Elano (Manchester City) | 5 |
| **3. Mikel Arteta (Everton)** | **4** |
| 4. El-Hadji Diouf (Bolton) | 4 |
| **5. Carlton Cole (West Ham)** | **3** |
| 6. Steve Howard (Derby) | 3 |
| **7. Kenwyne Jones (Sunderland)** | **3** |
| 8. Charles N'Zogbia (Newcastle) | 3 |
| **9. Nani (Manchester United)** | **3** |
| 10. Carlos Tevez (Manchester United) | 3 |



**KOMIÐ AÐ 10 MÖRKUM** Casc Fabregas hjá Arsenal. NORDICPHOTOS/GETTY

**AÐILD AÐ FLESTUM MÖRKUM**

| | |
|---|---|
| **1. Cesc Fabregas (Arsenal)** | **10** |
| 2. Elano (Manchester City) | 9 |
| **3. Emmanuel Adebayor (Arsenal)** | **7** |
| 4. Benjani Mwaruwari (Portsmouth) | 7 |
| **5. Nicolas Anelka (Bolton)** | **6** |
| 6. Kenwyne Jones (Sunderland) | 6 |
| **7. Robbie Keane (Tottenham)** | **6** |
| 8. Charles N'Zogbia (Newcastle) | 6 |
| **9. Roque Santa Cruz (Blackburn)** | **6** |
| 10. Dave Kitson (Reading) | 5 |

Íslendingaliðið West Ham vann Sunderland 3-1 í kaflaskiptum leik í ensku úrvalsdeildinni í gærdag:

# West Ham stálheppið gegn Sunderland

**FÓTBOLTI** West Ham vann Sunderland 3-1 í eina leik dagsins í ensku úrvalsdeildinni í gær og komst í 10. sæti með sigrinum en Sunderland er sem stendur í 16. sæti.

West Ham byrjaði leikinn betur og skoraði fyrsta mark leiksins eftir aðeins 9 mínútna leik, þegar framherjinn Carlton Cole skallaði í netið eftir góða fyrirgjöf frá George McCartney af vinstri kantinum. Sunderland spilaði ekki sérstaklega vel í fyrri hálfleik, en liðið kom einbeittara til leiks í byrjun síðari hálfleiks og allt annað var að sjá liðið.

Eftir þunga sókn Sunderland í byrjun síðari hálfleiks jafnaði svo framherjinn Kenwyne Jones leikinn fyrir Sunderland með skalla eftir hornspyrnu.



**GÓÐ INNKOMA** Norberto Solano kom inn á sem varamaður og átti stóran þátt í sjálfsmarki Craigs Gordon, markvarðar Sunderland. NORDICPHOTOS/GETTY

Allt leit út fyrir að Sunderland myndi skora aftur og hirða stigin þrjú, þegar Norberto Solano, leikmaður West Ham, átti skot í stöngina og þaðan fór boltinn í bakið á Craig Gordon markverði Sunderland og í netið. West Ham komst því yfir gegn gangi leiksins.

Til þess að auka á eymd Sunderland, sem yfirspilaði lið West Ham á köflum í síðari hálfleik, skoraði Craig Bellamy svo þriðja mark West Ham í uppbótartíma og þar við sat. Roy Keane, stjóri Sunderland, var gríðarlega ósáttur við úrslitin í viðtali í leikslok.

„Að segja að ég sé pirraður er mjög vægt til orða tekið. En auðvitað má alltaf tala um að þú skapir þér þína eigin lukku og við verðum að hætta að fá á okkur svona ódýr mörk," sagði Keane.

Alan Curbishley, stjóri West Ham, var eðlilega öllu sáttari í leikslok.

„Við vorum heppnir í þetta skipti og ég verð að segja að frammistaða liðs míns í síðari hálfleik olli mér vonbrigðum, en ég er auðvitað ánægður með stigin," sagði Curbishley.

- óþ

8 vikna átak
Jólaátak
Hefst 29. október
Næsta námskeið 7. janúar
Grafika 07
Kvennaátak
Námskeið
kl. 06.05 mán / mið / fös
kl. 10.15 mán / þri / fim
kl. 17.30 mán / mið / fim
Karlaátak
Námskeið
kl. 18.30 mán / þri / fim
kl. 19.30 mán / mið / fim
INNIFALIÐ Í VERÐI:
- Þrír lokaðir, árangursríkir og fjölbreyttir tímar í viku
- Kennsla í höndum fagfólks
- Vigtun, fitu- og ummálsmæling
- Fræðsluefni
- Frjáls mæting í alla opna tíma og tækjasal
- Fylgst með mataræði
13kg farin
Anna Þórðardóttir
14kg farin
Óskar Nikulásson
Hringdu strax og skráðu þig!
Síðast komust færri að en vildu.
Skráning og nánari upplýsingar í síma 565 2212 eða á mottaka@hress.is
Verð kr. 18.990
Verð fyrir korthafa Hress kr. 10.000
Námskeið hefjast 29. og 30. október kl. 06:05 þri / mið / fös og kl. 17:30 mán / mið / fim
ROPE YOGA
Rope Yoga-kort veitir aðgang að öllum öðrum opnum tímum og tækjasal.
Verð kr. 19.990
Verð fyrir korthafa Hress kr. 11.000
HRESS
Dalshrauni 11 220 Hafnarfirði Sími 565 2212 www.hress.is hress@hress.is



**Á SIGURBRAUT** Lottomatica Roma, lið Jóns Arnórs Stefánssonar, er á góðu skriði í ítölsku deildinni í körfubolta. NORDICPHOTOS/GETTY

Ítalski körfuboltinn:

## Sigur hjá Roma

**KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson og félagar í Lottomatica Roma unnu góðan 84-72 sigur á Pierrel Capo d'Orlando í ítalska körfuboltanum í gærkvöldi. Jafnræði var með liðunum í fyrstu tveimur leikhlutunum, en í þriðja leikhluta tók Lottomatica Roma örugga forystu og eftir það var bara spurning um hversu stór sigurinn yrði. Jón Arnór skoraði 9 stig í leiknum, tók eitt frákast og gaf þrjár stoðsendingar á þeim 23 mínútum sem hann spilaði. En Lottomatica Roma er sem stendur í sjöunda sæti deildarinnar með 8 stig eftir sex leiki. - óþ**

Jakob Örn Sigurðarson:

## Fyrsta tapið í framlengingu

**KÖRFUBOLTI** Jakob Örn Sigurðarson og félagar í Univer KSE töpuðu um helgina sínum fyrsta leik í ungversku deildinni.

Univer KSE tapaði 103-98 í framlengdum leik þar sem Jakob skoraði 6 stig, tók 6 fráköst og gaf 5 stoðsendingar á 42 mínútum. Univer KSE hafði unnið tvo fyrstu leiki sína en Jakob hefur skorað 6,7 stig og gefið 4,3 stoðsendingar að meðaltali í fyrstu þremur leikjum sínum í ungversku deildinni. - óój



**FÆR HANN TÆKIFÆRIÐ?** Eiður Smári ferðast með Barcelona til Skotlands. NORDICPHOTOS/GETTY

Meistaradeildin á þriðjudag:

## Eiður í hópnum hjá Barcelona

**FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen er á meðal þeirra leikmanna sem ferðast til Skotlands til þess að spila við Glasgow Rangers í Meistaradeild Evrópu í næstu viku, en þetta kom fram á heimasíðu Barcelona í gær.**

**Barcelona verður án Samuel Eto'o, Deco, Rafael Marquez, Edmilson, Gianluca Zambrotta og Yaya Toure sem eru allir frá vegna meiðsla. Þeir tveir síðast nefndu, Zambrotta og Toure, eru reyndar byrjaðir að æfa að nýju með liðinu, en skortir leikformið.**

**Eiður Smári kom inn á miðjuna sem varamaður í síðasta leik Barcelona í deildinni og kvaðst ánægður með að fá tækifæri á ný.**

**„Mér leið vel inni á vellinum, en ég þarf líka að fá fleiri mínútur til þess að bæta leikformið. Það var gaman að koma inn í liðið á miðjuna og mér finnst í raun það vera mín besta staða á vellinum," sagði Eiður Smári í viðtali við heimasíðu Barcelona. - óþ**



**8 STOÐSENDINGAR** Tryggvi Guðmundsson lagði upp 8 mörk fyrir félaga sína í FH. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**KOM AÐ 17 MÖRKUM** Helgi Sigurðsson skoraði 12 mörk fyrir Val og lagði upp önnur 5 fyrir félaga sína. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tryggvi og Helgi marksæknastir

**Tryggvi Guðmundsson hjá FH og Helgi Sigurðsson úr Val komu að flestum mörkum sinna liða í Landsbankadeild karla í sumar. Tryggvi Guðmundsson gaf flestar stoðsendingar allra leikmanna í deildinni.**

**FÓTBOLTI** FH-ingurinn Tryggvi Guðmundsson stóð uppi skólaus á lokahófi KSÍ en hann er efstur á blaði þegar kemur að því hvaða leikmenn Landsbankadeildar karla komu að flestum mörkum sinna liða í deildinni í sumar. Tryggvi átti líka flestar stoðsendingar af öllum leikmönnum. Fréttablaðið fer í dag yfir helstu tölfræðilista frá Landsbankadeild karla árið 2007.

Helgi Sigurðsson úr Val og Tryggvi Guðmundsson úr FH áttu þátt í flestum mörkum sinna liða í sumar en báðir komu þeir að 17 mörkum. Helgi skoraði 12 sjálfur, átti þrjár stoðsendingar og félagar hans fylgdu tvisvar á eftir skoti hans og skoruðu.

Tryggvi skoraði 8 mörk sjálfur, átti 8 stoðsendingar og fiskaði eitt víti sem gaf mark. Markakóngur deildarinnar, Jónas Grani Garðarsson, kom síðan í þriðja sæti en hann kom að 15 mörkum Fram, skoraði 13 sjálfur og lagði upp önnur tvö.

Fjórir leikmenn Landsbankadeildarinnar náðu að fiska tvö víti í deildinni í sumar. Þetta eru Fylkismaðurinn Páll Einarsson, Framarinn Kristján Hauksson, HK-maðurinn Oliver Jaeger og Víkingurinn Gunnar Kristjánsson.

Það var FH-ingurinn Tryggvi Guðmundsson sem gaf flestar stoðsendingar allra leikmanna í deildinni í sumar en hann átti síðustu sendingu fyrir átta mörk félaga sinna. Þetta er besta ár Tryggva á ferlinum hvað varðar stoðsendingar en hann hafði mest áður gefið 7 stoðsendingar sumarið 1996. Tryggvi hafði samanlagt gefið 8 stoðsendingar fyrstu tvö tímabilin sín í Kaplakrika.

Valsmennirnir Guðmundur Benediktsson og Baldur Aðalsteinsson komu næstir á eftir Tryggva með sjö stoðsendingar en Guðmundur var hins vegar sá leikmaður sem kom að undirbúningi flestra marka á tímabilinu.

Guðmundur átti þátt í undirbúningi 13 marka Valsmanna, gaf eins og áður sagði 7 stoðsendingar en átti auk þess 6 sendingar sem voru ekki síðasta sending en áttu mikinn þátt í undirbúningi markanna. Guðmundur hafði átt flestar stoðsendingar tvö síðustu sumur og hefur nú alls gefið 26 stoðsendingar og átt þátt í undirbúningi 38 marka í 53 leikjum í Valsbúningnum síðustu þrjú sumur.

Gunnleifur Gunnleifsson, markvörður HK og Fjalar Þorgeirsson í marki Fylkis voru efstir yfir tölfræði markvarðanna. Gunnleifur var, eins og áður hefur komið fram, efstur markvarða í einkunnagjöf Fréttablaðsins en hann var einnig sá markvörður sem varði flest skot í leik. Gunnleifur varði 92 skot í leikjunum 18 eða 5,1 að meðaltali í leik. Fjalar var hinsvegar sá aðalmarkvörður sem fékk á sig fæst mörk í leik (18 í 18 leikjum) auk þess að halda oftast hreinu (8) og verja hæsta hlutfall skota sem á hann komu (77,5 prósent). **ooj@frettabladid.is**

### ÞÁTTUR Í FLESTUM MÖRKUM SINNA LIÐA:

| | |
|---|---|
| Tryggvi Guðmundssson, FH<br>(8 mörk skoruð + 9 undirbúin) | 17 |
| Helgi Sigurðsson, Val<br>(12 mörk skoruð + 5 undirbúin) | 17 |
| Jónas Grani Garðarsson, Fram<br>(13 mörk skoruð + 2 undirbúin) | 15 |
| Matthías Guðmundsson, FH<br>(6 mörk skoruð + 6 undirbúin) | 12 |
| Guðmundur Benediktsson, Val<br>(5 mörk skoruð + 7 undirbúin) | 12 |
| Prince Rajcomar, Breiðabliki<br>(6 mörk skoruð + 6 undirbúin) | 12 |
| Vjekoslav Svadumovic, ÍA<br>(7 mörk skoruð + 5 undirbúin) | 12 |
| Sinisa Kekic, Víkingi<br>(8 mörk skoruð + 4 undirbúin) | 12 |
| Baldur Aðalsteinsson, Val<br>(4 mörk skoruð + 7 undirbúin) | 11 |
| Bjarni Guðjónsson, ÍA<br>(7 mörk skoruð + 4 undirbúin) | 11 |
| Arnar Gunnlaugsson, FH<br>(6 mörk skoruð + 3 undirbúin) | 9 |
| Símun Samuelsen, Keflavík<br>(6 mörk skoruð + 3 undirbúin) | 9 |

### STOÐSENDINGAR:

| | |
|---|---|
| Tryggvi Guðmundsson, FH | 8 |
| Baldur Aðalsteinsson, Valur | 7 |
| Guðmundur Benediktsson, Valur | 7 |
| Davíð Þór Viðarsson, FH | 6 |
| Matthías Guðmundsson, FH | 6 |
| Arnór Aðalsteinsson, Breiðabliki | 5 |
| Prince Rajcomar, Breiðabliki | 5 |
| Jóhann Þórhallsson, KR | 4 |
| Bjarni Guðjónsson, ÍA | 4 |
| Björn Bergmann Sigurðsson, ÍA | 4 |
| Guðmundur Sævarsson, FH | 4 |
| Gunnar Kristjánsson, Víkingur | 4 |
| Gunnar Örn Jónsson, Breiðabliki | 4 |
| Hafþór Ægir Vilhjálmsson, Val | 4 |
| Alexander Steen, Fram | 4 |
| Halldór Hilmisson, Fylki | 4 |
| Vjekoslav Svadumovic, ÍA | 4 |
| Jón Vilhelm Ákason, ÍA | 4 |
| Rúnar Kristinsson, KR | 4 |

### OFTAST HALDIÐ HREINU:

| | |
|---|---|
| Fjalar Þorgeirsson, Fylki | 8 leikir |
| Kjartan Sturluson, Val | 5 |
| Daði Lárusson, FH | 4 |
| Casper Jacobsen, Breiðabliki | 4 |
| Gunnleifur Gunnleifsson, HK | 3 |
| Bjarni Þórður Halldórsson, Víkingi | 3 |

### FLEST VARIN SKOT Í LEIK:

**(Lágmark 6 leikir spilaðir)**

| | |
|---|---|
| Gunnleifur Gunnleifsson, HK | 5,11 |
| Stefán Logi Magnússon, KR | 4,64 |
| Ingvar Þór Kale, Víkingi | 4,29 |
| Bjarni Halldórsson, Víkingi | 4,20 |
| Hannes Þór Halldórsson, Fram | 4,00 |
| Páll Gísli Jónsson, ÍA | 4,00 |
| Daði Lárusson, FH | 3,78 |
| Fjalar Þorgeirsson, Fylki | 3,44 |
| Ómar Jóhannsson, Keflavík | 3,25 |
| Casper Jacobsen, Breiðabliki | 3,21 |
| Kjartan Sturluson, Val | 2,50 |

### HLUTFALLSMARKVARSLA:

**(Lágmark 6 leikir spilaðir)**

| | |
|---|---|
| Fjalar Þorgeirsson, Fylki | 77,5% |
| Stefán Logi Magnússon, KR | 76,1% |
| Bjarni Halldórsson, Víkingi | 75,0% |
| Casper Jacobsen, Breiðabliki | 73,8% |
| Páll Gísli Jónsson, ÍA | 72,7% |
| Gunnleifur Gunnleifsson, HK | 72,4% |
| Daði Lárusson, FH | 72,3% |
| Ingvar Þór Kale, Víkingi | 71,4% |

Landslið kvenna í handbolta lauk í gær keppni á æfingamóti í Hollandi með tapi gegn Spáni 29-20:

# Þurfum að fara betur yfir sóknarleikinn

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handbolta lauk á gær keppni á æfingamóti sem fram hefur farið í Hollandi síðustu daga. Ísland tapaði þá 29-20 gegn Spáni í leik um 5. sætið í mótinu, en þetta var annað tapið gegn Spáni á tveimur dögum.

Íslenska liðið byrjaði mótið á því að tapa naumt gegn Hollandi 24-22 eftir að hafa byrjað leikinn afar illa. Ísland tapaði svo gegn Japan í leik sem þróaðist öðruvísi en leikurinn gegn Hollandi. Staðan var jöfn 15-15 í hálfleik, en þær japönsku náðu svo öruggu forskoti í síðari hálfleik og unnu leikinn 31-24. Næst tóku svo við tvö töp gegn sterku liði Spánar, fyrst 30-19 og svo í gær 29-20 í leik um 5. sætið. Íslenska liðið lauk því keppni í mótinu án sigurs en Júlíus Jónasson, þjálfari liðsins, var þó ánægður með margt í leik Íslands í mótinu. „Við vissum að þetta yrði erfitt mót fyrir okkur og að spila fjóra leiki á fjórum dögum gegn mjög sterkum liðum er mikil vinna. Ennfremur vorum við ekki með okkar sterkasta lið, út af meiðslum og fleiru, en á móti kemur þá var þetta frábær reynsla fyrir unga leikmenn liðsins til að læra að spila á sterku móti sem þessu," sagði Júlíus sem var sérstaklega ánægður með varnarleikinn. „Við erum búin að reyna að taka vörnina svolítið í gegn og kenna nýju stelpunum að spila eins og við viljum spila vörn og rétta hugarfarið í þeim efnum. Ég var alla vega mun sáttari með varnarleikinn heldur en sóknarleikinn og við þurfum að fara yfir hann áður en við förum í næstu verkefni," sagði Júlíus.



**NÆSTMARKAHÆST** Framstúlkan Þórey Rósa Stefánsdóttir skoraði 14 mörk í fjórum fyrstu landsleikjunum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Næstu verkefni íslenska kvennalandsliðsins eru leikir í undankeppni EM í nóvember og desember á þessu ári.

Rakel Dögg Bragadóttir úr Stjörnunni skoraði flest mörk fyrir íslenska liðið eða 16 en hún spilað 3 af 4 leikjum. Nýliðinn Þórey Rósa Stefánsdóttir skoraði 14 mörk þær Rut Jónsdóttir og Anna Úrsúla Guðmundsdóttir skoruðu 9 mörk hvor. - óþ




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## > Owen Wilson

Owen kynntist leikstjóranum Wes Anderson í háskóla og saman skrifuðu þeir handritið að myndinni Bottle Rocket, sem þeir urðu frægir fyrir. Síðar gerðu þeir gamanmyndina The Royal Tenenbaums sem vakti mikla lukku. Owen leikur í myndinni The Big Bounce sem sýnd er á Stöð 2 Bíó kl. 18.00.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SVAVAR HÁVARÐSSON SKRIFAR OPIÐ BRÉF TIL HUGRÚNAR

## *Haframjöl er gott í hófi*




Ég hef komist að því á undanförnum árum að það er hægt að búa til góðan mat úr einföldu hráefni. Haframjöl er til dæmis eitthvað sem auðvelt er að nota til að töfra fram góða máltíð. Smá mjólk, kakó og sykur og framreiddur er Lollagrautur. Hann er bestur ef mjólkin er ísköld og aukalag af sykri er sett yfir grautinn rétt áður en hann er borinn fram.

Ég verð þó að viðurkenna að ég vildi hafa aðeins meira vald á því að nota fjölbreyttara hráefni líkt og í öllum þeim góðu matreiðsluþáttum sem eru á dagskrá sjónvarpsstöðvanna. Ég horfi á þá alla en tel óraunhæft að ætla að ég komi nokkurn tímann til með að matreiða það sem þar er töfrað fram. Ég á góða konu, en ég tel jafnframt enn ólíklegra að hún komi til með að tileinka sér þá þekkingu sem þarf til að búa til þennan veislumat. Hún horfir reyndar á þættina með mér en í augum hennar má þó greina botnlaust áhugaleysi á öllu sem þar kemur fram. Hvað varð um þá gömlu góðu tíma að heit máltíð beið karlmanna þegar þeir komu þreyttir heim úr vinnu? Mömmu þótti það ekkert tiltökumál og með bros á vör var alltaf reiddur fram veislumatur á réttum tíma. Hún vaskaði líka alltaf upp og líkaði það vel. Hún vissi hvert hlutverk hennar var.

Nigella, Giada og herra Oliver eru öll meistarar í sínu fagi. Þættir þeirra eru lystaukandi listform, án allrar tengingar við almenning. Jói Fel hefur reynt að brúa bilið en þátturinn hans er ekki það sem vantar í íslenskt sjónvarp.

Það sem sárlega vantar er kokkur alþýðunnar. Konu eins og Nönnu Rögnvalds sem getur kennt ungum konum grunninn í matargerð og síðan leitt þær í áttina til þess að matreiða veisluréttina sem áður var minnst á. Hún kann þetta nefnilega allt en tekur samt slátur, þið skiljið mig? Hún gæti haft eina unga konu með sér í hverjum þætti og býð ég hér með hana Hugrúnu mína fram í fyrstu tólf þættina.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.00 The Big Bounce** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.25 The Simpsons** STÖÐ 2



▶ **20.00 Totally Frank** SIRKUS



▶ **21.15 Glæpahneigð** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00 C.S.I: New York** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Hanna Montana** (3:26)

**18.00 Myndasafnið**

**18.01 Gurra grís** (62:104)

**18.06 Fæturnar á Fanney** (19:26)

**18.17 Halli og risaeðlufatan** (32:52)

**18.30 Út og suður** (6:12)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.20 Matur er mannsins megin** (5:6) Heimildamyndaflokkur frá BBC um þau áhrif sem mismunandi fæðutegundir hafa á fólk í lengd og bráð. Hér er sagt frá því hvernig rétt mataræði gagnast í baráttunni gegn ellihrörnun.

▶**21.15 Glæpahneigð** (24:45) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir frekari illvirki þeirra. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

**22.00 Tíufréttir**

**22.20 Sportið**

**22.45 Slúður** (6:13) Blaðamaður og ljósmyndari sem vinna á þekktu slúðurtímariti eru í stöðugri baráttu við að ná í heitustu fréttirnar úr heimi fræga fólksins. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.35 Spaugstofan**

**00.05 Bráðavaktin** (14:23)

**00.50 Kastljós**

**01.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00 Dogtown and Z-Boys**

**08:00 Celeste in the City**

**10:00 Grace of My Heart**

**12:00 The Big Bounce**

**14:00 Celeste in the City**

**16:00 Grace of My Heart**

▶**18:00 The Big Bounce**

**20:00 Dogtown and Z-Boys** Hressandi heimildamynd sem segir frá hjólabrettamenningunni í Bandaríkjunum. Aðalhlutverk: Jay Adams, Tony Alva, Jeff Ament.

**22:00 Paper Soldiers**

**00:00 Ripley´s Game**

**02:00 Tupac: Resurrection**

**04:00 Paper Soldiers**

## STÖÐ 2

**08.10 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 The Bold and the Beautiful**

**09.30 Wings of Love** (46:120)

**10.15 Wife Swap** (9:12) (e)

**11.00 Freddie** (5:22)

**11.25 Ástarfleyið** (2:11)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 Sisters 4** (9:22)

**13.55 Stripes** (e)

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** (e)

**17.30 The Bold and the Beautiful**

**17.55 Nágrannar**

**18.20 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

▶**19.25 The Simpsons** (3:22) (e)

**19.50 Friends** (12:24)

**20.15 Wife Swap** (2:10)

**21.00 Side Order of Life** (2:13) Side Order of Life er nýr, rómantískur og glettilega fyndinn framhaldsþáttur sem sló í gegn í Bandaríkjunum í sumar. 2007.

**21.45 Saving Grace** (7:13) Spennandi þáttaröð með Óskarsverðlaunaleikkonunni Holly Hunter í aðalhlutverki. Grace Hanadarko er lögreglukona sem er á góðri leið með að eyðileggja líf sitt þegar engill birtist henni og heitir að koma henni aftur á rétta braut. 2007. Bönnuð börnum.

**22.30 Weeds** (7:12) Önnur þáttaröðin um húsmóðurina Nancy sem er einn öflugasti eiturlyfjasalinn í úthverfum Los Angeles borgar. Eftir skyndilegt fráfall eiginmanns hennar lendir Nancy í miklum fjárhagsörðugleikum.

**22.55 Weeds** (8:12)

**23.25 Ready When You Are Mr. McGill** Bráðfyndin bresk gamanmynd með Bill Nighty úr Love Actually í aðalhlutverki. Hér segir frá aukaleikara sem fær tækifæri ferils síns en tekst að klúðra því allsvakalega. Aðalhlutverk: Bill Nighy, Tom Courtenay, Amanda Holden. 2003.

**01.00 Most Haunted**

**01.45 NCIS** (8:24)

**02.25 Stripes** (e)

**04.10 Touch of Frost - Near Death Exprience**

**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

**06.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Spænski boltinn** (Spænski boltinn 07/08) Útsending frá leik í spænska boltanum.

**17.10 Spænski boltinn** (Spænski boltinn 07/08) Útsending frá leik í spænska boltanum.

**18.50 NFL** (Bandaríski fóboltinn)

**20.50 David Beckham - Soccer USA** (13:13) Glænýir þættir þar sem fylgst er með David Beckham í nýjum heimkynnum hans í englaborginni í Bandaríkjunum. Áhorfendur fá innsýn í bandaríska knattspyrnu og kynnast nýjum samherjum Beckhams.

**21.20 Þýski handboltinn** Öll helstu tilþrifin úr þýska handboltanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.

**22.00 Spænsku mörkin 2007-2008** Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Einnig eru rakin umdeildustu atvikin, brottrekstrarnir og bestu marktækifærin.

**22.45 World Series of Poker 2007** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.

**23.40 Spænski boltinn**

## SÝN 2

**07.00 West Ham - Sunderland**

**13.25 Coca-Cola Championship**

**15.05 Blackburn - Reading**

**16.45 English Premier League 2007/08** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

**17.45 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**18.50 Newcastle - Tottenham**

**21.00 English Premier League 2007/08** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

**22.00 Coca Cola-mörkin 2007-2008** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola-deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

**22.30 Newcastle - Tottenham**

## SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**16.45 Vörutorg**

**17.45 Allt í drasli** (e)

**18.15 Dr. Phil**

**19.00 30 Rock** (e)

**19.30 Giada´s Everyday Italian** (e)

**20.00 Friday Night Lights** (10:22) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið lagt á unglingana. Klappstýrurnar eru að undirbúa sig fyrir stórt mót en Lyla er ekki lengur vinsælasta stelpan í skólanum.

**21.00 The Company** (5:6) Kraftmikil þáttaröð með Chris O´Donnell, Michael Keaton og Alfred Molina í aðalhlutverkum. Það er uppljóstrari meðal CIA-manna og allt er gert til að finna hann.

▶**22.00 C.S.I: New York** (8:24) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Atvinnumaður í litbolta er skotinn til bana í vöruskemmu og svo virðist sem einhver hafi tekið leikinn of alvarlega.

**23.00 Venni Páer** Íslensk gamansería þar sem ýmsir kostulegir karakterar koma við sögu. Venni Páer er einkaþjálfari sem hefur það takmark að koma hinni einu sönnu og réttu leið varðandi heilsurækt til skila.

**23.25 Silvía Nótt** Skærasta stjarna Íslendinga, Silvía Nótt, er orðin alþjóðleg súperstjarna eftir að hafa slegið í gegn í Eurovision. Silvía Nótt er mætt aftur á SkjáEinn með nýjan raunveruleikaþátt, The Silvía Night Show, þar sem áhorfendur fá að fylgjast með lífi þessarar stórstjörnu í gegnum súrt og sætt.

**23.50 Californication** (e)

**00.25 Masters of Horror** (e)

**01.15 C.S.I.**

**02.00 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Loksins raunhæfur valkostur í stað nagladekkja fyrir fólksbíla og jeppa

TOYO
VERÐLAUNA-MYNSTRIÐ
Stærri snertiflötur - aukið öryggi




TOYO
Harðskeljadekk
Frábær ending - Minna svifryk - Mjög hljóðlát

30 daga eða 800 km skilaréttur
Svo sannfærðir erum við um kosti TOYO harðskeljadekkjanna að við bjóðum 800 km eða 30 daga skilarétt ef þið eruð ekki fullkomlega sátt. Andvirðið gengur þá að fullu til kaupa á öðrum hefðbundnum vetrar- eða nagladekkum hjá okkur, við umfelgum fyrir þig hratt og örugglega.



561 4110
NESDEKK
Fiskislóð 30

TOYO TIRES
Umhverfisvænn valkostur í stað nagladekkja

Bílabúð Benna

Vagnhöfða 23 • 112 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 8.00 - 18.00.
Laugardaga 11.00 - 14.00.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.00

### Side Order of Life

Side Order of Life er nýr, rómantískur og fyndinn framhaldsþáttur sem sló í gegn í Bandaríkjunum í sumar. Þættinum hefur verið líkt við Grey's Anatomy og Ally McBeal og fjallar um Jenny sem er á þrítugsaldri. Hún vaknar upp við vondan draum um að hafa aldrei látið verða af því að lifa lífinu til fulls. En þegar besta vinkona hennar veikist ákveður hún loksins að hefja nýtt líf.



### ▶ MATUR ER MANNSINS MEGIN: MATUR OG ÆSKUÞOKKI

**Sjónvarpið kl. 20.20**

Heimildarmyndaflokkur frá BBC um þau áhrif sem mismunandi fæðutegundir hafa á fólk í lengd og bráð. Hér er sagt frá því hvernig rétt mataræði gagnast í baráttunni gegn ellihrörnun. Skerpa bláber hugsunina? Verja tómatar húðina fyrir sólarljósi og halda fólki unglegu? Bætir spínat sjónina á efri árum?



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Stúlkan í skóginum
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stjörnukíkir
**21.20** Kvika
**22.15** Afsprengi
**23.10** Upp og ofan
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.20 Fréttir**
**19.10 Hollyoaks** (40:260)
**19.30 Hollyoaks** (41:260)
▶**20.00 Totally Frank** Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. Leiðin á toppinn er ströng og stelpurnar þurfa að standa saman ef þær eiga að standast freistingarnar sem bíða þeirra. 2005.
**20.25 Most Shocking** Hörkuspennandi raunveruleiki sem á engan sinn líkan. Hér er fylgst með lögreglunni á hennar mestu hættustundum og það er eins gott að halda sér fast. 2006.
**21.15 Smallville** (15:22) Sjötta þáttaröðin um Ofurmennið á unglingsárunum. Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Hann er prúðmenni og fús til að rétta öðrum hjálparhönd. Clark er samt ekki gallalaus og á það stundum til að vera dálítið klaufskur. Leyfð öllum aldurshópum.
**22.00 Monk** (14:16) Fyrrverandi rannsóknarlögreglubjónninn Adrian Monk snýr aftur í fimmta sinn og er enn að reyna að komast að hjá lögreglunni. Það gengur illa þar sem þráhyggjan og fælnin stjórnar honum og það kann ekki góðri lukku að stýra hjá lögreglumanni. 2006.
**22.45 Næturvaktin** (6:12) Ný, íslensk þáttaröð með Jóni Gnarr og Pétri Jóhanni Sigfússyni í aðalhlutverkum. Þættirnir gerast á næturvaktinni á ónefndri bensínstöð í borginni þar sem standa vaktina þrír gerólíkir náungar sem seint munu eiga skap saman. 2007.
**23.15 Damages** (3:13) Patty efast um málsókn sem hún stendur í þegar hún fær dularfullt hótunarbréf. Getur verið að líf hennar sé í hættu? 2007. Bönnuð börnum.
**00.05 The Tudors** (9:10)
**00.55 Jake 2.0** (14:16) (e)
**01.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**11.00** As Time Goes By **11.30** Some Mothers Do Ave Em **12.00** Antiques Roadshow **13.00** Jonathan Creek **14.00** Houses Behaving Badly **14.30** Homes Under the Hammer **15.30** Garden Challenge **16.00** As Time Goes By **16.30** Some Mothers Do Ave Em **17.00** Worrall Thompson **17.30** Worrall Thompson **18.00** Silent Witness **19.00** Murder Prevention **20.00** The Office **20.30** Absolute Power **21.00** Silent Witness **22.00** 2 POINT 4 CHILDREN **22.30** Murder Prevention **23.30** As Time Goes By **0.00** Some Mothers Do Ave Em **0.30** EastEnders **1.00** Silent Witness

## DR 1

**12.00** TV Avisen **12.10** 21 Søndag **12.50** Debatten **13.45** OBS **13.50** DR1 Dokumentaren - Jeg nægter at dø **14.50** Nyheder på tegnsprog **15.00** TV Avisen med Vejret **15.10** Dawson's Creek **16.00** Hjerteflimmer **16.30** Barracuda **16.30** Bernard **16.35** Tintin **17.20** F for Får **17.30** Fjernsyn for dig **17.30** Thomas og hans venner **17.40** Postmand Per **18.00** Aftenshowet **18.30** TV Avisen med Sport **19.00** Aftenshowet med Vejret **19.30** Harry - med far i køkkenet **20.00** Ganges - livets flod **21.00** TV Avisen **21.25** Horisont **21.50** SportNyt

## NRK 1

**12.15** Mor, mor og barn **12.45** Grosvold **13.25** Åpen himmel: Gudstjeneste fra Åsane kirke i Bergen **13.55** Jan i naturen: Orkanen **14.10** Med hjartet på rette staden **15.00** Fabrikken **15.30** Totalt genialt! **16.00** Gatefotball **16.25** Viva Pinata **16.40** Kid Paddle **17.00** NRK nyheter **17.10** Oddasat - Nyheter på samisk **17.25** Tid for tegn: Fritz Moen - den rotløse **17.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **17.55** Nyheter på tegnspråk **18.00** Barne-tv **18.00** Små Einsteins **18.25** Gjengen på taket **18.40** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen **19.30** Puls **19.50** Folkereportere i felten **19.55** Faktor: Storbystallen **20.25** Redaksjon EN

## SVT 1

**11.45** Medborgarens ABC **12.00** Rapport **12.05** Agenda **13.00** Sportspegeln **14.10** Matiné: Hon kom som en vind **15.30** Andra Avenyn **16.00** Rapport **16.10** Gomorron Sverige **17.00** Ramp **17.30** Krokomax **18.00** Bolibompa: Nicke Nyfiken **18.25** Ebb och Flo **18.30** Allt om djur **18.55** Dr Dogg **19.00** Bobster: Lilla sportspegeln **19.30** Rapport **20.00** Andra Avenyn **20.30** Gynekologen i Askim **21.30** Kobra **22.00** Varför demokrati: I Gandhis fotspår




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta mest bara á Presley og þessa karla frá þeim tíma. Bara fallega tónlist, sixtís eins og þeir segja. Mér finnst Garðar Thor Cortes líka frábær. Þegar ég hlusta á útvarpið er það helst Rás 2 eða Bylgjan.“*

Birgir Hólm Björgvinsson sjómaður.



**LÁRÉTT**
**2.** brennt vín 6. 999 8. neitun 9. nytsemi 11. tveir eins 12. rabb 14. vín 16. tveir eins 17. frostskemmd 18. umfram 20. hef leyfi 21. murra.

**LÓÐRÉTT**
**1.** samskonar 3. öfug röð 4. jafnframt 5. sigti 7. hreinsun 10. viður 13. struns 15. skál 16. efni 19. íþróttafélag.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. romm, 6. im, 8. nei, 9. not, 11. öð, 12. skraf, 14. sérri, 16. tt, 17. kal, 18. auk, 20. má, 21. urra.
**LÓÐRÉTT:** 1. eins, 3. on, 4. meðfram, 5. mið, 7. mokstur, 10. tré, 13. ark, 15. ílát, 16. tau, 19. kr.







# Brynhildur verður apinn á öxlinni

Nýr spjallþáttur Þorsteins Guðmundssonar, Svalbarði, fer sem kunnugt er í loftið á Skjá einum í mars næstkomandi en þessa dagana eru Þorsteinn og hans menn að leita að efnilegum gamanleikurum. „Við auglýstum eftir fólki til þess að leika í þáttunum og fengum þrusuviðbrögð,“ segir Þorsteinn. „Það komu hátt í hundrað manns í prufur til okkar þar sem við tókum viðkomandi upp á myndband. Við ætlum að fara yfir þetta í rólegheitunum og sjá hvort þarna leynast ekki gríðarlegir hæfileikar. Prufurnar eru enn í gangi og ég veit ekki annað en að áhugasamir geti enn skráð sig. Þetta er náttúrulega sniðugt ef fólk vill reyna sig í gamanleik.“



**LEITAR AÐ GAMANLEIKURUM** Þorsteinn Guðmundsson verður með spjallþáttinn Svalbarða á SkjáEinum. Nú leitar hann að gamanleikurum fyrir þáttinn og hefur fengið hátt í hundrað manns í prufur.

Hljómsveitin Flís verður með Þorsteini í þáttunum. „Þeir eru allir miklir húmoristar, strákarnir í Flís, og koma til með að láta ljós sitt skína í þættinum. Ef allt gengur upp gengur Brynhildur Guðjónsdóttir líka til liðs við okkur til þess að það verði ekki of mikil táfýla, það verður að hafa eina sæta stelpu líka.“ Þorsteinn segir að Brynhildur verði þó ekki beint meðstjórnandi. „Hún verður ekki í gestgjafahlutverkinu en tekur virkan þátt. Það má kannski segja að ég sé með spilakassann en að hún sé apinn á öxlinni.“ **- sók**



**MEÐ Í SVALBARÐA** Brynhildur Guðjónsdóttir verður með Þorsteini í spjallþættinum Svalbarða. „Það má kannski segja að ég sé með spilakassann en að hún sé apinn á öxlinni.“

BJÖRN JÖRUNDUR: FAGNAR 20 ÁRA AFMÆLI NÝ DANSKRAR

# Popparinn orðinn skrifstofumaður í leðurlíkisskóm

„Við erum loksins orðin 20 ára gömul hljómsveit. Ég er búinn að bíða eftir þessu í tuttugu ár,“ segir Björn Jörundur Friðbjörnsson, meðlimur hljómsveitarinnar Ný danskrar, sem fagnar afmæli sínu um þessar mundir með útgáfu allra platna sveitarinnar, mynddisks, safnplötu með tveimur nýjum lögum og tónleikahaldi. „Ég er nýorðinn 37 ára og það eru því bara 17 ár sem ég hef ekki verið í sveitinni. Það endar með því að maður hefur bara lifað brotabrot af ævinni án hennar.“

Björn Jörundur segir að Ný dönsk sé komin til að vera. „Ég hef aldrei skilið af hverju hljómsveitir hætta. Maður hættir ekki með hljómsveitina sína frekar en maður hættir að vera foreldri barnanna sinna.“ Hann segir að Ný dönsk hafi í tvo áratugi þurft að lifa með „versta hljómsveitarnafni sögunnar“. „Þetta nafn var bara aulahúmor hjá 17 ára gömlum menntaskólastrákum. Það var sett út skilti í bókabúðinni í Lækjargötu í hverri viku sem á stóð „Ný dönsk“. Þar var vísað í dönsk tímarit eins og Bo bedre. Djókið var að við myndum þarna fá ókeypis auglýsingu í hverri viku.“

Eins og fram hefur komið verður Björn Jörundur í dómnefnd ásamt Vilhelm Antoni Jónssyni í Bandinu hans Bubba. „Ég kem ekkert að því strax en þetta verkefni leggst vel í mig. Þetta er skemmtilegt lið. Ég held að ég reyni að vera jarðtengingin með þessa tvo ójarðtengdu menn nálægt mér, Villa og Bubba. Ég verð rödd skynseminnar,“ segir hann og hlær.

Björn starfar frá degi til dags á auglýsingastofunni Pipar. „Ég starfa sem skrifstofumaður frá kl. 9-17 þótt vinnudagurinn sé alltaf lengri en það. Ég er búinn að fá mér inniskó úr Europris eins og pabbi; svona leðurlíkis-skrifstofumannainniskó. Ég er svo grobbinn af þessu að ég ætla að breyta starfsheitinu í símaskránni úr tónlistarmaður í skrifstofumaður. Þetta er mitt fyrsta starf á reglulegum vinnutíma. Það tekur sem sagt aktífan karlmann með eðlilega innkirtlastarfsemi um 36 ár að fullorðnast.“ **- sók**



**FULLORÐINN Á AUGLÝSINGASTOFU** Björn Jörundur Friðbjörnsson vinnur á auglýsingastofu frá kl. 9-17 og segist búinn að fullorðnast. Hann hefur verið í Ný danskri í tuttugu ár eða meirihluta ævi sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Vinsældakosning vefsins Alt om Köbenhavn stendur nú sem hæst, en þrír Íslendingar eru tilnefndir í kosningunni. Veitingastaður **Friðriks Weisshappel**, The Laundromat Café, var tilnefndur fyrir besta dögurðinn en þær **Dóra Takefusa** og **Dóra Dúna Sighvatsdóttir** fyrir menningarlegt framtak, eða opnun barsins Jolene. Friðrik hefur nú hlotið 32 prósent atkvæða og hefur gott forskot á næsta keppanda.



Þær Dóra Dúna og Dóra Takefusa eru hins vegar í fjórða sæti af sjö keppendum. Enn er þó mánuður eftir af kosningatímabilinu.

Bloggheimum veittist í síðustu viku liðsinni í formi bloggsíðu **Sverris Stormskers**, tónlistarmanns og rithöfundar. Tvær færslur eru nú komnar á síðuna, annars vegar lítið ljóð um borgarstjórnarfárið, en hin um réttindi samkynhneigðra. Sverrir hefur ekki verið þekktur fyrir að liggja á skoðunum sínum hingað til, og því eflaust margir sem bæta glaðir bloggsíðu hans inn í morgunrúntinn um netheima.



Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves hefur svo um munar sett mark sitt á höfuðborgina síðastliðna daga. Ein nafntogaðasta og vinsælasta hljómsveit landsins, **Sigur Rós**, tók þó ekki þátt í gleðinni. Skemmtanaþyrstir Íslendingar í Kaupmannahöfn urðu hissa þegar **Jónsi**, forsprakki sveitarinnar, birtist á börum borgarinnar á föstudag. Hann hafði þó ekki flúið gleðina heima við upp á eigin spýtur. Liðsmenn Sigur Rósar tróðu upp á Vega sama kvöld, eftir að hafa leyft Dönum að kíkja á heimildarmyndina Heima.



# Fyrri hálfleikur stenst væntingar

„Þetta hefur gengið ótrúlega vel og staðist allar mínar væntingar,“ segir Bubbi Morthens sem nú er hálfnaður í leit sinni að meðlimi í Bandinu hans Bubba. Bubbi, með fríðu föruneyti, hefur komið við í Bolungarvík og á Akureyri en í næstu viku er stefnan sett á Neskaupstað. Áheyrnarprufunum lýkur svo í Reykjavík laugardaginn 3. nóvember. Bubbi segir að það hafi komið sér á óvart hversu mikið af afburðafólki leynist víða á landinu og hversu mikið sé til af fólki sem virkilega getur sungið en það hafi líka komið honum í opna skjöldu hversu erfitt fólki þykir að syngja á móðurmálinu. „Þeim finnst þau ekki hljóma rétt á íslensku og það þykir mér leiðinlegt að heyra,“ segir Bubbi.

Heimsóknir Bubba til grunlausra einstaklinga úti í bæ hafa fengið mestu athyglina en Bubbi lýsti því yfir að hann hygðist sækja það hæfileikafólk sem léti ekki sjá sig í prufunum. „Fólk hefur verið á barmi taugaáfalls þegar við komum,“ útskýrir Bubbi og hefur augljóslega ótrúlega gaman af þessu. „Við fórum í sundlaugina á Akureyri og hittum þar söngvara frá Dalvík, alveg ótrúlega kraftmikinn, sem fékk að spila á gítarinn minn,“ segir Bubbi en til gamans má geta að sá er sérsmíðaður fyrir tónlistarmanninn og kyrfilega merktur. „Og það fær ekki hver sem er að snerta hann,“ segir Bubbi. Þættirnir verða síðan teknir til sýningar eftir áramót á Stöð 2 og þá kemur í ljós hver hreppir þrjár milljónirnar og útgáfusamning. **- fgg**



**SÆKIR FÓLK Í VINNU, SKÓLA EÐA HEIM** Bubbi leyfir fólki ekki að komast upp með það að skrópa og sækir það frekar í heimahús eða skóla og leyfir því að láta ljós sitt skína.

# Erum við hrædd við jafnrétti?

**Jafnréttisráðstefna miðvikudaginn 24. október kl. 14:00 í ráðstefnusal Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs á Keflavíkurflugvelli. Sent út um fjarfundabúnað til fræðslumiðstöðva um allt land.**



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Keilir, í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar, atvinnuþróunarfélög og tengslanet kvenna á landsbyggðinni, stendur fyrir ráðstefnu um stöðu jafnréttismála þann 24. október 2007.

**Dagskrá ráðstefnunnar**

**14:00 - 14:15** Opnunarávarp - Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra.
**14:15 - 14:45** Kona á Kárahnjúkum - Yrsa Sigurðardóttir, verkfræðingur og rithöfundur.
**14:45 - 15:15** Kynbundinn launamunur: Hvað má gera og hvað má EKKI gera!
- Þorlákur Karlsson, forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík.
**15:15 - 15:45** Það er staður í helvíti fyrir konur sem hjálpa ekki hver annarri
- Lotta Snickare, stjórnendaráðgjafi og annar höfundur samnefndrar bókar.
**15:45 - 16:15** Játning karlrembunnar - Lars Einar Engström, athafnamaður, ráðgjafi og höfundur samnefndrar bókar.
**16:15 - 16:30** Hjallastefna fyrir fullorðna - Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar.

Kaffi

**16:50 - 17:00** Samantekt.
**17:00 - 17:30** Pallborð - Árelía Eydís Guðmundsdóttir, lektor við Háskóla Íslands, stýrir umræðum. Í pallborði sitja Margrét Pála Ólafsdóttir, Runólfur Ágústsson, framkvæmdastjóri Keilis, Stefán Guðmundsson hjá félagi ábyrgra feðra, Yrsa Sigurðardóttir og Þorlákur Karlsson.

Dúett, Sonnetta og myndlist. Sigurður Ingólfsson og Ólöf Björk Bragadóttir.
Léttar veitingar og kynningar í anddyri.

Fundarstjóri verður Tinna Gunnlaugsdóttir, Þjóðleikhússtjóri.

**Markmið**

Markmið ráðstefnunnar er að ræða stöðu jafnréttismála og leiðir til að auka jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Sérstaklega verður farið ofan í hvernig uppeldi og menningarlegt umhverfi hefur áhrif á viðhorf og sjálfsmynd kynjanna. Rætt verður hvernig bæði kynin geta unnið með gildishlaðin viðhorf kynslóðanna til kynjahlutverka, viðhorf sem birtast í öllu okkar umhverfi frá fæðingu, í sjónvarpi, tímaritum, kennslu-stofum, heimilum o.s.frv.

**Útsendingar**

Ráðstefnan verður send út um fjarfundabúnað til:Þekkingarnets Austurlands Egilsstöðum, Nýheima á Höfn, Verkmenntaskóla Austurlands á Norðfirði, Visku Vestmannaeyjum, Farskóla N-VEST Sauðakróki, Símeyjar Akureyri, Þekkingarseturs Þingeyinga Húsavík, Fræðslunet Suðurlands á Selfossi í Iðu og í Grunnskóla Mýrdalshrepps í Vík.

KADECO TAK

**Merki**

**Keilir**
Atlantic Center of Excellence

ICELANDAIR Landsbankinn Byggðastofnun REYKJANESBÆR Háskólavellir ehf.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



Apótekið lægra verð





**BAKÞANKAR**
Þráins Bertelssonar


## *Hinn „þögli“ meirihluti*

Íslenska þjóðin skiptist í tvennt; minnihluta og þöglan meirihluta. Í þögla meirihlutanum sem rúmlega 60 prósent þjóðarinnar tilheyra eru kommúnistar, laumukommúnistar, kratadindlar, græningjar, eyðingaröfl, hommar, mussukerlingar, femmur og trukkalessur – auk framsóknarhyskis sem skiptist í jarðálfa í framsóknarfjósum og samviskulausa mafíósa sem lifa eins og rottur í holræsakerfi sérhagsmuna.

**ÞESSI** sundraði hópur er á móti frelsi og berst fyrir jafnrétti með því að koma í veg fyrir að dugmiklir einstaklingar fái að njóta sín. Öfund er svo mikil að stjórnmálaflokkar innan meirihlutans geta ekki starfað saman af ótta við að samstarfsaðilar njóti góðs af samstarfinu.

**ÖFUGT** við hinn sundurlynda meirihluta er minnihlutinn algjörlega ópólitískur og stendur saman um einn Foringja, einn Flokk og eitt vandað Minningargreinablað sem er í eigu góðra kapítalista en ekki óuppdreginna götustráka. Til að efla framfarir hefur minnihlutinn einkavætt mestalla þá sameign sem meirihlutinn hafði nurlað saman enda er það eðli fjármagns að vera því máttugra sem það er í færri höndum. Þorskur hefur margfaldast í verði síðan hann slapp úr sameignarbúrinu, og sama mun gerast með orkuna í iðrum jarðar.

**ÞESSI** samstæði minnihluti trúir á frelsi og framfarir, áfengi í matvöruverslunum, álver, útrásir, kaupréttarsamninga, greiningardeild lögreglunnar, ættingja og vini í Hæstarétti og umfram allt trúir hann á Flokkinn sinn sem telur 50 þúsund flokksfélaga. Kjörorð Flokksins er: Enginn maður er svo merkilegur að Flokkurinn sé ekki miklu merkilegri!

**TIL GAMANS** er forseti lýðveldisins ævinlega valinn úr meirihlutanum. Síðan er flogið með hann í einkaþotu þar til hann fattar hjá hverjum hann vinnur í raun og veru. Sömuleiðis eru máttlitlir meirihlutaflokkar stundum ráðnir í aðstoðarstarf hjá minnihlutanum, því að þegar eitthvað klúðrast er gott að geta rekið aðstoðarmennina. Á Íslandi hefur minnihlutinn ráðið svo lengi sem elstu menn muna og sagt meirihlutanum að halda kjafti. Því kalli er meirihlutinn samtaka um að hlýða og er þess vegna kallaður „hinn þögli“ meirihluti.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 22. október, 295. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.38 | 13.12 | 17.45 |
| Akureyri | 8.29 | 12.57 | 17.23 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





# BESTU KAUPIN PUNKTUR!

Leitirðu að nýjum pallbíl er ISUZU D-MAX ein hagstæðustu kaup sem völ er á í dag. Hann er með nýja aflmikla 3.0 lítra dísilvél og 3000 kg dráttargetu, aksturstölvu, þokuljós, ABS-hemlakerfi, hraðastilli (Cruise Control), halogenljós, geislaspilara, 6 hátalara, loftkælingu og margt fleira. Kynntu þér málið!

| ISUZU D-MAX | |
|---|---|
| Verð frá | 2.690.000 kr. |



*Hús á palli er ekki innifalið í verði

## 35” BREYTTUR Á FRÁBÆRU VERÐI!

**ISUZU D-MAX** er einnig fáanlegur með framúrskarandi 35” breytingum frá Arctic Trucks. **Verð frá 3.440.000 kr.***



## SKJÓT OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

Komdu með gamla bílinn, við tökum vel á móti þér og metum hann strax. Við gerum þér gott tilboð upp í þann nýja, þú ekur heim og þarft ekki að hafa áhyggjur af málinu meir! Skjót og örugg þjónusta í þægilegu umhverfi.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, sími 525 8000, www.ih.is / Opið: Mán frá kl. 10 - 18 og þri til fös frá kl. 9 - 18.

IH INGVAR HELGASON

ENNEMM / SÍA / NM30324